

Ársskýrsla Giljaskóla



2009 - 2010



INNGANGUR	1
GILJASKÓLI Í TÖLUM	1
FJÖLDI NEMENDA OG BEKKJARSTÆRÐIR	1
STARFSMENN	2
HÚSNÆÐI OG HÚSBÚNAÐUR	3
REKSTUR OG FJÁRMÁL	3
ÁHERSLUR Í SKÓLASTARFI	4
UPPBYGGINGARSTEFNAN - UPELDI TIL ÁBYRGÐAR	4
SKÓLABYRJUN 1. BEKKJAR	5
ENSKA Í YNGSTU BEKKJUM.....	6
BYRJENDALÆSI	6
ORÐ AF ORÐI.....	7
JAFNINGJARÁÐGJÖF	7
KYNJASKIPTING Í ÍPRÓTTUM	8
SÍMENNTUN – ENDURMENNTUN	8
STARFSMANNASÁTTMÁLI	9
FÉLAGSLÍF STARFSMANNA	9
FORELDRASTARF	10
SKÓLARÁÐ	10
FORELDRAFÉLAG.....	10
FORELDRASAMSTARF – TENGLIÐUR	11
STARF BEKKJARFULLTRÚA	11
SAMSTARF VIÐ SKÓLA OG STOFNANIR	11
KYNNINGAFUNDIR SKÓLADEILDAR Á GRUNNSKÓLUM AKUREYRAR	11
SAMSTARF VIÐ LEIKSKÓLA.....	11
SAMSTARF VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI	12
SAMSTARF VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS.....	12
SAMSTARF VIÐ TÓNLISTARSKÓLANN	13
SAMSTARF VIÐ SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT NORÐURLANDS.....	13
ALMENNT UM SKÓLANN	14
STJÓRNUNARSKIPULAG – STÝRIMANNAKERFI	14
SÉRKENNSLA – SÉRKENNSLUTEYMI	14
MÖTUNEYTI.....	15
ÍPRÓTTIR, SUND OG SKÓLAAKSTUR	16



AÐGERÐATEYMI – EINELTI OG ÁFÖLL	16
NEMENDAVERNDARRÁÐ	16
NÁMSRÁÐGJÖF	17
VALGREINAR 2009-2010	19
<i>Fjöldi í nemenda Giljaskóla í valgreinahópum</i>	20
<i>Niðurstöður könnunar meðal foreldra um valgreinar</i>	20
NEMENDARÁÐ	20
HEIMASÍÐA, MENTOR OG SKRÁIN	21
BÓKASAFN	21
UMHVERFISMÁL	22
VIÐBURÐIR	23
<i>Heimsókn Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands</i>	23
<i>Heimsókn Stórhljómsveitar Tónlistarskólans</i>	23
<i>Rithöfundar sækja skólann heim</i>	23
<i>Kærkomin fræðsla um geðvernd</i>	24
<i>Handboltamenn í Giljaskóla</i>	24
<i>Uppbyggingardagur og vinabekkir</i>	24
<i>Hjálparstarf</i>	24
<i>Þema</i>	25
<i>Dagur íslenskrar tungu</i>	25
1. DES	25
LITLU JÓL	25
ÁRSHÁTÍÐ OG STUTTMYNDADAGAR	26
STÓRA UPPLÉSTRARKEPPNIN -2010	26
SKÓLAHREYSTI	26
LEITIN AÐ GRENN DARGRALINU - ÞRÓUNARVERKEFNI Í SAMFÉLAGSFRÆÐIKENNSLU Á UNGLINGASTIGI	27
FERÐALÖG	28
MAT Á SKÓLASTARFI	29
HELSTU NIÐURSTÖÐUR KANNANA OG VIÐTALA	29
<i>Læsispróf</i>	29
<i>Nemendakönnun í 4. – 10. bekk</i>	30
<i>Könnun meðal kennara í grunnskólum Akureyrar vorið 2010</i>	31
<i>Vorkönnun kennara í Giljaskóla vorið 2010</i>	31



<i>Starfsmannasamtöl</i>	32
NÁMSÁRANGUR OG SAMRÆMD PRÓF.....	33
ÚRVINNSLA SAMRÆMDRA PRÓFA	35
VIÐURKENNINGAR	38
FRÍSTUND (SKÓLAVISTUN)	39
FÉLAGSMIÐSTÖÐIN DIMMUBORGIR.....	39
HEILSUGÆSLA Í GILJASKÓLA.....	40
ÁRGANGAR	42
1. BEKKUR	42
2. BEKKUR	43
3. BEKKUR	44
4. BEKKUR	46
5. BEKKUR	48
6. BEKKUR	49
7. BEKKUR	51
8. BEKKUR	52
9. BEKKUR	53
10. BEKKUR	56
<i>Skólaferðalag og útskrift</i>	58
SÉRDEILD.....	58
FAGGREINAR.....	60
HEIMILISFRÆÐI 1. - 8. BEKKUR OG VAL	60
SMÍÐAR 3. - 8. BEKKUR.....	61
MYNDMENNT	62
TEXTÍLMENNT 5. – 8 . BEKKUR	62
TÓNMENNT	63
ÍÞRÓTTIR	64
SUND.....	65
VIÐAUKI	66
UMBÓTAÁÆTLUN GILJASKÓLA 2009 – 2010	66
SJÁLFSMAT GILJASKÓLA 2009 - 2010.....	69



Inngangur

Ársskýrsla Giljaskóla þjónar tvennum tilgangi. Annars vegar að miðla þekkingu um skólastarfið og kynna umbætur og þróun í skólastarfinu. Hins vegar að vera hluti af formlegu sjálfsmati skólans og þróunaráætlunum. Í grunnskólalögum, nr. 91/2008, 35. gr., er kveðið á um mat og eftirlit með gæðum starfs í grunnskólum. Þar segir meðal annars að mat og eftirlit skuli „veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda.“ Ársskýrslan er þannig liður í þróun og vexti skólastarfsins, tengist markmiðum skólans og áætlunum, þar á meðal sjálfsmats- og þróunaráætlunum.

Að gerð skýrslunnar hafa komið skólastjórnendur, skólasafnskennari og deildarstjórar en umsjónarkennarar skrifuðu kafla um sína árganga og sérgreinakennarar um sitt starf. Skýrsluna prýða ljósmyndir úr skólastarfinu sem gefa góða innsýn í fjölbreytni viðfangsefna sem nemendur fást við.

Þrátt fyrir einhverjar takmarkanir þjónar ársskýrslan tilgangi sínum og er það von okkar að með henni sé stuðlað að markvissari upplýsingagjöf og enn betra skólastarfi.

Ýmsar frekari upplýsingar um starf Giljaskóla má finna á heimasíðu skólans: www.giljaskoli.is

Giljaskóli í tölum

Fjöldi nemenda og bekkjarstærðir

Bekkur	Drengir	Stúlkur	Alls	Umsjónarkennari
1. EE	8	11	19	Eydís Einarsdóttir
1. TB	13	11	24	Thelma Baldursdóttir
2. SLR	6	16	22	Steinunn Línbjörg Ragnarsd.
2. UV	10	9	19	Unnur Valgeirsdóttir
3. AKA	5	13	18	Anna Kristín Arnarsdóttir
3. VD	7	15	22	Valgerður Daníelsdóttir
4. GEH/LS	11	6	17	Guðm. E. Hák./Lovísa Sveinsd.
4. KMP	8	12	20	Katrín M. Þorbjörnsdóttir
5. KS	10	12	22	Kristrún Sigurgeirsdóttir
5. RK	9	11	20	Ragna Kristjánsdóttir
6. GS	11	9	20	Gróa Svanbergisdóttir
6. MBG	7	13	20	Margrét B. Gunnarsdóttir
7. BK	12	5	17	Bergdís Kristmundsdóttir
7. IDS	12	7	19	Inga Dís Sigurðardóttir
8. EEP	9	8	17	Elva Eir Þórólfsdóttir
8. SA	12	9	21	Sigfús Aðalsteinsson
9. AMS	10	10	20	Anna María Sigurðardóttir
9. SKB	8	11	19	Steinunn Kristín Bjarnadóttir
10. BKÓ	7	11	18	Brynjar Karl Óttarsson
10. KJ	6	8	14	Kolbrún Jónsdóttir
Sérdeild	2	3	5	Agla, Arna, Hrefna, Hulda, Ragga, Guðrún L.
Samtals:	183	210	393	



Starfsmenn

Agla Egilson	Proskapjálfi	agla@akmennt.is
Alda Björk Sigurðardóttir	Kennari	aldab@akmennt.is
Anna Kristín Arnarsdóttir	Kennari	annakris@akmennt.is
Anna María Sigurðardóttir	Kennari	annamsig@akmennt.is
Arna Tryggvadóttir	Proskapjálfi	arnat@akmennt.is
Astrid Hafsteinsdóttir	Kennari	astrid@akmennt.is
Ásta Magnúsdóttir	Kennari	astamagn@akmennt.is
Bergdís Kristmundsdóttir	Kennari	bergdis@akmennt.is
Birna Soffía Baldursdóttir	Stuðningsfulltrúi	birna@akmennt.is
Björk Sigríður Garðarsdóttir	Frístund / mötuneyti	fossagil2@hotmail.com
Bryndís Indiana Stefánsdóttir	Kennari	inda@akmennt.is
Bryndís Kondrup	Kennari	kondrup@akmennt.is
Brynhildur Pétursdóttir	Stuðningsfulltrúi	johannp@internet.is
Brynjar Karl Óttarsson	Kennari	brynjar@akmennt.is
Bylgja Árnadóttir	Ritari	bylgja@akmennt.is
Drifa Þorgrímsdóttir	Hjúkrunarfræðingur	drifath@akmennt.is
Dusanka Kotaras	Matráður	dusankak@simnet.is
Einvarður Jóhannsson	Kennari	einvarður@akmennt.is
Elva Eir Þórólfsdóttir	Kennari	elvaeir@akmennt.is
Erla Sigurveig Ingólfssdóttir	Námsráðgjafi	erla@akmennt.is
Eydís Einarsdóttir	Kennari	eydise@akmennt.is
Eyrún Hermannsdóttir	Skólaliði	giljaskolalidar@akmennt.is
Gígja Björk Valsdóttir	Skólaliði	giljaskolalidar@akmennt.is
Gróa Svanbergssdóttir	Kennari	gloa@akmennt.is
Guðmundur Elías Hákonarson	Kennari	gummihakonar@simnet.is
Guðmundur Skarphéðinsson	Húsvörður	gudskarp@akmennt.is
Guðný Tryggvadóttir	Stuðningsfulltrúi	gudnytryggva@gmail.com
Guðrún Linda Guðmundsdóttir	Frístund / sérdeild	gudrunlinda@akmennt.is
Helga Jónasdóttir	leiðbeinandi, afleys.	helgaj@akmennt.is
Hrefna Jóhannesdóttir	Leikskólakennari	hrefnaj@akmennt.is
Hulda Davíðsdóttir	Proskapjálfi	huldad@akmennt.is
Inga Dís Sigurðardóttir	Kennari	ingadis@akmennt.is
Ingunn Vigdís Sigmarsdóttir	Kennari	ingunnv@akmennt.is
Ingvar Engilbertsson	Kennari	engilb@akmennt.is
Íris Ósk Tryggvadóttir	Stuðningsfulltrúi	irisosk@akmennt.is
Jón Baldvin Hannesson	Skólastjóri	jonbaldvin@akureyri.is
Katrín M. Þorbjörnsdóttir	Kennari	katrin@akmennt.is
Kolbrún Jónsdóttir	Kennari	kolbrunj@akmennt.is
Kristín Alfreðsdóttir	Leiðbeinandi	stinaa@akmennt.is
Kristín Gunnbjörnsdóttir	Stuðningsfulltrúi	krigun@akmennt.is
Kristrún Sigurgeirsdóttir	Kennari	krissig@akmennt.is
Laufey Hreiðarsdóttir	Kennari	laufeyh@akmennt.is
Lára Halldóra Eiríksdóttir	Kennari	laradora@akmennt.is
Lovísa Sveinsdóttir	Kennari	lov@akmennt.is
Margrét B. Gunnarsdóttir	Kennari	mbg@akmennt.is
Margrét Baldvinsdóttir	Stuðningsfulltrúi	mb@akmennt.is
Margrét Harpa Þorsteinsdóttir	Skólaliði	giljaskolalidar@akmennt.is
Margrét M. Steingrimsdóttir	Leiðbeinandi	maggams@akmennt.is



Margrét Sigurðardóttir	Stuðningsfulltrúi	maddy@akmennt.is
Matthea Sigurðardóttir	Kennari	matthea@akmennt.is
Ragna Kristjánsdóttir	Kennari	rak@akmennt.is
Ragnheiður Júlíusdóttir	Proskapjálfi	raggajul@akmennt.is
Regína Sveinbjörnsdóttir	Mötuneyti	articcat@simnet.is
Sigfús Aðalsteinsson	Kennari	sigfus@akmennt.is
Sigrún Brynjólfsson	Skólaliði	giljaskolalidar@akmennt.is
Sigrún Eydís Jónsdóttir	Skólaliði	sigruneydis@akmennt.is
Sigurbjörg Einarsson	Frístund	bugga56@hotmail.com
Soffía Valdimarsdóttir	Skólaliði	giljaskolalidar@akmennt.is
Sólveig S. Ingvadóttir	Kennari	soling@akmennt.is
Steinunn Kristín Bjarnadóttir	Kennari	skb@akmennt.is
Steinunn Línbjörg Ragnarsdóttir	Kennari	steina@akmennt.is
Svanur Zophoníasson	Tölvuumsjónarmaður	svanurz@akmennt.is
Sylvía Dögg Tómasdóttir	Skólaliði	sylvi@akmennt.is
Thelma Baldursdóttir	Kennari	thelmab@akmennt.is
Unnur Valgeirsdóttir	Kennari	unnur@akmennt.is
Vala Björk Stefánsdóttir	Deildarstjóri	vala@akmennt.is
Valgerður Daníelsdóttir	Kennari	valla@akmennt.is
Þorgerður Fossdal	Frístund	lillafoss@visir.is
Þorgerður J. Guðlaugsdóttir	Aðstoðarskólalastjóri	thg@akmennt.is
Þórey Einarsson	Kennari	thoreina@internet.is
Þórunn Bergsdóttir	Námsráðgjafi	thbergs@akmennt.is
Þórunn Sigurðardóttir	Stuðningsfulltrúi	totasig63@hotmail.com
Þuríður Helga Þorsteinsdóttir	Kennari	thurid@akmennt.is

Húsnæði og húsbúnaður

Giljaskóli stendur við Kiðagil og þjónar aðallega íbúðabyggingu í Giljahverfi. Skólinn hóf starfsemi sína í húsnæði leikskólans Kiðagils en hönnun skólans hófst 1996. Fanneý Hauksdóttir er arkitekt skólans og hafði það að markmiði að hanna heildstæða, reisulega en þó fjölbreytta og hlýlega byggingu þar sem form, útlit og notagildi hæfðu því hlutverki sem hún átti að gegna. Skólinn telst fullbyggður að undanskildu íþróttahúsi sem verið er að ljúka byggingu á. Heildarrými skólans er um 4400 m². Skólinn er byggður upp af kennsluálmum á þremur hæðum, tveggja hæða álmum sem hýsir sérgreinastofur, sal, bókasafn og stjórnunarrými. Salurinn er tengdur innigarði sem eykur nýtingarmöguleika hans og myndar notalegt umhverfi. Síðasti áfanginn við skólabygginguna, sem meðal annars hýsir íþróttahús og þjálfunarrými fyrir sérdeild, er enn í byggingu og hefur framkvæmdum seinkað frá því sem upphaflega var stefnt að. Fullskipaður getur skólinn hýst um 450 - 500 nemendur. Rík áhersla er lögð á gott aðgengi fyrir fatlaða um allan skólann og er lyfta í kennsluálmunni. Íþróttir voru kenndar í íþróttahúsi Síðuskóla (1. - 7. bekkur) og íþróttahúsi Glerárskóla (8. - 10. bekkur). Sundkennsla fer ýmist fram í sundlaug Akureyrar (eldri deildir) og sundlaug Glerárskóla (yngri deildir). Sérdeildarnemendur fá kennslu og sundþjálfun tvisvar í viku að Kristnesi. Ferlibíll SVA sér um akstur fyrir sérdeild en Sérleyfisbílar Akureyrar sjá um akstur fyrir aðra nemendur. Kennarar frá Tónlistarskólanum kenna nokkrum nemendum á hljóðfæri í skólanum.

Rekstur og fjármál

Síðustu misseri hefur þrengt mjög að í rekstri sveitarfélaga sem og annarra opinberra aðila vegna „fjármálakreppunnar“ svo nefndu. Á árinu 2009 tókst með miklum aðhaldsaðgerðum að halda rekstri



Giljaskóla innan marka fjárhagsáætlunar. Til þess þurfti samstillt átak allra starfsmanna og er þeim þakkað sitt framlag við að ná fram fjárhagsmarkmiðum sem að var stefnt. Á árinu 2010 hefur síhækkandi verðlag gert enn erfiðara fyrir en vonandi náum við að halda sjó.

Fjármagn til forfallakennslu hefur verið skorið mjög niður sem og fjármagn til að leysa önnur forföll. Tólf starfsmenn hafa verið veikir á síðasta ári samfelld í heilan mánuð eða meira, sumir mun lengur. Þegar afleysingar eru af mjög skornum skammti leiðir af sjálfu sér að álag á aðra starfsmenn eykst. Aðdáunarvert er hve starfsmenn hafa almennt tekið þessu vel og gert sitt besta til að leysa málin. Það er ekki sjálfgefið og verður seint fullþakkað.

Áherslur í skólastarfi

Sýn Giljaskóla

Metnaður – Víðsýni – Ábyrgð – Virðing – Lífsgleði – Kærleikur

Einkunnarorð: Gerum okkar besta.

Sýn Giljaskóla tekur mið af því hvað kemur einstaklingi best að tileinka sér til að ná góðum árangri í lífinu. Metnaður, víðsýni og ábyrgð eru undirstaða góðs námsárangurs en virðing, lífsgleði og kærleikur höfða til félags- og tilfinningaþroska sem er nauðsynlegur fyrir farsæl samskipti í leik og starfi. Þessi sex lífsgildi eru notuð við ýmis tækifæri og unnið út frá þeim í daglegu starfi. Merki skólans hefur verið útfært á fána, veggspjöld og bréfsefni til að nemendur, starfsmenn og gestir hafi þau fyrir augum. Lífsgildin eiga að sjást í vinnubrögðum og viðmóti starfsmanna, viðfangsefnum nemenda, vinnubrögðum og hegðun nemenda innan sem utan skólans og samskiptum milli nemenda, kennara og foreldra.

Slagorð skólans: „Gerum okkar besta” endurspeglar þá afstöðu að við viljum læra og breytast, gera mistök að sjálfsögðu, en ætíð með viðmiðið um að gera betur en áður. Ekki að gera betur en aðrir, heldur betur en við höfum sjálf gert hingað til.

Uppbyggingarstefnan - uppeldi til ábyrgðar

Samræður kennara og nemenda sem ekki snúast beinlínis um nám og kennslu beinast í flestum tilvikum að félagslegum og persónulegum þáttum. Sú orðræða skiptir miklu máli fyrir skólabrag og hefur jafnframt áhrif á þroska nemenda og sjálfsmynd. Skilningur á grundvallarþörfum einstaklinga, ábyrgð á eigin tilfinningum og hegðun, framkoma sem dregur úr ótta og ásökunum, leit að lausnum en ekki blóraböggjum, þekking á möguleikum sínum og takmörkunum, allt eru þetta atriði sem ráða úrslitum um velgengni og vellíðan hvers og eins. eru einhverjar leiðir betri og skilvirkari en aðrar til að styrkja þessa þætti? Samræður þurfa að stuðla að sívaxandi ábyrgð og skilningi einstaklinga eftir því sem þeir eldast. Við getum unnið markvisst að því að efla sjálfstjórn nemenda þannig að þegar þeir verða sjálfráða ungmenni hafi þeir byggt upp innri kompás sem þeir byggja ákvarðanir sínar og framkomu á og þurfi litla ytri stýringu. Unnið hefur verið markvisst samkvæmt Uppbyggingarstefnu í Giljaskóla frá haustinu 2006.

Uppeldi til ábyrgðar - Uppbyggingarstefna (Restitution) í skólastarfi er hugmyndakerfi þar sem lögð er áhersla á sjálfskoðun, uppbyggileg samskipti, kennslu sjálfsaga og sjálfstjórn í samskiptum.





Uppbyggingarstefnan miðar að því að finna leiðir til lausnar á ágreiningsmálum, að við stjórnnumst af innri hvötum frekar en ytri, að skoða hvernig við viljum vera, frekar en hvað við erum að gera. Hún skapar aðstæður fyrir einstaklinginn til að geta leiðrétt og bætt fyrir mistök sín, gera betur og snúa síðan aftur til hópsins með aukið sjálfstraust. Nemendum er kennt að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum. Miðað er að því að finna þörfina bak við það sem við erum að gera. Markmiðið er að lifa við öryggi.

Kennari og nemendur ákveða í sameiningu hvaða lífsgildi þeir vilja hafa að leiðarljósi í bekknum og einbeita sér síðan að því að finna út hvernig þeir geta haft grundvallaratriði gildanna í heiðri. Nemendur og kennari koma sér saman um hlutverk beggja. Þegar kennari getur fækkað afskiptum af nemendum fá þeir aukið frelsi og verða viljugri til að hlusta og taka eftir þegar mikið liggur við varðandi nám og samskipti. Uppbyggingarstefnan á samhljóm í markmiðum Aðalnámskrár í lífsleikni og er okkar leið til að nálgast sýn Giljaskóla.

Starfsfólk hefur í vetur nýtt margvíslegar leiðir Uppbyggingar og má segja að sumar aðferðir séu búnar að róta sig vel þótt öryggi sé meira með aðrar. Flestir eða allir bekkir hafa gert bekkjarsáttmála/samskiptasáttmála og einnig skilgreint hlutverk kennara og nemenda. Bekkjarfundir eru orðnir fastir liðir hjá ýmsum og tungumál Uppbyggingar æ tamara starfsmönnum enda hanga uppi ýmsar áminningar um það, auk þess sem það birtist reglulega á upplýsingaskjánum. Vinabekkjadagur með uppbyggingarþema var haldinn í annað sinn og tókst vel.

Betur má þó ef duga skal. Stýrihópur hafði hægt um sig á skólaárinu og í vorkönnun kennara er kallað eftir meiri umræðu, fleiri kynningum og markvissari áætlunum. Verður því settur meiri kraftur og tími í Uppbyggingarstarfið næsta skólaár enda starfsmenn almennt mjög ánægðir með það. Í ágúst verður tveggja daga námskeið með Joel Shimoji, kanadískum leiðbeinanda, sem hefur komið nokkrum sinnum til landsins með námskeið sem hefur líkað mjög vel við. Munu allir kennarar Giljaskóla sitja námskeiðið, meira að segja þeir sem voru í fyrra á sams konar námskeiði hjá Joel, sem sýnir auðvitað hversu skemmtilegur og góður fyrirlesari hann er.

Skólabyrjun 1. bekkjar

Verðandi nemendum 1. bekkjar og foreldrum þeirra var boðið í heimsókn í skólann eftir miðjan maí. Þar var foreldrum kynnt skólastarfið. Stjórnendur, verðandi umsjónarkennarar, forstöðumaður Frístundar, námsráðgjafi og hjúkrunarfræðingur skólans ræddu við foreldra. Foreldrar fengu bæking frá skólanum með ýmsum gagnlegum upplýsingum er varða skólann og skólastarfið. Verðandi kennarar 1. bekkjar voru einnig til viðtals. Fulltrúi frá foreldrafélaginu kynnti einnig starf foreldrafélagsins og störf bekkjarfulltrúa og gaf öllum nemendum verðandi 1. bekkjar áprentaðan bol merktan: „Ég er í 1. bekk Giljaskóla“. Á meðan foreldrar funduðu með stjórnendum og kennurum fylgdu nemendur í 5. bekk nýnemum um skólann og kynntu þeim aðstæður. Bekkirnir eru verðandi vinabekkir. Búið var að útbúa nafnspjöld fyrir hvern og einn nýnema. Heimsókninni lauk með samverustund í Frístund þar sem nýnemarnir unnu verkefni með aðstoð vinabekkjara.

Foreldrar og nemendur voru boðaðir í viðtal til umsjónarkennara og hjúkrunarfræðings í ágúst á skólasetningardeg og daginn eftir. Fyrstu tveir skóladagarnir (skóladagar 3 og 4 á skóladagatali) voru frá kl. 9.00 til 12.00, foreldrar mátu sjálfir hversu lengi þeir fylgdu barni sínu þessa fyrstu daga.

Ef um er að ræða nemanda með skilgreinda fötlun er bekkjarfélögum gerð grein fyrir fötluninni í samráði við foreldra barnsins.



Fyrsti fræðslufundur hjá foreldrum barna í fyrsta bekk var í október. Ingibjörg Auðunsdóttir, hjá HA, fjallaði þar um samvinnu heimila og skóla og umsjónarkennarar kynntu m.a. fyrirkomulag við lestrarnámið sem var kynning á Byrjendalæsi.

Telma Baldursdóttir stýrimaður í yngrideild fór í heimsóknir í flesta leikskólana í vor og ræddi við leikskólakennara. Skólinn fær einnig námsmat frá leikskólunum varðandi stöðu og getu nemenda sem eru að koma til okkar. Einnig hafa aðstoðaskólastjóri og deildarstjóri sérkennslu setið fundi með skóladeild og sérkennsluráðgjöfum varðandi nemendur með miklar sérþarfir.

Enska í yngstu bekkjum

Allir árgangar skólans fá enskukennslu. Frá haustinu 2005 hefur verið kennd enska í 1. bekk sem hefur síðan haldið áfram í 2. og 3. bekk. Þessi kennsla er undanfari eiginlegrar enskukennslu sem hefst í 4. bekk (frá hausti 2008) og verður þróuð áfram á næstu árum.

Samkvæmt aðalnámskrá er markmið með tungumálakennslu í 1.- 3. bekk að skapa aðstæður þar sem nemendur geta notað málið á einfaldan hátt. Bent er á að nemendur á þessum aldri hafi takmarkað úthald og því talið æskilegt að kennslan fari fram í stuttan tíma í senn, en þá oftar.

Kennslan byggir mest á leikjum, söngvum og hreyfingum með þeim auk þess sem nemendur vinna með orð. Lögð er áhersla á að nemendur læri fyrst söngva á íslensku til að ná tengingu við orðin í enska textanum, þegar það er mögulegt. Eins þurfa hreyfingar að endurspeglar innihald texta.

Kennarar útbúa veggspjöld í 1. bekk með orðum til að nota við innlögn. Spjöldin eru síðan hengd upp á vegg þar sem þau nýtast nemendum sjónrænt og til upprifjunar. Spjöldin eru svo áfram uppi á vegg í 2. og 3. bekk og bætt við efni eftir viðfangsefnum og þörfum. Kennari styðst við orðin/myndirnar á veggspjöldunum, bæði sem innlögn á viðfangsefni eða til að fylgja vinnu eftir. Samstæðuspil eru notuð til að læra ný orð og orðmyndir. Mikið er um endurtekningar til að auðvelda skilning.

Byrjendalæsi

Í vetur var Giljaskóli þátttakandi í Byrjendalæsisverkefninu sem Háskólinn á Akureyri stendur fyrir í samvinnu við grunnskólana á Akureyri og aðra skóla á landinu. Kennarar 1. og 2. bekkjar tóku þátt í starfinu undir handleiðslu Jennýjar Gunnbjörnsdóttur sérfræðings við H.A. Mikil ánægja var með vinnuna og á næsta ári munu nýjir kennarar bætast við. Höfundur Byrjendalæsis er Rósa Eggertsdóttir ásamt samstarfsaðilum bæði við H.A. og kennurum ýmissa skóla. Byrjendalæsi er samvirk kennsluaðferð ætluð til



lestrarkennslu barna í 1. og 2. bekk. Í samvirkum lestrarkennsluaðferðu eru hljóðaaðferðir og málheildarnám felld saman. Byrjendalæsi byggir á að mikilvægt sé að kennsluaðferðir feli í sér samþætta nálgun sem nái til allra þátta móðurmálsins. Þannig er vinna með tal, hlustun, lestur og ritun felld í eina heild. Ennfremur eru sértækir þættir móðurmálsins, svo sem hljóðvitund, réttiritun, skrift, orðaforði, setningabygging og málfræði tengd saman í náminu. Þetta þýðir að hljóðvitund, stafsetning, forskrift svo eitthvað sé nefnt er ekki kennt eitt og sér og í litlum eða engum tengslum við aðra móðurmálkennslu.





Meginmarkmið Byrjendalæsis er að börn nái góðum árangri í lestri sem allra fyrst á skólagöngu sinni. Þegar börn hefja nám í 1. bekk eru þau misjafnlega á vegi stödd varðandi lestur. Sum þekkja því einhverja stafi, önnur farin að lesa og svo er hópur sem þarf að læra alla stafina og hvernig á að vinna með þá. Byrjendalæsi gerir ráð fyrir því að hægt sé að kenna börnum, sem hafa ólíka færni í lestri, hlið við hlið og því er lögð áhersla á hópvinnu um leið og einstaklingsþörfum er mætt (Rósa Eggertsdóttir, 2006:6 í skýrslum um Byrjendalæsi).

Orð af orði

Orð af orði er verkefni unnið í samvinnu við skólaþróunarsvið Háskólans á Akureyri og hefur Guðmundur Engilbertsson stýrt verkefninu af hálfu Háskólans. Markmið verkefnisins er að nemendur efli orðaforða sinn og hæfni til að ráða í merkingu orða, nýti orðasafnið sitt á fjölbreyttan hátt og efli þannig skilning sinn. Með verkefninu er stefnt að því að nemendur styrki lesfærni, lesskilning og rétttritun og þjálfist í endurbirtingu eða -byggingu orða, t.d. í ritun á greinandi og skapandi hátt. Markmiðið er að orðaforðinn sé nægur til að skilja og tileinka sér talað og ritað mál. Ef nemendur þekkja ekki flest orð texta á prenti, verður lesskilningur til að mynda takmarkaður Orðaforðakennslu verður fléttað inn í aðra kennslu og nemendur læra aðferðir til að beita í vinnu sinni með námsefni. Nemendur fá þjálfun við greiningu texta, orða, orðasambanda, orða og orðhluta. Þeir bera saman skyldleika orða, læra að greina og útskýra merkingu orða og mynda orð úr einingum málsins, t.d. orðhlutum. Nemendur læra að nýta sér vísbendingar í samhengi texta til að ráða í merkingu ókunnuglegra orða. Orðaforðakennsla er meðal annars fléttuð við gerð hugtakakorta. Nemendur læra að brjóta upp hefðbundið og afmarkað textaform námsefnis og skrá það á greinandi og myndrænan hátt. Að sama skapi læra þeir að nota hugtakakort til að vinna á skapandi hátt.

Það voru þriðju til sjöundu bekkir sem tóku þátt í verkefninu og kom Guðmundur Engilbertsson fjórum til fimm sinnum í skólann til ráðgjafar. Kennarar voru duglegir að vinna saman, þeir hittust á fundum, deildu verkefnum og upplýsingum sín á milli og unnu markvisst að fjölbreyttum verkefnum. Þar má m.a. nefna verkefni í samfélagsfræði og náttúrufræði sem og í beinni íslenskukennslu eins og málfræði og stafsetningu. Nemendur fengu í hendur ljóð sem var búið að klippa niður og áttu að endurraða og skapa nýtt ljóð. Nemendur söfnuðu svo í ýmiskonar orðakistur þar sem þeir gátu nýtt sér orðin í ritun og annarri vinnu. Mikið var unnið með samheiti orða og að finna orð í orðinu sem unnið var með. Gaman þótti nemendum að finna nýyrði í því orði sem unnið var með.

Jafningjaráðgjöf

Í Giljaskóla er hluti af vinnutíma kennara nýttur í jafningjaráðgjöf. Jafningjaráðgjöf byggir á gagnkvæmum heimsóknnum kennara sem fylgjast með kennslu hver hjá öðrum, gefa góð ráð og hrósa fyrir það sem vel er gert. Miðað er við að hver kennari fari í sex heimsóknir og fái sex heimsóknir á hverju skólaári. Stuðst er við aðferðafræði sem kölluð er tveir plús tveir. Í því felst að sá sem kemur í heimsókn bendir á tvö atriði í kennslu eða vinnubrögðum sem mætti laga og tvö sem eru góð eða til fyrirmyndar hjá þeim sem heimsóttur var. Fljótlega að lokinni heimsókn hittast jafningjarnir og ræða hvað kom út úr heimsókninni. Atriðin sex sem voru skráð á sérstakt eyðublað eru rædd en þau eru eign kennarans sem var heimsóttur þannig að þegar upp er staðið ræður hann hvernig hann vinnur úr þeim. Lögð er áhersla á trúnað og stjórnendur kalla ekki eftir öðrum upplýsingum en þeim hvort heimsóknirnar hafi farið fram. Í vetur var ákveðið að skoða notkun tungumálins í Uppbyggingu í fyrstu lotunni. Í miðlotuni átti að kanna nýtingu kennslustundanna og í síðustu lotunni átti að fylgjast með



ákveðnum nemendum í eina kennslustund. Eitthvað var misjafnt hvernig unnið var í jafningjaráðgjöfinni.

Kynjaskipting í íþróttum

Fyrir nokkrum árum var byrjað að kynjaskipta í íþróttatímum á unglingastigi, það er 8. - 10. bekk. Þetta hefur gefist mjög vel og var einnig sömu árgöngum kynjaskipt í sundi. Það jákvæða við kynjaskiptinguna er að fjarvistir minnka og mætingar eru almennt til fyrirmyndar. Einnig telja kennarar líðan nemenda hafi batnað í þessum greinum, eftir að kynjaskiptingu var komið á. Meiri ró yfir öllu, bæði fyrir og eftir tímana. Enn sem komið er eru „ferðalög“ nemenda með rútum frá skólanum til íþróttamannvirkjana til trafala, en það mun vonandi lagast mikið með byggingu íþróttamiðstöðvar sem enn er ókláruð. Eftir það verða einungis ferðir með rútum í sund.



Símenntun – endurmenntun

Símenntunaráætlunum má skipta í tvennt. Annars vegar er áætlun skóla og hins vegar eru áætlanir einstakra starfsmanna. Í símenntunaráætlunum starfsmanna er bæði miðað við þarfir skólans og persónulegar þarfir og áhugamál starfsmanna. Fremur lítið var sótt af námskeiðum og fyrirlestrum eða farið í skólaheimsóknir á þessu skólaári. Stafar það ekki síst af því að fjármagn til endurmenntunar var skorið niður vegna kreppunnar og erfiðleika í rekstri Akureyrarbæjar.

Á sameiginlegum degi allra starfsmanna grunnskóla í ágúst 2009 var fjallað um jafnréttismál. Í ágúst sóttu ýmsir starfsmenn einnig námskeið af ýmsu tagi, svo sem í uppbyggingu, numicon, byrjendalæsi og Orð af orði. Á skipulagsdögum vetrarins voru ýmsar kynningar og stutt námskeið. Dagný Birnis kynnti árangursríkt lestrarátak í Lundarskóla og Sigríður Bjarnadóttir og Helga Lyngdal kynntu vinnu í Síðuskóla með námsmatskvarða. Vala Stefánsdóttir, deildarstjóri, fjallaði einnig um mismunandi námsmatskvarða á skipulagsdegi í febrúar og aftur í júní og flestallir kennarar útbjuggu sér kvarða og margir prófuðu notkun þeirra. Nokkur hópur starfsmanna sótti námskeið um einhverfu sem starfsmenn fjölskyldudeildar sáu um. Í þróunarverkefnum Byrjendalæsi og Orð af orði voru námskeiðslotur allt skólaárið. Einnig í nýju verkefni sem kallast Fágæti og furðuverk þar sem 4. bekkur er að taka þátt í lestrarátaki í samvinnu við skólasafnið og heimilin. Öll þrjú verkefni eru unnin í samstarfi við starfsmenn skólaþróunarsviðs Háskólans á Akureyri. Kennarar tóku þátt í jafningjaráðgjöf (sjá sérstakan kafla þar um) og telst það hluti símenntunar. Þá aðstoðuðu starfsmenn hverjir aðra við ýmislegt í framkvæmd uppbyggingarstefnunnar, t.d. bekkjarfundi. Skólastjórnendur hafa, ásamt öðrum skólastjórnendum á Akureyri, fengið nokkra fyrirlestra á fundum sínum á síðasta skólaári þar sem sjónum var aðallega beint að sjálfsmati skóla en einnig að símenntun og símenntunaráætlunum. Nokkrir starfsmenn hafa stundað einingabært framhaldnám á háskólastigi. Ný símenntunaráætlun var unnin fyrir skólann og samþykkt á vordögum. Henni fylgir aukin skráning á símenntunaráætlunum kennara og eftirfylgd af hálfu stjórnenda. Verður fróðlegt að sjá hvaða áhrif það mun hafa á símenntun í heild sinni.



Almennir starfsmenn búa ekki við jafn miklar kröfur um símenntun og kennarar. Búið er að skipulegga tveggja og hálf dags langt námskeið í ágúst til að efla alla almenna starfsmenn grunnskóla á Akureyri í tölvunotkun og samskiptum eða félagslegri færni.

Sótt var um fjármagn til tveggja námskeiða til endurmenntunarsjóðs, annars vegar uppbyggingar-námskeiðs og hins vegar námskeiðs um bekkjarstjórnun og starfsaga. Giljaskóli fékk úthlutað 250 þús. krónum og dugir það fyrir kostnaði við annað þeirra. Bæði námskeiðin verða haldin en draga þarf úr umfangi bekkjarstjórnunarverkefnisins.

Starfsmannasáttmáli

Starfsmannasáttmála er ætlað að vera áminning til allra um eigið mikilvægi við að styrkja starfsmannahópinn. Sáttmálinn felst í þremur lífsgildum: Hreinskiptni, samstaðu og jákvæðni. Engin keðja er sterkari en veikasti hlekkur hennar og styrkleiki skólans er undir því kominn að hver og einn geri sitt besta í að byggja upp hópinn með því að vera hvetjandi og bjartsýnn. Til allra starfsmanna eru gerðar þær kröfur að þeir skilji og styðji sýn Giljaskóla og leggi sig fram um að verða virkur hluti af öflugri liðsheild sem veit hvað skiptir máli.

Félagslíf starfsmanna

Eins og áður hefur verið mikið líf og fjör í starfsmannahópnum og ýmislegt gert sér til ánægju og upplýftingar. Má þar nefna fjallaferðir með útivistarhópnum okkar, en góð þátttaka var í þessum ferðum í haust. Vonandi verður áframhald á þessu fjölskylduvæna starfi.

Jólahlaðborð tókst með eindæmum vel og var maturinn á Greifanum ljúffengur og ekki skorti andagift og gleði hjá starfsfólkinu fremur en fyrri daginn.

Þrjónakvöld og kleinugerð hafa blómstrað hér í skólanum síðdegis og á kvöldin þegar hópar hafa hist og haft af því gagn og gaman.

Ýmislegt annað má nefna, t.d. skemmtilega fatadaga hér innanhúss þar sem þema hefur verið ákveðinn litur, hattar, tíska, náttföt eða einhver sniðug múndering. Ótrúlegt hve mikinn svip slíkt getur sett á daginn og brotið upp hversdagsleikann. Nemendaráð hefur haft umsjón með slíkum uppákomum.

Afmæliskaffi starfsmanna hefur verið haldið nokkrum sinnum yfir veturinn og hafa borðin svignað undan girnilegum kræsingum sem runnu ljúflega niður.

Rúsínan í pylsuendanum er svo óvissuferð. Þar fáum við ár hvert að sjá hve mikið hugmyndaflug, sköpunargleði og fjör leynist í okkur. Svo syngjum við og borðum saman, förum í leiki, gerum grín og skemmtum okkur af hjartans lyst um leið og við fögnum vori og komandi sumarfríi.



Foreldrastarf

Skólaráð

Í grunnskólalögum, nr. 91 frá 12. júní 2008, segir m.a. um skólaráð: „Við grunnskóla skal starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skólaráð skal skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks í viðkomandi skóla, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Skólaráð velur að auki einn fulltrúa grenndarsamfélags til að sitja í ráðinu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra. Auk þess skal skólastjóri boða til sameiginlegs fundar skólaráðs og stjórnar nemendafélags að lágmarki einu sinni á ári.“

Fulltrúar foreldra í skólaráði voru þeir sömu og árið áður og var einn þeirra svokallaður „fulltrúi grenndarsamfélags“ en hinir tveir fulltrúar foreldra. Foreldrafulltrúar voru Álfheiður Svana Kristjánsdóttir, Eyrún Björg Þorfinnsdóttir sem jafnframt er formaður foreldrafélagsins og Þórunn Guðlaugsdóttir. Fulltrúar kennara voru „stýrimennirnir“ Ragna Kristjánsdóttir og Thelma Baldursdóttir. Fulltrúi annarra starfsmanna var ritari skólans, Bylgja Árnadóttir, en vegna forfalla sat varamaður ritara, Þórunn Sigurðardóttir, sem er umsjónarmaður félagsmála unglinga, þó flesta fundi. Fulltrúar nemenda voru Guðríður Lilja Lýðsdóttir úr 9. bekk og Kolbrá Ingólfssdóttir úr 10. bekk. Umfjöllunarefni skólaráðs voru m.a.: Sjálfsmat, sjálfsmatsáætlun, umbótaáætlun, starfsáætlun, einelti, fjármál og starfsmannahald, vettvangsferðir/Reykjaferðir, uppbyggingarstefnan, skemmdir, ársskýrsla og loks nemenda- og starfsmannaviðurkenningar skólanefndar.

Foreldrafélag

Foreldrafélagið í Giljaskóla er samráðsvettvangur foreldra og þrýstihópur um hluti sem betur mega fara. Auk þess stendur félagið fyrir fræðslu til foreldra og barna og skemmtun fyrir börn í skólanum eftir því sem aðstæður leyfa. Stjórnin fundar um það bil einu sinni í mánuði, allt skólaárið, en oftast ef þurfa þykir. Fulltrúi úr stjórn foreldrafélagsins situr í Skólaráði Giljaskóla og SAMTAKA, samráðsfélagi foreldrafélaga grunnskólanna á Akureyri. Stjórn foreldrafélagsins fylgir því eftir að kjörnir séu bekkjarfulltrúar í hverjum bekk að hausti. Hefð er fyrir því að fulltrúar úr stjórn mæti á kynningu fyrir væntanlega fyrstu bekkinga, kynni foreldrafélagið fyrir foreldrum og færi börnunum boli.

Í stjórn foreldrafélagsins sátu á síðasta skólaári 8 einstaklingar sem kjörnir voru á aðalfundi í maí 2009. Starf félagsins hófst að loknu sumarfríi með hausthátíð 12. september. Mynduð var karnivalstemning. Foreldrar og börn voru hvött til að mæta í búningum og var vel tekið í það.

Forvarnarfulltrúi Akureyrarbæjar kom með fræðandi fyrirlestur um kynferðislegt ofbeldi á börnum og var almenn ánægja á meðal áheyrenda. Félagið stóð einnig fyrir, ásamt foreldrafélögum annarra skóla á Akureyri, ráðstefnu um tölvunotkun unglinga.

Mötuneytismál voru sett í nefnd eftir síðasta aðalfund og fylgdi hún eftir málefnum varðandi mötuneytið. Reykjaferðir voru mikið ræddar á fundum í vetur og hvernig framhaldið á þeim yrði.



Stjórn foreldrafélagsins stóð fyrir könnun varðandi störf félagsins. Ýmsar upplýsingar og þarfar ábendingar komu fram, sem stjórnin mun nýta sér til að gera starf félagsins enn betra.

Á aðalfundi þann 11. maí 2010 voru tveir nýir meðlimir kosnir í stjórn fyrir næsta skólaár.

Foreldrasamstarf – tengiliður

Steinunn Línbjörg Ragnarsdóttir var tengiliður við stjórn foreldrafélags Giljaskóla. Hún sat fundi stjórnar og kom upplýsingum frá skóla til foreldrafélags og öfugt. Helstu verkefni foreldrafélagsins eru að efla foreldrasamstarfið í skólanum og virkja bekkjarfulltrúana. Vegleg hausthátíð var haldin og var vel sótt.

Starf bekkjarfulltrúa

Bekkarfulltrúar eru kosnir af foreldrum eða tilnefndir í samráði við fyrri bekkjarfulltrúa, þetta er gert í byrjun skólaárs. Yfirlétt eru bekkjarfulltrúar tveir fyrir hvern bekk og reynt er að skipta einungis um annan bekkjarfulltrúann í hvert sinn þannig að þeir sitji tvö ár í senn. Bekkarfulltrúar skipuleggja 1-2 ferðir með börnunum á ári auk annars sem þeim finnst nýttast til að auka samstarf foreldra, kennara og nemenda innan hvers bekkjar. Bekkarfulltrúar hafa frumkvæði að því að virkja sem flesta foreldra í bekkjarstarfinu. Þeir sjá um að safnað sé í bekkjarmöppu gögnum um foreldrastarf hvers vetrar, svo sem fundargerðum, myndum og öðru sem gaman er að eiga til seinni tíma og fyrir nýja bekkjarfulltrúa til glöggvunar á starfi bekkjarins og skemmtunum.

Samstarf við skóla og stofnanir

Kynningafundir skóladeildar á grunnskólum Akureyrar

Skóladeild Akureyrarbæjar hefur í samstarfi við grunnskóla bæjarins boðið foreldrum barna sem eru að hefja grunnskólagöngu til kynningarfunda um starfsemi skólanna. Frá árinu 2007 hafa foreldrar haft val um hvaða skóla börn þeirra sækja og því talið mikilvægt að þeir kynni sér stefnu og starfsemi skólanna vel áður en þeir innrita börn sín. Í febrúar hefur verið haldinn sameiginlegur kynningarfundur þar sem allir skólarnir kynna starf sitt og í kjölfarið hefur foreldrum verið boðið til kynningarfunda í hverjum skóla þar sem ítarlegri kynning og umræða hefur farið fram. Seinni fundunum er dreift þannig að foreldrar geta sótt slíka fundi í fleiri en einum skóla ef þeir kjósa. Fremur fáir foreldrar hafa sótt alla þessa fundi en þeir sem hafa komið hafa almennt verið ánægðir. Að auki hafa fundirnir gefið stjórnendum og skólanefndarfólki ágætis yfirsýn yfir starfsemina í hverjum skóla fyrir sig.

Samstarf við leikskóla

Komin er hefð á samstarf við leikskólana tvo Kiðagil og Tröllaborgir en samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla er mikilvægt að samstarf sé á milli leikskóla og grunnskóla til að stuðla að samfellu í uppeldi og menntun barnsins og að það upplifi grunnskólann sem eðlilegt framhald af leikskólanum. Í Aðalnámskrá grunnskóla stendur m.a. að augljóslega sé hagur barnanna að kennarar á báðum þessum skólastigum séu kunnugir viðfangsefnum, starfsháttum og vinnuskipulagi hvers annars.

Í ár var samstarf fyrsta bekkjar og leikskólanna fjölbreytt að venju. Leikskólarnir komu í heimsóknir, m.a. í skólastofur 1. bekkjar, tónmennt, bókasafn og frímínútur og grunnskólabörnin heimsóttu



leikskólana. Til að skapa meiri tengsl á milli þessara tveggja skólastiga og til að sýna væntanlegum nemendum starfshætti skólans unnu hóparnir að sameiginlegu þema um Nonna og Manna. Kveikjan að þessu verkefni var ferð í desember í Nonnahús og Minjasafnskirkjuna. Fóru allir hópar þangað og upp frá því völdu leikskólarnir sér sögur og svo báðar bekkjardeildirnar í skólanum. Hittust nemendur, horfðu saman á þætti um þá bræður og svo hófust vinnustundir. Vinnan fór ýmist fram í skólanum eða leikskólanum og lauk með sameiginlegri foreldrasýningu í Giljaskóla í lok febrúar. Sýningin var vel sótt og var greinilegt að börnin nutu þess að sýna foreldrum verk sín.

Samstarf við Háskólann á Akureyri

Giljaskóli er í samstarfi við Háskólann á Akureyri vegna vettvangsnáms kennaranema og nema á öðrum sviðum háskólans. Samstarf er við skólaþróunarsvið HA í tengslum við ráðgjafarþjónustu og endurmenntun kennara. Tveir kennaranemar frá skólanum voru að þessu sinni í vettvangsnámi við Giljaskóla. Hingað komu einnig nemar úr ýmsum deildum Háskólans í styttri heimsóknir.

Kennarar í 1. og 2. bekk tóku þátt í verkefninu Byrjendalæsi undir stjórn Þóru Rósu Geirsdóttur og Jennýjar Gunnbjörnsdóttur. Vekur þetta verkefni almenna ánægju þeirra kennara sem taka þátt í því. Sjá kafla um Byrjendalæsi.

Vinnu við þróunarverkefni um Námsmat undir leiðsögn Rúnars Sigþórssonar var haldið áfram í vetur og kom Birna María Sveinbjörnsdóttir með fyrirlestur á öskudag um kvarða í kennslu. Einnig kom Þóra Rósa Geirsdóttir með fyrirlestur um hvernig hægt er að nýta sér niðurstöður samræmdra prófa sem leiðsagnarmat fyrir kennara.

Í vetur var unnið að þróunarverkefni Orð af orði í samvinnu við Guðmund Engilbertsson. Sjá kafla um það.

Þóra Rósa Geirsdóttir var fengin til leiðsagnar við þróunarverkefni um uppbyggingu og nýjar leiðir í sérkennslu og við að koma á fót Námsveri sem gegnir fjölbættu hlutverki; að vera gagnageymsla fyrir kennslugögn í sérkennslu og veita nemendum sem af ýmsum orsökum þurfa aðstöðu til náms í litum hópum.

Í fjórða bekk var farið af stað með samvinnuverkefni í tengslum við lestur. Í því taka þátt foreldrar nemenda, kennarar og skólasafnvörður. Markmiðið er að útbúa „pakka“ fyrir alla nemendur með verkefnum tengdum lestri og ýmsu áhugaverðu efni sem tengist því með það í huga að virkja áhugasvið foreldra. Með þessu er reynt að skapa jákvæða ímynd barna af foreldri sem er líka að lesa. Ingibjörg Auðunsdóttir stýrir þessu verkefni sem kallað hefur verið Fágæti og furðuverk.

Ýmsir áhugaverðir fyrirlestrar og námskeið voru flutt á vegum Háskólans sem starfsfólk sótti í mismiklum mæli.

Samstarf við Háskóla Íslands

Í vetur fórum við í samstarf við Menntavísindasvið Háskóla Íslands (áður Kennaraháskóla Íslands) varðandi vettvangsnám kennaranema. Hér voru fjórir nemar í námi í vetur, tveir í smíðum og tveir í almennu kennaranámi. Óhætt er að segja að það skapar frjóar umræður og alltaf læðast nýjar hugmyndir fram við að fá kennaranema í heimsókn.



Samstarf við Tónlistarskólann

Kennarar Tónlistarskólans hafa aðstöðu í Giljaskóla til þess að kenna nemendum sínum á hefðbundnum skólatíma til þess að tengja tónlistarnám og skólastarf. Þannig er komið til móts við foreldra sem þurfa þá ekki að aka börnum sínum um langan veg til að stunda hljóðfæranám.

Á aðventu komu nemendur og kennarar úr skólanum í heimsókn til að kynna hljóðfæri sín og halda tónleika fyrir starfsfólk og nemendur á sal. Þetta var Stórhljómsveit Tónlistarskólans skipuð nemendum og kennurum skólans. Tilgangurinn var bæði að lífga uppá aðventuna og einnig kynna nemendum Giljaskóla blásturhljóðfærin sem hljómsveitin spilar á. Alltaf er pláss fyrir fleiri nemendur á þessi hljóðfæri. Hljómsveitin spilaði í bland jólalög og önnur skemmtileg lög sem nemendur þekktu og klöppuðu vel með. Tónleikarnir voru bráðskemmtilegir og gengu vel. Nemendur Giljaskóla reyndust góðir hlustendur og voru skólanum sínum til sóma.

Nemendur 1. og 2. bekkjar læra á blokkflautu sem er samræmt milli allra grunnskóla á Akureyri. Tónlistarskólinn heldur utan um þessa tónlistarkennslu. Nemendur 2. bekkjar í Glerárhverfi héldu sameiginlega lokatónleika í Gleráarkirkju í vor sem tókust frábærlega.

Í Giljaskóla voru að venju Páskatónleikar föstudag fyrir páskafrí. Þar gafst nemendum skólans sem stunda tónlistarnám tækifæri til þess að kynna og spila á hljóðfæri sín fyrir aðra nemendur skólans. Einnig komu þar fram blokkflautunemendur skólans og spiluðu nokkur lög.

Í vor var einnig kynning á harmonikku fyrir nemendur í 4. – 7. bekk. Ingvi Vaclav fór ásamt Baldri Bergsveinssyni úr 6. bekk í heimsókn í alla bekki og spiluðu þeir nokkur lög. Var nemendum boðið að prófa og í kjölfarið höfðu nokkrir samband og fengu að reyna sig meira á harmonikkuna.

Eftir páska komu tveir kennarar Tónlistarskólans til starfa í Giljaskóla í barnsburðarleyfi Ástu Magnúsdóttur tónmenntakennara. Ívar Aðalsteinsson kenndi í 1.- 4. bekk og Ludvík Kári tók við Marimbakennslu í vali í 8. – 10. bekk

Samstarf við Sinfóníuhljómsveit Norðurlands

Akureyrarbær styrkir starf Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands. Eitt af verkefnum hljómsveitarinnar er að fara í heimsóknir í skólana og flytja þar verk eftir ýmsa höfunda. Nokkru fyrir tónleikana eru skólunum send verkefni tengd þeim og er þannig hægt að undirbúa nemendur fyrir þá. Aðeins fjórir hljóðfærarleikarar úr strengjasveit hljómsveitarinnar komu í þetta skipti og kölluðu þeir þetta „krepputónleika“. Að þessu sinni flutti hljómsveitin nokkur stutt verk á sal eftir höfunda „nýja“ heimsins og þess „gamla“. Verkefni eftir Sigurlínu Jónsdóttur fylgdu með og var leitast við að blanda saman klassískum verkum eftir evrópska höfunda gamla tímans og ragtime tónlist sem uppruna á í Bandaríkjunum og bera þessar stefnur saman. Að síðustu var Evróvisionlag Alexanders Rybak sungið og tóku nemendur vel undir, enda búnir að æfa það í tónmennt. Tókust tónleikarnir vel og fengu nemendur hrós fyrir hve góðir áheyrendur þeir eru.



Almennt um skólann

Stjórnunarskipulag – stýrimannakerfi

Stjórnendateymi Giljaskóla samanstendur af skólastjóra, aðstoðarskólastjóra, deildarstjóra (75%) og tveimur stýrimönnum sem eru verkefnaráðnir. Stýrimenn og deildarstjóri stýrðu vikulegum fundum á sínu stigi, 1. – 4. bekk og 5. – 7. bekk en deildarstjóri fundum unglingakennara í 8. – 10. bekk.

Haldið var áfram frá fyrra skólaári með að leggja talsverða áherslu á þessa „stigsfundi“ og draga á móti úr vægi almennra kennarafunda. Ánægja er með þetta fyrirkomulag og verður haldið áfram með það næsta skólaár.

Sérkennsla – sérkennsluteymi

Leitast er við að sérkennsla sé eðlilegur þáttur í skólastarfinu og fyrst og fremst er reynt að mæta sértækum námsþörfum nemenda í bekkjarstarfinu. Sértækur vandi getur falist í hegðunarbanda, lestrar- og stærðfræðierfiðleikum, einhverfu, ofvirkni og/eða athyglisbresti og þroskaskerðingu. Oft er þörf á einstaklingskennslu eða kennslu í litlum hópi um lengri eða skemmri tíma utan bekkjar. Góð samvinna er á milli kennara, sérkennara, stuðningsfulltrúa, foreldra og nemandans sjálfs en það er forsenda árangurs.

Sérkennsluteymi fimm kennara, í tveimur stöðugildum, auk námsráðgjafa hóf störf í ágúst. Auk teymisins voru 5 stöðugildi stuðningsfulltrúa. Engar námslegar greiningar voru unnar innan skólans en 23 tilvísanir um náms- og sálfræðilegar greiningar voru sendar til Fjölskyldudeildar Akureyrarbæjar.

Sérkennsluteymið flutti öll gögn tengd sérkennslu á einn stað, í námsver, og endurskipulagði tilgang þess. Þóra Rósa Geirsdóttir sérfræðingur frá HA aðstoðaði teymið við að skipuleggja starf vetrarins og ýmsar nýjungar í kennslunni. Þá greindum við viðfangsefni sérkennslunnar og lögðum drög að örnámskeiðum til fyrirbyggjandi aðgerða. Samstarf teymisins við kennara skólans var gott og komu kennarar af yngsta stigi og miðstigi m.a. í námsverið og fengu leiðsögn og fræðslu um það.

Í upphafi vetrar fór töluverður tími í að læra á gögn tengd lestrarkennslu, þar á meðal á Hljóðskraf Rósu Eggertsdóttur. Einnig voru útbúin og flokkuð gögn til lestrarþjálfunar. Teymið hefur unnið að samræmingu aðferða við lestrarprófun í samstarfi við kennara á yngsta- og miðstigi. Ákveðið var að frá og með næsta hausti munu umsjónarkennarar sjá um að lestrarprófa. Í vetur var tekin sú stefna að nýta markvisst niðurstöður samræmdra prófa til að bæta nám og kennslu. Sérkennsluteymið fór í þá vinnu ásamt kennurum þeirra árganga sem taka samræmd próf.

Eftir áramót kom Þóra Rósa og fræddi kennarateymið um gerð styttri námsáætlana fyrir nemendur/minni hópa sem eru að vinna að öðrum markmiðum en bekkurinn í heild. voru ýmsir námsmatskvarðar skoðaðir og vinna við gerð örnámskeiða til fyrirbyggjandi aðgerða hófst.

Á þessu fyrsta starfsári sérkennsluteymisins hefur mörgu verið áorðað en mörg verkefni bíða næsta starfsárs. Þeir sem í teyminu hafa starfað hafa lært margt nýtt, rekið sig á ýmsar hindranir og notið góðrar leiðsagnar aðila bæði inna skólans sem utan. Samvinna við umsjónarkennara hefur verið afar ánægjuleg og stefnt er að því að auka hana enn frekar. Ósk teymisins er að námsverið verði betur nýtt, bæði að nemendur komi þangað og vinni og einnig að gögn séu fengið að láni til nota inni í kennslustofum.



Mötuneyti

Í Giljaskóla hefur verið rekið mötuneyti fyrir alla nemendur og starfsmenn skólans síðan haustið 2002. Matur er borinn fram í fjölnýtisal skólans og er nemendum skipt í hópa þar sem salurinn rúmar ekki alla nemendur í einu. Í mötuneyti störfuðu einn matráður og einn aðstoðarmatráður í um 90% starfi en annar aðstoðarmatráður bættist við um áramót í rúmlega hálfu starfi. Auk þessa voru skólaliðar ávallt til aðstoðar í sal og stundum í eldhúsi og húsvörður sá að mestu um uppvaskei í hádeginu. Þanta þarf að lágmarki 10 máltíðir í mánuði. Undantekning er gerð í þeim mánuðum sem hafa fáa skóladaga, þá er viðmið um fjölda máltíða lækkað. Á skólaárinu 2009-2010 kostuðu stakar máltíðir 415 kr. máltíðin (10 eða fleiri í mánuðinum) en í annarskrift kostaði máltíðin 307 kr. (allar máltíðir á önninni). Hægt var að kaupa mjólkuráskrift í skólanum í byrjun hvorrar annar. Í boði er léttmjólk sem geymd er í sérstökum mjólkurkæli með skammtara fyrir glös þannig að mjólkinn helst ávallt köld og fersk. Mjólkuráskrift kostaði í vetur 2.000 krónur fyrir önnina. Ávaxtaáskrift var í boði og gátu nemendur og starfsmenn valið um hálfan eða heilan ávöxt að morgni. Verð á hálfum ávexti var 2.500 krónur og heilum 5.000 krónur fyrir önnina. 166 nemendur voru í mjólkuráskrift, 56 voru með heilan ávöxt og 36 með hálfan ávöxt í áskrift. Nýting mötuneytis var að meðaltali um 86%, yngstu nemendur voru með hátt í 90% nýtingu, miðstig um 83% og unglíngastig um 80%. Vegna hækkunar verðlags varð tap á rekstrinum á vorönn 2010.

Nemendur eru skráðir í gegnum vefkerfi sem kallast Matartorg, þeir fá notendanafn og lykilorð og sjá síðan sjálfir og/eða foreldrar þeirra um að færa inn pantanir sínar. Þegar pantað er kemur fram matseðill mánaðarins. Venjulega er opnað fyrir skráningu á Matartorg 5. til 6. dag mánaðar á undan og lokað 20. dag mánaðar á undan. Ef foreldrar hafa ekki aðgang að tölvu geta þeir haft samband við ritara skólans sem aðstoðar þá. Hjá ritara má ennfremur nálgast matseðil mánaðarins. Nemendaráð hefur sett viðmið fyrir umgengni á sal út frá hugmyndafræði Uppbyggingarstefunnar. Á veggspjaldi sem nemendaráð vann má annars vegar sjá hlutverk starfsfólks á sal og hins vegar hlutverk nemenda. Alvarleg og/eða endurtekin brot á settum viðmiðum geta varðað brottrekstri úr matsalnum og nemendur geta misst rétt sinn til að vera í mötuneytinu til lengri eða skemmri tíma. Ekki þurfti að beita slíkum ákvæðum á síðasta skólaári enda umgengni almennt góð þótt hávaði sé stundum ansi mikill. Foreldrar skipuðu „þrýstihóp“ til að fylgja eftir kvörtunum varðandi samsetningu matar og gæði mötuneytis. Fundaði sá hópur með skólastjórnendum sem síðan fylgdu málum eftir við starfsmenn mötuneytis.

Í nemendakönnun 8. – 10. bekkja kemur fram að nemendum í Giljaskóla svipar til nemenda í öðrum grunnskólum Akureyrar hvað varðar ánægju/óánægju með mat/mötuneyti í skólunum. Í töflunni hér fyrir neðan eru borin saman svör þessara hópa.

Finnst þér maturinn góður eða slæmur?	Nem. í 8. – 10. bekk Giljaskóla	Nem. í 8. – 10. b. í öllum grunnskólum Akureyrar
Mjög góður	11,1%	6,5%
Góður	30,3%	29,8%
Slæmur	24,2%	23,8%
Mjög slæmur	25,3%	22%
Veit ekki	9,1%	18%

Kvörtunum um mötuneytið hefur heldur fækkað svo vonandi erum við á réttri leið.



Íþróttir, sund og skólaakstur

Íþróttakennsla fór fram í Íþróttamiðstöð Síðuskóla fyrir 1.- 7. bekk og í Íþróttamiðstöð Glerárskóla fyrir 8. - 10. bekk. Sundkennsla fór fram í Sundlaug Akureyrar fyrir alla árganga. Sérleyfisbílar Akureyrar sáu um akstur nemenda í íþróttir og sund. Nemendur í 1. - 4. bekk fá akstur í íþróttir og öllum nemendum er ekið í sund. Skólaliðar fylgja nemendum í 1. - 4. bekk og nokkrum nemendum með sérþarfir. Allir bílar í skólaakstri eru með öryggisbelti. Sérleyfisbílar Akureyrar sjá jafnframt um akstur í vettvangsferðir. Tengiliður skólans við fyrirtækið var skólaritari og sá hann um að tilkynna með góðum fyrirvara allar breytingar á venjubundnum akstri auk þess að panta bíla í vettvangsferðir.

Aðgerðateymi – einelti og áföll

Við skólann starfar aðgerðateymi sem fjallar m.a. um eineltismál, áföll og annað sem ekki er tekið fyrir á nemendaverndarráðsfundum. Farið er með eineltismál og áföll eftir vinnuferlum sem skólinn hefur sett sér. Skólastjórnendur, skólahjúkrunarfræðingur og námsráðgjafi sitja í teyminu. Í málum sem snerta tilteknar bekkjardeildir störfuðu hlutaðeigandi umsjónarkennarar með teyminu. Allir starfsmenn skólans geta óskað eftir fundi með teyminu vakni grunur um alvarleg mál sem grípa þarf inn í.

Aðgerðateymi vann í einu eineltismáli ásamt umsjónarkennara. Auk þess var unnið með kennurum fimm bekkjardeilda við að greina og bæta samskipti og tengsl nemenda.

Aðgerðateymi er jafnframt áfallateymi skólans. *Skilgreining á áföllum í skóla:* Nemandi, starfsmaður, forráðamenn eða systkini nemanda geta orðið fyrir alvarlegu áfalli. Slík áföll geta verið af völdum dauðsfalla, slysa, alvarlegra og/eða langvarandi veikinda, líkamsárása, náttúruhamfara, skilnaðar foreldra, kynferðislegrar misnotkunar, eineltis og annarra þátta sem samkvæmt mati teymis veldur áfalli hjá nemanda/starfsmanni. Teymið starfar í trúnaði við skjólstæðinga sína og lætur ekki upplýsingar frá sér nema í fullu samráði við viðkomandi. Áfallateymi getur leitað aðstoðar hjá presti, lögreglu, skólalækni, djákna eða geðlækni.

Á haustdögum fengu starfsmenn skólans, ásamt öðru starfsfólki grunnskóla á Akureyri, fræðslu frá samtökunum Blátt áfram. Þar var fjallað um kynferðislegt ofbeldi og viðbrögð við slíku.

Í kjölfar kreppu fór mjög mikill tími í fundi og vinnu við áætlanir og upplýsingagjöf vegna mögulegra áfalla í tengslum við yfirvofandi fjárhagsvanda og atvinnuleysi. Jafnframt var áfallaáætlun skólans endurskoðuð. Unnið var í máli eins nemanda vegna veikinda í fjölskyldu.

Með teyminu störfuðu í einstökum málum sálfræðingur skólans og hlutaðeigandi umsjónarkennari.

Nemendaverndarráð

Hlutverk þess er m.a. að vera vettvangur umræðu og samvinnu varðandi sérúrræði og framkvæmd þeirra og fylgja eftir málum sem vísað er til sérfræðinga. Í ráðinu sitja skólastjórnendur, fagstjóri sérkennslu, hjúkrunarfræðingur, námsráðgjafi og tengiliður frá Fjölskyldudeild. Kennarar sitja fundi ráðsins þegar fjallað er um mál sem varða nemendur þeirra. Ráðið fundaði jafnan vikulega, á fimmtudagsmorgnum. Fagstjóri í sérkennslu er Lára Halldóra Eiríksdóttir og bar hún ábyrgð á dagskrá og skipulagningu funda og var jafnframt tengiliður við Fjölskyldudeild. Tengiliður nemendaverndarráðs við barnaverndarteymi var Áskell Örn Kárason, sálfræðingur, og við skólateymi Líney Helgadóttir, sérkennsluráðgjafi. Sálfræðingur á vegum skólateymis var Jiri Berger.



Námsráðgjöf

Erla S. Ingólfssdóttir náms- og starfsráðgjafi er í 75% starfi námsráðgjafa við Giljaskóla.

Námsráðgjöfin er öllum opin jafnt nemendum sem foreldrum. Námsráðgjafi hefur ekki fastan viðtalstíma heldur eru viðtöl bókuð skv. samkomulagi. Opinn tími (sem ekki þarf að bóka í) er á hverjum degi á milli kl 11:00 og 12:00.

Námsrágjafi er trúnaðarmaður nemenda og bundinn þagnarskyldu. Hann vinnur skv. starfslýsingu fyrir námsráðgjafa sem starfa við grunnskóla Akureyrar.

http://skoladeild.akureyri.is/static/files/starfslýsingar/starfslýsing_namsradgjafar_2001.pdf

Námsráðgjafi er þátttakandi í aðgerðarteymi skólans og situr í nemendaverndarráði.

Veikindi settu sinn svip á starfið og þá sérstaklega á haustönnina. Fyrstu dagar skólaársins voru nýttir í að undirbúa fjögurra vikna fjarveru námsráðgjafa. Auk þess hófust viðtöl við einstaklinga sem óskað hafði verið eftir.

Námsráðgjafi er með eina kennslustund í viku í 8. bekk, fyrri hluta vetrar var kennd námstækni en seinni hlutanum var varið í náms- og starfsfræðslu.

Mentorverkefnið - Vinátta

Mentorverkefnið fór af stað eftir að valdir höfðu verið nemendur til þátttöku og hófst það með þörunarfundi. Sex nemendur úr þriðja og fjórða bekk tóku þátt. Þann 1. október var fundur þar sem börnin hittu mentora sína. Verkefnið hefur gengið ákaflega vel, námsráðgjafi hitti nemendur sem tóku þátt tvisvar og var í sambandi við foreldra. Allir létu vel af verkefninu og sögðust mæla með þessu. Verkefnið gengur út á það að nemendur í MA og VMA velja sér það sem valgrein, hitta börnin vikulega á umsömdum tíma og gera eitthvað skemmtilegt með þeim. Reynt er að para m.t.t. áhugasviðs auk þess sem fleiri þættir eru hafðir til hliðsjónar s.s. félagslegur styrkur.

<http://www.vinatta.is/>

Fjarnám

Námsráðgjafi hélt utan fjarnám tveggja nemenda í ensku. Fram að áramótum bauð Verzlunarskólinn grunnskólanemum ókeypis fjarnám og stunduðu tvær stúlkur úr 10. bekk hér fjarnám í ensku. Báðar náðu þær áfanga sínum á haustönn og var því tekin sú ákvörðun að leyfa þeim að halda áfram á vorönn þó Ví hafi krafist greiðslu á önninni. Vinnan með fjarnemum liggur aðallega í ráðgjöf og aðstoð við innritun og síðan að sjá um próftöku í annarlok.

Forvarnir

Á árvissum forvarnadegi kom Elín Hallgrímsdóttir formaður skólanefndar. Að venju voru unnin hópverkefni um þemun: „Samvera“, „Hvert ár skiptir máli“ og „Íþrótt- og tómstundastarf“. Nemendur skiluðu niðurstöðum á plaköt sem hengd voru upp á gangi skólans. Hlýtt var á ávarp forseta Íslands og síðan horft á myndband þar sem þemun voru tekin fyrir og sýnd viðtöl við einstaklinga úr þjóðfélaginu. Umsjónarkennarar tóku virkan þátt. <http://forvarnardagur.is/>

Starfandi er hópur á vegum forvarnarfulltrúa sem heitir „Unglingar í vanda“. Þar koma saman aðilar sem koma að málum ungmenna bæjarins. Námsráðgjafar grunn- og framhaldsskólanna, fulltrúi skóla- hjúkrunarfræðinga og lögreglu, frá Húsinu, Barnavernd, ÍBA og Skóladeild. Hópnum er ætlað að taka púlsinn á stöðunni, deila vitneskju og þekkingu. Einn fundur var í október og annar áætlaður á vorönn



en var ekki boðaður. Fjórir aðrir fundir voru boðaðir af forvarnarfulltrúa fyrri hluta skólaársins og snerust þeir um undirbúning fræðslu s.s. ÞOL.

Forvarnafulltrúi ákvað að bjóða upp á Marita fræðsluna fyrir 9. og 10. bekk og hafði námsráðgjafi milligöngu um það og skipulagði.

Í febrúar og mars var ÞOL- fræðslan fyrir 8. bekk í umsjá forvarnarfulltrúa með þátttöku námsráðgjafa. SAFT-ráðstefa um öryggi á netinu var haldin á netinu.

Í mars bauð Aflið, systusamtök Stígamóta, til vöflukaffis þar var rætt samstarf við skólana og hvert framhaldið yrði á því. Samstarfið hefur sl. tvö ár verið í gegnum ÞOL-fræðsluna hjá forvarnarfulltrúa en Aflið-konum hefur ekki fundist það skila eins miklu og þegar þær hafa komið einar og sér í heimsókn í bekk.

Sjóvá bauð upp á forvarnarfræðslu fyrir 6. og 10. bekk (sjá kaflann um 10. bekk). Fræðslan fyrir 6. bekk var með áherslu á reiðhjólin í umferðinni.

Framhaldsskólinn

Skipulagðar voru heimsóknir 10. bekkinga í framhaldsskólana.

Í lok október boðaði MA til fundar um tengsl skólastiga en mikil umræða hefur verið um það. MA tekur upp nýja námskrá skv. framhaldsskólalögum haustið 2010 og var hún kynnt.

Ráðstefa á vegum Menntamálaráðuneytis um væntanlegar breytingar á framhaldsskólum var í febrúar. Kynnt var sú nýbreytni að hafa forinnritun til að sjá hvernig nemendur dreifast á skólana.

Námsráðgjafar MA og VMA komu í heimsókn og var 10. bekkjum og foreldrum boðið á kynningu. Þar var ný námskrá MA kynnt en VMA mun ekki taka nýja námskrá í gignið fyrr en haustið 2011.

10. bekkur

Nemendur 10. bekkjar tóku áhugasviðskönnunina Bendil (fyrsta staðlaða rafræna áhugasviðskönnun sem er staðfærð miðað við Ísland). Nemendur fengu síðan einstaklingsviðtal þar sem niðurstöður voru túlkaðar og ræddar m.t.t. framhaldsskólans. Nemi í náms- og starfsráðgjöf fékk að koma nokkra morgna í starfsþjálfun og tók þátt í fyrirlögn Bendils auk þess sem hann sat viðtöl. www.bendill.is

Dóra Stefánsdóttir vekefnisstjóri hjá Rannsóknþjónustu HÍ kom og kynnti Europass ferilskrárgerð fyrir nemum 10. bekkjar. Það er áhugaverð leið til að útbúa ferilskrá á netinu og er hún samræmd í Evrópu (www.europass.is). Auk bæklinga fengu nemendur möppur fyrir gögn.

Námsráðgjafi skipulagði vordaga hjá 10. bekk. Boðið var upp á kynningu á AFS, fræðslu frá Norðurlandsdeild Samtakanna '78, fræðslu um andlega sjálfsvörn, jafnréttisfræðslu, kynfræðslu í umsjá hjúkrunarfræðings og kynningu frá Vinnuskólanum. Farið var í heimsóknir til: Rauða krossins og Einingar/löju þar sem fræðst var um réttindi og skyldur á vinnumarkaði, Landsbankans sem fræddi um sparnað og fjármál. Í Þórsheimili var Forvarnarhús Sjóvá með fræðslu um umferðaröryggi og bílprófið. Nemendur fengu auk þess að prófa veltibílinn, ganga með ölvunargleraugu og prófa árekstarvog.

Starfstengt nám

Tveir nemendur tóku þátt í starfstenda náminu í umsjá Vinnuskóla Akureyrarí vetur og voru eina kennslustund á viku hjá námsráðgjafa. Starfstengda námið verður í boði næsta skólaár og fær Giljaskóli þrjú pláss. Sent var úr bréf til allra foreldra nemenda í 8. og 9. bekk þar sem starfstengt



námið fyrir 9. og 10. bekk var kynnt og óskað eftir umsóknum. Umsjónarkennarar voru beðnir að kynna námið fyrir foreldrum barna sem það hentar.

Nýir nemendur


Tekin voru viðtöl við nýja nemendur í 2. – 10. bekk til að fylgjast með aðlögun og þróun félagslegra tengsla. Tveir þeirra hafa verið í viðtölum allan veturinn og hafa þau snúist um félagslega styrkingu.

Annað

Talsvert þurfti að endurskoða og forgangsraða sökum veikinda. og því miður bitnaði sú röðun mest á fræðslu í bekk. Vegna eðlis einstaklingsmála voru þau í forgangi. Unnið var með kennurum í samskiptamálum og, í sumum tilvikum, meintu einelti. Lagðar voru fyrir tengslakannanir og unnið með niðurstöður eins og við átti í hverju tilviki. Þórunn Bergsdóttir kom inn í vinnuna. Í öllum tilvikum var mælt með reglulegum bekkjarfundum, vinnu með hlutverk og að nota samskipta- og tjáskiptaspilið.

Námsráðgjafi sat 10 fundi með námsráðgjöfum grunnskóla Akureyrarbæjar. Komið hefur verið upp sameiginlegu svæði þar sem safnað er saman verkefnum. Einn fundur var með fulltrúa námsráðgjafa grunnskólanna í Reykjavík en áhugi er fyrir stofnun sameiginlegs gagnabanka á netinu og þykir okkar vinna (hér á Ak.) vera góður vísir. Nóvember og desember féllu út vegna veikinda, engin afleysing var sett inn en deildarstjóri tók við sumum verkefnum.

Skólaárið 2009 – 2010 (ágúst – 21. maí) voru 68 einstaklingar í viðtölum, drengir 28 og stúlkur 40 auk þess 12 mál þar sem kyn er ekki tilgreint og er þá um að ræða vinnu með hópa, heila bekk, fundi o.þ.h. Heildarafskipti af þessum 80 málum er 346. Skipting eftir flokkum er eins og sjá má á kökuriti.



Valgreinar 2009-2010

Hver nemandi í 9. og 10. bekk er í fimm valgreinum sem samsvara 10 kennslustundum á viku yfir veturinn. Hluti valgreinanna er kenndur í skólanum en hluti er sameiginlegur með öðrum skólum á Akureyri og kenndur víðs vegar um bæinn.

Valgreinarnar í 8. bekk skiptast í tvennt: bekkjarval og unglíngastígsval. Bekkjarvalið er eingöngu fyrir 8. árganginn og þurfa nemendur að vera í 4 kest á viku í bekkjarvali (handmennt, smíðum, heimilisfræði, tölvum og/eða myndlist) Unglíngastígsvalið eru sameiginlegar valgreinar með 9. og 10. bekk. Nemendur í 8. bekk þurfa að vera í tveimur unglíngastígsvalgreinum.

Auk þess stunda allmargir nemendur íþróttir, nám í sérskóla eða tóku þátt í félagsstarfi og fá það metið í stað einnar eða tveggja valgreina.

Taflan hér fyrir neðan sýnir valgreinar nemenda í Giljaskóla. Breiðletraðar eru þær greinar sem kenndar voru í öðrum skólum en Giljaskóla.



Fjöldi í nemenda Giljaskóla í valgreinahópum

Efnafræði (23)

Förðun I. (6)

Heiman. mán (39)

Heimilisfræði 2 (13)

Íþróttافرæði 2 (12)

Líkamsrækt ÁTAK (3)

Marimba 2 (14)

Metið val x2 (8)

Stórhljóm sveit fyrri (3)

Stærðfræðival – stuðn. 10. b. (12)

Tölvur í dagsins önn (3)

Vél- og fatasaumur (12)

Fatahönnun og endurnýting (4)

Förðun II. (6)

Heiman. þri (21)

Heimilisfræði 3 (14)

Knattspyrnskóli (17)

Líkamsrækt BJARG (16)

Matur úr héraði (1)

Myndvinnsla - kvikmyndir (11)

Stórhljóm sveit seinni (4)

Stærðfræðival – stuðn. 9. b. (16)

Útivist og hreyfing (4)

Fjölmíðlun (5)

Heiman. fim (61)

Heimilisfræði 1 (13)

Íþróttافرæði 1 (11)

Leiklist (19)

Marimba 1 (14)

Metið val (53)





Spænska (5)

Stærðfræðival – framh. (23)

Tónlist og tölvur (2)

Vetrariþróttir (2)

Niðurstöður könnunar meðal foreldra um valgreinar.



Nemendaráð

Nemendaráð hefur starfað í vetur og eru 2 fulltrúar frá hverjum árgangi í 6. – 10. bekk.

Ráðið hefur unnið í Uppbyggingastefnu skólas og þá aðallega með yngsta og miðstigi um mitt og þitt hlutverk í matsal og á göngum. Nemendaráð hefur einnig skipulagt uppákomur í skólanum.

Kosið er í nemendaráð á hverju hausti. Mikið er um að vera á kosningadaginn þar sem framboðsræður og veitingar eru í boði.



Heimasíða, Mentor og Skráin

Á heimasíðu Giljaskóla er að finna upplýsingar um ýmislegt er varðar skólstarfið og eru nýjar upplýsingar færðar inn reglulega. Meðal efnis eru skrár yfir starfsfólk skólans og nemendur, skóladagatal, skólareglur, námsvísar og skólanámskrá. Upplýsingar um þjónustu námsráðgjafa, hjúkrunarfræðings, skólasafns, frístundar og fleira er á síðunni, auk upplýsinga um foreldrastarf. Á fréttasíðu eru birtar helstu fréttir og á bekkjarsíðum má lesa um hvað er efst á baugi í hverri bekkjardeild, skoða myndir og ýmislegt sem snertir bekkinn. Á síðunni má loks finna ýmsa gagnlega tengla, m.a. er unnt að tengjast Matartorgi til að skrá nemendur í mat í mötuneyti skólans. Veffangið er: <http://www.giljaskoli.is>.

Mentor er upplýsingakerfi fyrir skólasamfélagið. Mentor.is er gagnagrunnur með vefviðmóti sem þýðir að notendur geta unnið í kerfinu hvar og hvenær sem er hafi þeir aðgang að Internetinu. Gagnkvæm og virk upplýsingagjöf milli foreldra og starfsfólks skóla stuðlar að gagnkvæmu trausti milli aðila. Því er lögð rík áhersla á það við hönnun kerfisins að upplýsingagjöf til foreldra sé auðveld og skilvirk. Foreldrar/forráðamenn nemenda Giljaskóla fá lykilorð að fjölskylduvef Mentors sem veitir þeim aðgang að upplýsingum um skólagöngu barna þeirra s.s. stundatöflu, ástundun, einkunnir og heimavinnu. Veffangið er: <http://www.mentor.is>.

Skráin er innra upplýsingakerfi Giljaskóla. Þar má nálgast ýmsar upplýsingar um skólstarfið, fréttir, fundargerðir, starfsreglur og fleira. Markmiðið er að safna í Skrána upplýsingum sem ekki finnast í Mentor, upplýsingum sem snerta annað en námsferil nemenda og námsárangur. Ýmsar einingar kerfisins eru tilbúnar en haldið verður áfram að bæta við kerfið. Höfundur Skráarinnar er Jón Baldvin Hannesson.

Bókasafn

Bókasafn Giljaskóla er á 2. hæð í fallegu 120 fermetra rými. Áætlaður safnkostur er á sjöunda þúsund bækur, skáld- og fræðirit, til útlána fyrir nemendur og kennara. Auk þess eru þar hljóðbækur, myndbönd, dvd diskar, tímarit, hljómdiskar og spil. Lánstími er 1/2 mánuður nema um annað sé samið. Safnið er opið nemendum frá 8-14.30 (nema þegar þar er kennsla) og fastur útlánatími í vetur verður milli 8 og 9:20.

Markmið skólasafnsins eru:

- að aðstoða starfsfólk skólans, jafnt og nemendur, við að finna það efni sem óskað er eftir
- að skapa safnnotendum notalegt lestrar- og leitarumhverfi
- að vera ávalt vakandi fyrir þörfum hvers og eins og leitast við með millisafnalánum og innkaupum efnis, eftir þörfum, að hafa til taks það sem leitað er eftir
- að vera hvetjandi til lestrar og leitar og eiga gott samstarf við starfsfólk skólans

Safnkennsla

Safnkennsla er skipulögð fyrir alla nemendur skólans nema 10. bekk sem nýtur aðstoðar við heimildaleit vegna ritgerðavinnu á safninu. Fyrir áramót fengu 1., 3. 4 og 5. bekkur kennslu, en í öðrum bekkjum eftir áramót. Á safninu er vinnuaðstaða fyrir 12-14 nemendur. Að öðru leyti er safnið opið fyrir margvíslega starfsemi; nemendur geta leitað heimilda, stundað nám og þeir eldri lesið eða spilað sér til afþreyingar í frítíma. Fjórar nemendatölvur eru á safninu ætlaðar til að nota við nám.

Markmið safnkennslu eru:



- að gera nemendur færa um að nýta sér safnkostinn, þjálfa þá í leit á safni og notkun leitarvéla á borð við Gegni sér til gagns og ánægju.
- að nemendur læri almennar reglur um meðferð bóka og annarra safngagna
- að nemendur þjálfast í heimildaleit og –notkun.
- að nemendur kynnist þekktum rithöfundum og verkum þeirra, mismunandi fræðibókum og hlutverki þeirra.
- að auka innsýn og áhuga nemenda á heimi bókanna.

Upplstur

Á aðventunni fer að venju fram lestur úr nýjum barna-og unglingabókum fyrir alla nemendur skólans

Gegnir.is

Safnið er tengt landskerfi bókasafna. Upplýsingar um gögn safnsins eru nú aðgengilegar á netinu www.gegnir.is og geta börn og foreldrar því skoðað hvað er til á hverju safni úr sinni heimatölvu. Þar er einnig hægt að sjá skiladag og stöðu eigin gagna en til þess þarf að fá lykilorð á almenningsbókasafni sem notað er til að skoða „mínar síður“ á www.gegnir.is.

Umhverfismál

Í verkahring tveggja kennara er að sjá um ýmsa viðburði í skólanum og að vinna að umhverfismálum fyrir skólann.

Árlegur hreinsunardagur var haldinn 12. maí. Yngri nemendur voru við skólann, tíndu þar rusl og sópuðu. Eldri nemendur fóru víðsvegar um Giljahverfi og tíndu rusl. Þetta gekk mjög vel og að launum fengu allir Svala.

Gróðursetning: Sótt var um plöntur til Yrkju til að planta fyrir ofan hverfið. Við fengum 134 birkiplöntur sem var plantað fyrir ofan Valagil 27. maí. 4. bekkur gerði það ásamt kennurum og garðyrkjufraeðingi frá Akureyrarbæ. Nemendur sýndu mikinn áhuga og unnu verkið vel.

Þátttaka í landsverkefninu *Hjólað í vinnuna* var svo dræm að ákveðið var að safna kröftum í eitt ár og taka þátt fersk árið 2011.

Flokkun á pappír og fernum hefur gengið vel. Nemendur tæma úr sinni stofu á föstudögum og er það orðin hefð. Kennarar hafa verið hvattir til að safna hörðu plasti (t.d. skyr- og jógúrt dósum) og hafa margir gert það. Á vormisseri var byrjað að safna ýmislegu sem hægt væri að fönndra úr. Hefur starfsfólk verið mjög duglegt að koma með endurvinnanlegt dót að heiman en einnig hefur mikið safnast í skólanum. Þessu hefur verið komið haganlega fyrir í gömlu bókageymslunni og geta kennarar nýtt þetta efni í fönndur.

Starfsfólk hefur verið duglegt að setja endurnýtanlegan pappír í kassa við ljósritunarvélinu og hafa kennarar nýtt þau blöð mjög vel.

Á vordögum voru kennarar hvattir til að huga vel að endurnýtingu pappírs, kartons og kennaratyggjós með það að leiðarljósi að minnka rusl frá skólanum.



Síðasta verk vorsins var að mála aftur parísa á skólalóðina svo krakkarnir geti hoppað þar í sumar. Einnig var máluð stór sól, sk. vinasól, en þangað geta yngstu krakkarnir farið ef þá vantar leikfélaga.



Á komandi hausti verður sett upp áætlun fyrir næstu skref skólans í átt að Grænfána og hlökkum við til að takast á við þau verkefni.

Viðburðir

Heimsókn Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands kom í sína árlegu heimsókn í Giljaskóla. Aðeins fjórir hljóðfærarleikarar úr strengjasveit hljómsveitarinnar komu í þetta skipti og kölluðu þeir þetta „krepputónleika“. Að þessu sinni flutti hljómsveitin nokkur stutt verk á sal eftir eftirtalda höfunda:

Scott Joplin: The Entertainer, W.A. Mozart: Eine Kleine Nachtmusik (1. kafli), Camille Saint Saëns: Karnival dýranna (Svanurinn), Benjamin Britten: Simple Symphony (Playful pizzicato), Alexander Rybak: Fairytale, The Great Grappelli, Dmitri Shostakovich: Kvartett nr. 8 (2. kafli)

Að síðustu var nýjasta Evróvisionlagið hans Alexanders Rybak sungið og tóku nemendur vel undir, enda búnir að æfa það í tónmennt hjá Ástu. Tókust tónleikarnir vel og fengu nemendur hrós fyrir hve góðir áheyrendur þeir eru. Við þökkum hljómsveitinni fyrir komuna og hlökkum til næstu heimsóknar.

Heimsókn Stórhljómsveitar Tónlistarskólans

Þann 4. desember komu góðir gestir í heimsókn í Giljaskóla og héldu tónleika fyrir starfsfólk og nemendur á sal. Þetta var Stórhljómsveit Tónlistarskólans skipuð nemendum og kennurum skólans. Tilgangurinn var bæði að lífga uppá aðventuna og einnig kynna nemendum Giljaskóla blásturhljóðfærin sem hljómsveitin spilar á. Alltaf er pláss fyrir fleiri nemendur á þessi hljóðfæri. Hljómsveitin spilaði í bland jólalög og önnur skemmtileg lög sem nemendur þekktu og klöppuðu vel með. Tónleikarnir voru bráðskemmtilegir og gengu vel. Nemendur Giljaskóla reyndust góðir hlustendur og voru skólanum sínum til sóma. Við þökkum Tónlistarskólanum fyrir frábæra tónleika.

Rithöfundar sækja skólann heim

Þann 8. október heimsótti rithöfundurinn Þorgrímur Þránínsson okkur og las fyrir nemendur og kennara í unglíngadeild úr útkominni bók sinni sem ber nafnið Núll núll níu. Féll unglíngabók þessi vel í kramið hjá nemendum. Bókin byggir á spennu og hraðri atburðarás, auk þess að gerast á Akureyri. Þjóðfélagsástandið kemur einnig nokkuð við sögu og vakti þetta allt saman lukku og athygli hjá unglíngunum. Ánægjulegt er að fá slíkar heimsóknir þar sem nemendur fá að tala við höfunda um tilurð bókanna og margt fleira. Slíkt skilar sér marktækt í auknum lestri í kjölfarið og er það vel þar sem því miður er oft um mikið brottfall að ræða úr bóklestri þegar í efri bekk grunnskóla er komið.

Gerður Kristný kom og las fyrir nemendur í 1.-4. bekk úr nýútkominni barnabók sinni, Prinsessan á Bessastöðum, auk þess sem hún kynnti fyrri bækur sínar lauslega. Nemendur voru ánægðir og áhugasamir að hlusta og kynna sögupersónum hennar, enda hafa fyrri bækur hennar verið vinsælar meðal nemenda skólans.

Bókakynningar af þessu tagi hafa, sem fyrr segir, gríðarleg áhrif á nemendur sem kom best í ljós þegar kunngerð voru úrslit í árlegu könnuninni Bókaverðlaun barnanna þar sem umræddar bækur Þorgríms og Gerðar voru í toppsætunum. Ómetanlegt fyrir börn að fá að hitta og spjalla við höfundana og kynna verkum þeirra þannig á lifandi og persónulegan hátt.



Kærkomin fræðsla um geðvernd

Sigursteinn Másson heimsótti Giljaskóla og hélt áhrifaríka fyrirlestra um geðvernd þar sem hann byggði á eigin reynslu og annarra. Starfsmenn og unglingar í 9.-10. bekk fengu að njóta þessarar fræðslu auk þess að spyrja hann og spjalla um geðsjúkdóma og forvarnir gegn þeim. Meðal þess sem Sigursteinn lagði áherslu á var mikilvægi reglulegs svefns, hollt lífverni, samvera og meðvituð takmörkun á ýmsum tegundum krefjandi áreitis sem dynja á okkur. M.ö.o. að bera ábyrgð á eigin geðvernd með því að tileinka sér lífsstíl sem miðar að uppbyggingu sálar frekar en streitu og niðurrifs. Var það mál manna að margir hefðu verið hugsi að fræðslu lokinni.

Handboltamenn í Giljaskóla

Handboltalandsliðsmennirnir Arnór Atlason, Ásgeir Örn Hallgrímsson og Sturla Ásgeirsson sóttu okkur heim og ræddu málin við nemendur í 4.-10. bekk og gáfu veggspjöld. Vel heppnuð heimsókn sem nemendur voru himinlifandi yfir.

Uppbyggingardagur og vinabekkir

Þann 12.nóv var öll kennsla brotin upp um morguninn með því að vinabekkirnir hittust. Eins og undanfarin ár var samstarf milli 1. og 6. bekkjar, 2. og 7. bekkjar o.s.frv. Nemendur í vinabekkjahópunum gerðu sér ýmislegt til gamans, auk þess að efla kynni og samkennd. Þannig voru unnið margs konar verkefni í anda uppbyggingarstefnunnar. Fléttuð voru vinabönd, unnið með hugtök og tungumál uppbyggingar, búin til veggspjöld, farið í leiki og margt fleira. Almenn ánægja var með starfið hjá nemendum og starfsfólki.

Þetta fyrirkomulag, að hafa vinabekki, þ.e. samstarf á milli bekkja með 5 ára aldursmun hefur fest sig í sessi og orðið til þess að tengja saman ólíka aldurshópa, auka samkennd og draga úr fordómum og ótta. Auk þess eflir það ábyrgðarkennd hinna eldri, t.d. þegar nemendur leiða hina yngri og hjálpa við ýmis verkefni. Það sama má segja um þá hefð þegar eldri nemendur taka á móti nýnemum og sýna þeim skólann. Einstakt var að sjá hve nemendur í 5. bekk tóku það hlutverk alvarlega og stóðu sig vel þegar þeir buðu nýjan árgang velkominn í skólann.

Vel hefur þótt henta að tengja þetta tvennt saman, þ.e. Uppbyggingardaginn og vinabekkina og er líklegt að svo muni verða áfram hér.

Hjálparstarf

Í þriðja sinn var efnt til áheitahlaups fyrir ABC hjálparstarf í tengslum við Norræna skólahlaupið. Krakkarnir sem skólinn styrkir eru nú orðnir 15 og 10 ára og dafna vel. Hlaupið fór fram 09.09.09 í blíðskaparveðri. Var samanlögð vegalengd hvers bekkjar mæld og stefnt að því að hlaupa lengra að ári. Fyrir upphæðina sem safnaðist gátum við styrkt börnin fram að næsta hausti auk þess sem við sendum þeim góða jólagjöf og jólakveðjur frá 3. og 8. bekk.

Börn hjálpa börnum. Líkt og undanfarin ár tóku nemendur 5. bekkjar í skólanum þátt í landssöfnuninni *Börn hjálpa börnum* á vegum ABC hjálparsamtaka. Nemendur gengu í hús í hverfinu með söfnunarbauka í mars. Í ár var safnað fyrir skólabyggingu í suðurhluta Indlands. Börnin sem munu ganga í skólann voru götubörn en búa nú á heimili sem rekið er af ABC hjálparstarfi. Söfnunin gekk mjög vel.





Pema

Á þemadögum í ár unnum við með efnið: *Stærðfræði í dagsins önn*. Að þessu sinni tóku allir nemendur í 1.-7. bekk þátt og unnið var á nokkrum stöðvum í húsinu þessa þrjá daga sem verkefnið stóð yfir. Nemendur fengu að velja hvaða stöðvum þeir unnu á. Unnið var með kökuuppskriftir, föndur, húsbyggingu, handavinnu, spil, myndlist, smíðar, íþróttir, leiki og margt fleira. Mörgum kom á óvart hve mikinn þátt stærðfræðin á í okkar daglega lífi og hve gaman getur verið að vinna með hana. Samkomulag nemenda var gott og er þetta kærkomið tækifæri fyrir starfsfólk og nemendur til að brjóta upp hversdagsleikann, kynnast nýjum náms- og vinnufélögum og prófa eitthvað nýtt.

Dagur íslenskrar tungu

Á degi íslenskrar tungu var samkoma á sal þar sem verk systkininna Þórarins og Sigrúnar Eldjárn voru í aðalhlutverki. Nemendur í 1.-7. bekk sáu um dagskrána undir stjórn umsjónarkennara.

1. bekkirnir fóru með ljóðið Bók í hönd, 2. SLR söng um Heimskringlu, 2. UV söng Maður og Mús, 3. bekkirnir voru með leikþætti við þrjú ljóð Þórarins, 5. KS fluttu ljóðið um stólana, 5. RK söng lag um landvættina, 4. bekkur kynnti höfundana, Sigrúnu og Þórarin, 6. bekkur kynnti myndverk Sigrúnar í barnabókum þeirra Eldjárnssystkina, 7. bekkur flutti Völuspá, endurgerð Þórarins, auk þess sem tveir nemendur úr 7. bekk sáu um kynninguna.

Ásta tónmenntakennari lék undir þegar nemendur og starfsfólk tóku lagið og má segja að dagskráin hafi heppnast ljómandi vel.

Nemendur í unglingsdeild tóku hins vegar þátt í sameiginlegri skemmtun unglingsdeilda á Akureyri.

1. des

Dagskrá fullveldisdagsins var með hefðbundnu sniði í ár. Nemendur komu saman á sal, sungu ættjarðar- og jólalög og lásu upp fróðleiksmola tengda sögu fullveldisins. Tvískipta þurfti hópnum og var 1.-5. bekkur saman og 6.-10. bekkur ásamt sérdeild sameinaðist. Einnig var verðlaunaafhending vegna grenndargrals verkefnisins hjá unglingsdeildinni. Nemendur og starfsfólk hafði fánalitina í heiðri þennan dag og þeir sem gátu klæddu sig í blátt, rautt og hvítt í tilefni dagsins. Brynjar Karl Óttarsson kennari hafði yfirumsjón með dagskránni.

Litlu jól

Eins og venjulega héldum við litlu jól áður en starfsfólk og nemendur fóru í jólafrí. Vegna plássleysis í sal þarf að þrískipta hópnum. Það stendur til bóta þegar við höfum fengið íþróttahús.

Ungir jafnt sem gamlir gengu saman í kringum jólatréð og sungu. Að þessu sinni vorum við svo stálheppin að fá glænýja hljómsveit sem samanstandur af nokkrum feðrum barna í Giljaskóla. Var það kærkomið og margir töluðu um hve miklu fjörug og kröftug tónlistin hefði verið þetta árið. Ásta tónmenntakennari á heiðurinn af þessu samstarfi sem og undirbúningi og skipulagi dagsins, ásamt því sem Sólveig Ingvadóttir aðstoðaði hana.

Einnig héldu nemendur hefðbundin stofujól með tilheyrandi kökum, kertaljósum, kortum, jólasögu og þeirri stemningu sem við munum og þekkjum svo vel og yljum okkur um hjartað ár hvert.



Árshátíð og stuttmyndadagar

Árshátíð var haldin dagana 17.-25. mars. Fyrst var unglिंगadeildin með stuttmyndasýningu sem var afrakstur stuttmyndadaga. Í sömu viku héldu nemendur og kennarar unglिंगadeildar árshátíð með mikilli veislu undir stjórn Öldu heimilisfræðikennara. Þar voru veitt ýmis verðlaun fyrir stuttmyndir, ýmsar dyggðir meðal nemenda og kennara o.fl. Einnig fengu kennarar sinn skerf af gríni frá nemendum sínum í elstu bekkjunum.

Í seinni vikunni var komið að nemendum í 1.-7. bekk að sýna ýmis skemmtiatriði, mörg hver frumsamin. Þar mátti sjá dansa, leikrit, söng, hljómsveitir o.fl. sem Ásta tónmenntakennari aðstoðaði við ásamt umsjónarkennurum o.fl. starfsfólki. Allt fór vel fram og nemendur stóðu sig með prýði. Meðal áhorfenda voru elstu nemendur leikskólans.

Einnig voru haldnar 3 foreldrasýningar með tilheyrandi tertuhlaðborði til fjáröflunar fyrir 10. bekk. Foreldrar reiddu fram glæsilegar veitingar og nutu aðstoðar kennara við framreiðsluna. 10. bekkur hélt svo ball fyrir yngri nemendur í tengslum við árshátíðina.

Mikil gróska í Giljaskóla þessa daga og greinilegt að margt hæfileikafólk er hér á ferð sem óðum er að verða sviðsvant.

Stóra upplestrarkeppnin -2010

Fimmtudaginn 4. mars héldum við í Giljaskóla hina árlegu upplestrarkeppni í 7. bekk við hátíðlega athöfn í sal skólans.

10 keppendur úr báðum 7. bekkjum tóku þátt en nemendur hafa í vetur æft upplestur undir stjórn umsjónarkennaranna Bergdísar og Ingu Dísar, auk Ingunnar skólasafnskennara sem þjálfaði keppendur á lokasprettinum.

Alls voru 3 umferðir þar sem lesin voru til skiptis ljóð og samfelldur texti.

Dómarar voru: Brynjar Karl Óttarsson, Daníel Freyr Jónsson og Þórunn Bergsdóttir. Áheyrendur voru nemendur og kennarar í 6. og 7. bekk, auk foreldra og skólastjóra. Veitt voru þrenn bókaverðlaun.

Keppnin gekk mjög vel og í verðlaunasætum voru:

1. Amanda Helga Elvarsdóttir 7 IDS
2. Andri Þór Guðmundsson 7BK
3. Þóra Höskuldsdóttir 7BK.

Þau Amanda og Andri kepptu í lokakeppni grunnskólanna á Akureyri í MA 17. mars og stóðu sig með ágætum þó þau lentu reyndar ekki í toppsætunum. Við þökkum 7. bekk fyrir góða keppni og skemmtilegan undirbúningstíma.

Skólahreysti

Keppnislið okkar í Skólahreysti gerði sér lítið fyrir og sigraði Akureyrarkeppnina og vann sér inn keppnisrétt í úrslitunum í Laugardagshöll 29. apríl.





Í liðinu voru Sigfús Elvar Vatnsdal, Snjólaug Heimisdóttir, Númi Kárason og Álfhildur Rögn Gunnarsdóttir. Varamenn voru Arnar Þór Fylkisson og Sandra María Jessen.

Úrslitakeppnin gekk ekki jafn vel og við vonuðum og endaði liðið í 10. – 11. sæti. Með keppendum fór full rúta af stuðningsmönnum og var álit manna að nemendur Giljaskóla hefðu verið sjálfum sér og skólanum til mikils sóma, fyrir framkomu og hegðun.

Leitin að grenndargralinu - þróunarverkefni í samfélagsfræðikennslu á unglिंगastigi

Haustið 2008 fór Giljaskóli af stað með tilraunaverkefni í grenndarkennslu í 8.-10. bekk. Tilgangurinn var að auka áhuga og vitund nemenda á þeirra nánasta umhverfi í gegnum vettvangsferðir og rannsóknarleiðangra. Síðuskóli tók þátt í verkefninu haustið 2009 ásamt Giljaskóla. Verkefnið gengur undir nafninu *Leitin að grenndargralinu*.

Að sögn Brynjars Karls Óttarssonar, kennara við Giljaskóla og upphafsmanns verkefnisins, var kveikjan að verkefninu annars vegar þörf á aukinni grenndarvitund nemenda. Hins vegar skortur á tengingu samfélagsfræði, ekki síst söguhlutanum, við daglegt líf nemenda. Í þessu felist viðleitni til að færa nám út fyrir kennslustofuna inn á vettvang þeirra sögulegu atburða sem nemendur kynna sér. Þar með minnki vægi kennsubókarinnar en aðrir upplýsingamiðlar svo sem fræðibækur og ljósvakamiðlar fái aukið vægi. Með þessu vakni vonandi áhugi á samfélagsfræði þar sem nemendur upplifi námið merkingarþætt, eitthvað sem komi þeim að gagni og vekji hjá þeim áhuga og virðingu fyrir því hvar ræturnar liggja.

Samhliða því námi sem á sér stað við úrlausn þrautanna fer fram keppni milli nemenda um að finna grenndargralið. Þannig upplifa þátttakendur tvöfaldan ávinning af þátttöku. Fyrir utan ánægjuna sem fylgir því að læra nýja hluti virkar keppnisfyrirkomulagið ekki síður sem „gulrót“. Ekki er þó nauðsynlegt að taka þátt í leitinni á keppnisgrundvelli. Eftir að Síðuskóli bættist í hópinn er keppnin nú ekki aðeins milli nemenda Giljaskóla heldur og milli skólanna.

Verkefnin sem nemendur þurfa að leysa krefjast aðgangs að fjölbreyttum heimildum víðs vegar í bænum. Nemendur þurfa því góðan tíma. Meðal þess sem nemendur hafa aflað sér upplýsinga um eru tengsl Jóns Sigurðssonar, frelsishetju Íslendinga, við fyrstu prentsmiðju Akureyringa og tengsl árása nasista á Coventry 1940 við eitt helsta kennileiti Akureyrarbæjar.

Vegna erfiðleika við að koma slíkri vinnu fyrir m.t.t. stundaskrár, rútuferða og annarra hamlandi þátta í skólastarfi fer vinna nemenda fram utan skólatíma. Því er um frjálsa þátttöku að ræða. Fórnarkostnaðurinn verður hugsanlega í formi dræmrar þátttöku. Hins vegar getur ávinningurinn orðið hópur áhugasamra nemenda sem hafa raunverulegan áhuga á að læra meira um heimabyggð sína. Innri námshvöt ræður för og sker úr um hvort nemandi tekur þátt eður ei. Sá sem vill læra gerir það. Þannig er kjarninn greindur frá hisminu. Eftir standa nemendur sem með dugnaði sínum, virkni og ástundun smita út frá sér og hvetja aðra áhugaminni nemendur til góðra verka í námi. Útkoman verður því öllum aðilum hagstæð.

Árið 2008 hófu 19 nemendur úr Giljaskóla leik í *Leitinni að grenndargralinu* og árið eftir lögðu 36 nemendur af stað úr Giljaskóla og Síðuskóla. Krakkarnir voru áberandi í skólastarfinu á meðan verkefninu stóð. Eftir því sem leið á Leitina vöktu þeir sífellt meiri athygli annarra nemenda með jákvæðu viðhorfi gagnvart viðfangsefninu. Hafa þeir kannski með framgöngu sinni náð að kveikja áhuga annarra nemenda á sögu heimabyggðar?



Auk Brynjars hefur Sigrún Sigurðardóttir kennari við Síðuskóla umsjón með Leitinni að grenndargralinu. Þau eru ánægð með hvernig verkefnið hefur þróast og mun Glerárskóli bætast í hópinn haustið 2010.

Ferðalög

Eins og venja er brugðu margir nemendur og kennarar undir sig betri fætinum og skoðuðu sig um, sér til fróðleiks og ánægju.

Fyrst ber að nefna ferð 7. bekkjanna í skólabúðir á Reykjum í Hrótafirði í haust. Nemendur höfðu sjálfir safnað fyrir öllum kostnaði. Kennararnir Bergdís og Inga Dís voru þeim til halds og trausts í ferðinni og gekk allt mjög vel. Nemendur voru sjálfum sér og skólanum til mikils sóma í starfi og leik og komu heim með dýrmætar minningar í farteskinu.

Meðal viðfangsefna í skólabúðunum má nefna: fjármálafræðslan „Undraheimur auranna“ þar sem nemendur kynntust grunnatriðum varðandi fjármál einstaklinga. Einnig var farið í ratleiki um nágrennið. Náttúrufræðiverkefni voru margs konar, farið í fjöruferð og umhverfið skoðað. Bústofn staðarins, m.a. hæsn, nutu mikilla vinsælda. Kvöldvökur voru haldnar og sundlaugin var sömuleiðis vinsæl í frjálsa tímanum. Góð aðstaða var til leikja af ýmsu tagi, borðtennis o.fl. Byggðasafn staðarins var heimsótt og margt fleira skemmtilegt.

Á vordögum var ýmislegt gert til að fagna vori og skólalokum, skemmta sér og breyta til.

Þrjú yngstu árgangarnir héldu sameiginlega vorhátíð á skólalóðinni þar sem pizzur voru á boðstólnum, farið í leiki o.fl. 3. bekkur fór einnig í ratleik um nágrennið. Einnig var vorhátíð hjá börnum og starfsfólki í Frístund haldin í Miðgarði.

4. bekkur fór sömuleiðis í ratleik sem endaði með grillveislu heima hjá einum kennara.

5. bekkur var einnig með ratleik og pizzuveislu á sinni vordagskrá.

Nemendur í 6. bekk brugðu sér í sund með kennurum og sporðrenndu að því búnu sívinsælum pizzum.

7. bekkur fór í ratleik og grillveislu heima hjá kennara.

8. bekkur heimsótti siglingaklúbbinn Nökkva.

Kennarar og nemendur í 9. bekk brugðu sér í Kjarnaskóg þar sem farið var í margs konar leiki, Capture the flag o.fl.

Loks má ekki gleyma að segja frá sögulegri útskriftarferð 10. bekkjar í Skagafjörð þar sem Drangey var klifin af hugrökkum nemendum og kennurum, farið í æsispennandi flúðasiglingu, leirdúfuskotfimi og klettasig að ógleymdri grillveislu. Bækistöðvar hópsins voru á Steinsstöðum og var aðstaðan þar frábær. Krakkarnir stóðu sig vel og hópurnir kom glaður en úrvinda heim að ferð lokinni.



Mat á skólastarfi

Helstu niðurstöður kannana og viðtala

Nokkuð reglulega eru gerðar kannanir á viðhorfum foreldra, nemenda og kennara til skólastarfsins. Skóladeild Akureyrarbæjar vinnur kannanir í samráði við skólaþróunarsvið Háskólans á Akureyri og skólastjórnendur leggja fyrir ýmsar minni og stærri kannanir auk þess að vinna efni úr starfsmannasamtölum.

Í viðauka má finna sjálfsmatsáætlun Giljaskóla 2009 – 2010 og ennfremur umbótaáætlun fyrir sama skólaár en hún er að miklu leyti byggð á sjálfsmatsgögnum og þarfagreiningu frá skólaárinu þar á undan, 2008 – 2009.

Sjálfsmatsáætlunin gekk að mestu eftir en skipulögð viðtöl kennara við nemendahópa urðu þó færri en ætlað var og ákveðið var að leggja ekki fyrir nemendur könnun um viðhorf þeirra til uppbyggingarstefnunnar.

Umbótaáætlun gekk ennfremur að mestu eftir. Skólanámskrá kom þó ekki út strax að hausti, umræða um uppbyggingarstefnuna og vinnubrögð hennar varð ekki nógu lifandi, ró í matsal hefði mátt bæta og verkaskipting milli stjórnenda hefur ekki verið krufin til mergjar eins og þyrfti.

Hér á eftir eru dregnar fram nokkrar niðurstöður úr sjálfsmatsvinnu skólaárið 2009 – 2010 en vegna umfangs er ekki hægt að gera öllum þáttum ítarleg skil í þessari skýrslu.

Læsispróf

Nokkur undanfarin ár hefur Háskólinn á Akureyri lagt læsispróf fyrir nemendur í 1. og 2. bekk grunnskólanna sem taka þátt í verkefninu Byrjendalæsi, alls um 30 skóla, og unnið upp úr þeim samanburðartölur. Í heildina koma nemendur Giljaskóla vel út og hafa verið ýmist við meðaltalið eða jafnvel vel ofan við það. Í þessum læsisprófum er miðað við að nemendur nái 60% atriða.

Í nóvemberprófi náðu 56% allra drengja í 1. bekk þeim árangri en 70% drengja í Giljaskóla.

Í nóvemberprófi náðu 57% allra stúlkna í 1. bekk þeim árangri en 82% stúlkna í Giljaskóla.

Í febrúarprófi náðu 76% allra drengja í 1. bekk þeim árangri en 86% drengja í Giljaskóla.

Í febrúarprófi náðu 83% allra stúlkna í 1. bekk þeim árangri en 100% stúlkna í Giljaskóla.

Í aprílprófi náðu 59% allra drengja í 1. bekk þeim árangri og einnig 59% drengja í Giljaskóla.

Í aprílprófi náðu 73% allra stúlkna í 1. bekk þeim árangri en 90% stúlkna í Giljaskóla.

Í nóvemberprófi náðu 58% allra drengja í 2. bekk þeim árangri en 73% drengja í Giljaskóla.

Í nóvemberprófi náðu 64% allra stúlkna í 2. bekk þeim árangri en 65% stúlkna í Giljaskóla.

Í febrúarprófi náðu 61% allra drengja í 2. bekk þeim árangri en 74% drengja í Giljaskóla.

Í febrúarprófi náðu 66% allra stúlkna í 2. bekk þeim árangri en 56% stúlkna í Giljaskóla.

Í aprílprófi náðu 66% allra drengja í 2. bekk þeim árangri og einnig 80% drengja í Giljaskóla.

Í aprílprófi náðu 78% allra stúlkna í 2. bekk þeim árangri en 67% stúlkna í Giljaskóla.

Í þessum tölum vekur aðallega tvennt athygli. Annars vegar að nemendur Giljaskóla ná iðulega hærra meðaltali en aðrir nemendur þessara 30 skóla, fyrir utan að stúlkur í 2. bekk ná ekki þeim árangri í febrúar og apríl prófunum. Hins vegar hve drengir í 2. bekk Giljaskóla standa sig betur en stúlkurnar en að jafnaði má reikna með að stúlkur standi sig betur en drengir á þessum aldri.



Nemendakönnun í 4. – 10. bekk

Í könnun sem lögð var fyrir nemendahópa Giljaskóla vorið 2009 voru annars vegar 4.-7. bekkjar nemendur og hins vegar 8.-10. bekkjar nemendur. Yngri nemendurnir fengu einfaldari könnun og tóku afstöðu til fullyrðinga með því að merkja við einn af þremur möguleikum: sammála, hlutlaus, ósammála. Niðurstöðurnar gefa til kynna að nemendur 4.-7. bekkjar séu almennt sáttir við skólann en hluti af svörum þeirra er birtur hér fyrir neðan:

Nemendur í 4. – 7. bekk	Sammála	Hlutlaus	Ósammála
Mér líður vel í skólanum	76,6%	19,9%	3,5%
Ég á góða vini í skólanum	85,6%	13,7%	0,7%
Ég hef áhuga á að ná góðum árangri í náminu	87,1%	12,2%	0,7%
Ég ræð við það sem ég á að gera í tímum	64,5%	31,9%	3,6%
Í kennslustundum er gott næði til að læra	28,3%	47,1%	24,6%
Ég fæ hjálp í tímum þegar ég þarf hana	70,3%	23,2%	6,5%
Mér finnst ég vinna vel í skólanum	73,6%	25,0%	1,4%
Heimanámið er hæfilegt	58,9%	27,7%	13,5%
Samskipti mín við aðra nemendur eru góð	82,9%	15,0%	2,1%
Samskipti mín við kennara eru góð	86,3%	9,4%	4,3%
Ég fæ hrós frá kennurum	69,8%	24,5%	5,8%

Þarna vekur sérstaka athygli að í kennslustundum virðist ekki vera gott næði til að læra. Þá mættu kennarar hrósa meira. Ekki er hægt að lesa út úr fullyrðingu varðandi heimanám hvort nemendur sem telja það ekki hæfilegt (13,5%) telja það of mikið eða of lítið.

Könnun meðal nemenda í 8. – 10. bekk var lengri og ennfremur flóknari með breytilegum svarmöguleikum. Það er því ekki hægt að setja hana fram í töflu á sama hátt og gert er hér fyrir ofan.

- 82,5% nemenda segjast mjög ánægðir eða ánægðir með skólann.
- 90,3% líður mjög vel eða vel í skólanum.
- 71,8% telja mjög góðan eða góðan frið til að læra í sínum bekk.
- 88,5% hafa mjög mikinn eða mikinn metnað til að standa sig vel í námi.
- 83,7% fá alltaf eða oft hjálp þegar þeir þurfa á að halda.
- 73,7% segja að sjaldan eða aldrei ráði þeir ekki við verkefni sem þeir eiga að vinna.
- 89,3% telja sig fá mjög góða eða góða kennslu í skólanum.
- 77,6% telja kennara mjög áhugasama eða áhugasama um velgengni nemenda í námi.
- 53,4% telja starfið í skólanum fjölbreytt eða mjög fjölbreytt.
- 40,2% segja kennara hrósa sér þegar þeim finnst þeir eiga það skilið.
- 84,3% segja hins vegar að foreldrar hrósi þeim þegar þeir eiga það skilið.
- 85,3% eiga mjög marga eða marga góða vini í skólanum.

Almennt eru nemendur unglíngastígs mjög sáttir við skólann og næði virðist talsvert betra en á miðstiginu. Í þessum tölum má greina veikleika hvað varðar fjölbreytni í starfsháttum og hrósi sem þyrfti að aukast að mati nemenda. Þá vilja nemendur meira hópastarf, meiri sýnileika skólastjóra, betri baðvörslu, bætt mótuneyti ofl. Þegar er spurt er um áhuga á námsgreinum raðast þær þannig (% þeirra sem segjast hafa mjög mikinn eða mikinn áhuga á viðkomandi grein): íþróttir 90,4%, enska 73,1%, verkgreinar 71,2%, stærðfræði 50%, listir 49%, samfélagsfræði 48,6%, náttúrufræði 43,7%, íslenska 36,5%, danska 34,7%. Það vekur óneitanlega áhyggjur að sjá svona lítinn áhuga á íslensku og þegar við bætist að 70,6% nemenda í 8. – 10. bekk segist fara mjög sjaldan eða aldrei á skólabókasafnið er full ástæða til að skoða málið nánar og reyna að sporna við fótum.



Könnun meðal kennara í grunnskólum Akureyrar vorið 2010

Í könnun sem lögð var fyrir alla kennara í grunnskólum Akureyrar vorið 2010 kemur m.a. fram hjá kennurum Giljaskóla að:

- 91,9% eru mjög ánægðir eða ánægðir með Giljaskóla sem vinnustað.
- 81% eru mjög ánægðir eða ánægðir með faglega stefnu/sýn skólans.
- 80,5% eru mjög sammála eða sammála því að skólastjórar veiti starfinu markvissa forystu.
- 69,4% eru mjög ánægðir eða ánægðir með þær nýjungar sem unnið er að í skólanum.
- 72,7% telja að hafi tekist mjög vel eða vel að innleiða aðferðir til sjálfsmats í skólanum.
- 94,4% telja að nemendum líði mjög vel eða vel í skólanum.
- 91,6% telja nemendur hafa mjög jákvætt eða jákvætt viðhorf til skólans.
- 91,4% finnst skólinn leggja mjög mikla eða mikla áherslu á jákvæð samskipti starfsfólks og nemenda.
- 91,4% telja kennsluaðferðir mjög fjölbreyttar eða fjölbreyttar.
- 94,3% telja sig þekkja einstaklingsbundnar námsþarfir nemenda mjög vel eða vel.
- 88,2% eru mjög sammála eða sammála því að samstarf við foreldra sé ánægjulegt.
- 53,0% telja foreldra sýna mjög mikinn eða mikinn áhuga á samstarfi við skólann.
- 70,6% eru mjög sammála eða sammála því að aukin þátttaka foreldra myndi hraða umbótum í skólastarfi.

Kennarar segja skólastjórnendur líta sjaldan til sín í kennslustundir (11,1% mjög oft eða oft), þeir fá ekki mikinn faglegan stuðning frá þeim (47,2% mjög mikinn eða mikinn) og telja sig eiga frekar litla hlutdeild í mikilvægum ákvörðunum er varða skólastarfið (35,1% mjög mikla eða mikla).

Í stórum dráttum eru svör kennara í Giljaskóla nokkuð samhljóða svörum kennara í öðrum skólum, með fáeinum undantekningum þó. Þeir kennarar sem telja að sér sé mjög oft eða oft falin forysta í samstarfshópi um fagleg mál innan skólans eru færri í Giljaskóla (24,3% Gil/ 33,9% allir grsk.). Kennarar Giljaskóla hafa ekki eins mikla trú á stoðkerfum skóla. Þegar spurt er hvort stoðkerfi bregðist mjög fljótt eða fljótt við óskum um aðstoð eða ráðgjöf svara 25,7% því játandi í Giljaskóla en 38,5% í öllum grunnskólum Akureyrarbæjar. Svör við hversu góð eða slæm þjónusta Skólaþróunarsviðs HA er eru einnig neikvæðari í Giljaskóla (37,1% Gil/50,7% allir grsk.). Kennarar Giljaskóla telja sína nemendur frekar hafa mjög mikinn eða mikinn áhuga á námi (69,4% Gil/53,9% allir grsk.). Þá telja þeir innleiðingu sjálfsmats hafa gengið betur en almennt í öðrum skólum (72,7% Gil/49,1% allir grsk.).

Vorkönnun kennara í Giljaskóla vorið 2010

Í „vorkönnun“ sem lögð var fyrir kennara Giljaskóla var spurt um ýmislegt í skólastarfinu. Þar má sjá að allir kennarar eru mjög sammála eða sammála um að líka vel við starf sitt og hafa góða stjórn á daglegum verkefnum sem því tengjast. 81,9% hefur liðið mjög vel eða vel í starfi sínu þetta skólaár. 87,8% hefur fundist samstarfsmenn styðja sig (mjög sammála og frekar sammála) og sama hlutfall finnst starfsandinn hafa verið mjög góður eða góður. 84,8% finnst stjórnun skólans hafa verið mjög góð eða góð en þó eru einungis 51,5% mjög sammála eða nokkuð sammála því að stjórnendur hrósi sér. Tveir hafa orð á því að stjórnendur mismuni starfsmönnum. 83,8% kennara líkar mjög vel eða vel að vinna eftir uppbyggingarstefnunni. Nokkuð misjafnt er hvernig gengur að nota „verkfærin“ sem hún færir okkur og virðist þurfa að styrkja tungumálið og vinnu með þarfirnar. Þá eru fáeinir óruggir með stjórnun bekkjarfunda. Kallað er eftir meiri og betri umfjöllun, t.d. í leshópum, að allir fylgi með og aðferðunum sé jafnframt beitt utan kennslustofunnar.



Kennarahópurinn skiptist til helminga í mati á gagnsemi jafningjaráðgjafar, sumir eru ánægðir með ábendingar sem þeir hafa fengið en aðrir telja tímanum betur varið í eitthvað annað. Bent er á að mögulega þurfi að skerpa á framkvæmdinni, gera hana markvissari.

Undanfarin misseri hefur verið unnið að þróun ýmissa þátta eins og sérkennslu og námsmats. Í námsmatinu hefur m.a. verið stefnt á markvissari notkun leiðsagnarmats, kvarða og verkefnabóka. Almenn ánægja er með þá þróun. Sérkennsla hefur verið í endurskipulagningu og eru 78,3% ánægð með þá þróun sem þar hefur orðið en í athugasemdum nefna tveir þörf fyrir menntaða sérkennara.

Í lok könnunar var spurt um tvennt sem svarendur væru ánægðir með og tvennt sem þeir teldu þörf á að bæta í starfi skólans. Ánægja með starfsandann er oftast nefnd, þar að auki uppbyggingarstefnan og fleiri þróunarverkefni, stýrimannakerfið, samskipti við foreldra o.fl. Kallað er eftir markvissari vinnu í uppbyggingarstefnunni, meira hrósi frá stjórnendum, danskennslu, meiri samvinnu, betri upplýsingagjöf og minna baktali.

Starfsmannasamtöl

Í starfsmannasamtölum komu fjölmargar ábendingar, mun fleiri jákvæðar en einnig nokkrar ábendingar um það sem starfsmönnum fannst þörf á að bæta. Hér á eftir fer stutt samantekt sem er ekki tæmandi en drepur á nokkrum þáttum.

Almenn ánægja er með starfsanda og samskipti starfsmanna. Sumir telja þó að auka þurfi hrós og vanda samræður með því að forðast t.d. baktal. Ánægja er með stýrimannakerfi og stigsfundi, þar gefist tækifæri til að ræða ýmislegt og upplýsingaflæði milli stjórnenda og kennara sé markvissara.

Í skólanum eru of margir taldir „vilja ráða ferðinni“ en stjórnendur eru sagðir ákveðnari en áður, ekki síst við að taka óvinsælar ákvarðanir. Þeir eru hvattir til að taka enn betur á og benda þeim sem þurfa að taka sig á í einhverju á það undanbragðalaust, láta t.d. kennara fara eftir ákvörðunum sem teknar hafa verið. Stjórnendur þurfa að gæta betur að einangrun kennara, ekki síst sérgreinakennara. Þótt almennt sé gott aðgengi að stjórnendum og þeir viljugir til að koma til móts við þarfir starfsmanna fyrir sveigjanleika þurfa þeir að heimsækja kennslustofur oftar.

Algjör sátt er um Uppbyggingarstefnuna sem uppeldis- og samskiptastefnu skólans en ýmsar ábendingar um frekari styrkingu hennar, t.d. með meiri eða tíðari fræðslu, áminningum og ábendingum, reglulegri umræðum á stigsfundum og sérstakri styrkingu fyrir almenna starfsmenn.

Endurmenntunarþarfir starfsmanna eru ólíkar en meðal þess sem bent var á eru námskeið tengd fötlunum, tölvunámskeið fyrir almenna starfsmenn, allt sem tengist lestri og vettvangsferðir starfsmanna í aðra skóla. Bent er á möguleikana á að starfsmenn kenni hverjir öðrum það sem þeir eru góðir í og nefnt var að gott væri að fá mannþætandi fyrirlestra á hverju ári, eins og t.d. þann sem Sigursteinn Másson kom með.


Þróunarverkefni skólans er almenn ánægja með, má þar nefna námsmat, sérkennslu, Byrjendalæsi, orð af orði, uppbyggingu, gleði í Giljaskóla o.fl. Nokkrar ábendingar komu um hvernig mætti bæta einhverja þætti í þeim. Gert hefur verið talsvert átak í agamálum yngri deilda á göngum og er nemendum m.a. fylgt milli kennslustunda. Bæta þyrfti vinnufrið í kennslustundum og draga úr árekstrum á leikvelli í frímínútum.




Námsárangur og samræmd próf

Í töflunum hér fyrir neðan má sjá niðurstöður allra samræmdra prófa sem nemendur Giljaskóla hafa tekið frá upphafi. Almennt má segja að niðurstöðurnar séu nokkuð góðar en þó má finna fáein frávik frá því. Landsmeðaltal prófa, 30 stig, er sýnt með heilli línu. Meðaltal skóla á Norðurlandi eystra er sýnt með dökkbláum lit og meðaltal grunnskóla á Akureyri er sýnt með bleiku. Meðaltalstölur fyrir Akureyrarkaupstað eru tiltækar til ársins 2005 og frá 2009. Meðaltöl Giljaskóla eru sýnd með grænni línu.

4. bekkur íslenska




4. bekkur stærðfræði






7. bekkur íslenska




7. bekkur stærðfræði






10. bekkur stærðfræði



10. bekkur íslenska



Úrvinnsla samræmdra prófa

Ákveðið var að vinna betur með niðurstöður samræmdra en áður hafði verið gert og fengum við Þóru Rósu sérkennsluráðgjafa hjá HA til liðs við okkur. Hún benti okkur á aðferðir sem gætu reynst vel og fórum við að ráðum hennar.

Samræmdu prófin komu heldur seint í hús en til viðbótar þeim fengum við ýmis gögn á tölvutæku formi frá Námsmatsstofnun t.d. lista yfir spurningar á prófunum þar sem skráð var hvernig nemendur svöruðu spurningum og hvað þeir fengu fyrir svörin. Áður voru einkunnir nemenda fyrir hvern þátt komnar inn á netið.

Við úrvinnsluna var nemendum raðað eftir raðeinkunn í hverju fagi og strikað undir þann þátt sem slakast var hjá hverjum nemanda. Nemendur með ≤ 30 í raðeinkunn voru gulmerktir, nemendur milli 30 og 70 merktir með grænum lit og nemendur ≥ 70 hafðir bleikir á litinn

Úrvinnsla einkunna á samræmduprófi í íslensku og stærðfræði í 7. bekk Giljaskóla.



Nafn	Íslenska	Íslenska 4. bekk	Stafsetning	Lestur/Hlustun	Málnotkun/málfræði	Ritun
	17	10	4	42	29	4
	21	37	23	26	29	10
	25	23	23	37	29	10
	31	32	32	42	38	10
	41	18	44	42	38	46
	44	65	51	50	29	69
	47	65	32	42	46	85
	47	40	74	50	29	46
	50	37	58	67	29	46
	55	83	44	74	46	10
	62	32	51	80	64	4
	70	54	66	88	55	24
	72	34	88	50	81	69
	75	91	81	88	73	4
	93	94	88	95	92	46
		7				
		18	6			2
Skipting hópsins eftir heildareinkunn						
Raðtala 30 eða minna:	20%	20%	20%	7%	40%	53%
Raðtala 70 eða meira	20%	20%	27%	33%	20%	7%

Nafn	Stærðfræði (Re)	Stærðfræði 4. bekk (Re)	Reikningur og lægðir (Re)	Rúmfræði og mælingar (Re)	Tölfræði (Re)
	6		6	10	13
	20		22	28	13
	31	82	29	36	40
	44	57	47	60	13
	45	78	51	36	40
	45	43	61	43	5
	61	55	56	68	56
	70	59	56	81	72
	70	90	71	52	88
	74	78	76	60	72
	80	66	86	81	40
	84	84	94	68	56
	86	66	86	81	72
	91	84	97	68	88
	91	96	90	81	88
	92	76	97	75	88
	92	81	90	92	72
Skipting hópsins eftir heildareinkunn					
Raðtala 30 eða minna:	12%	0%	18%	12%	24%
Raðtala 70 eða meira	59%	53%	53%	35%	47%


Nemendum var síðan raðað eftir raðeinkunn hvers fagsþáttar

Nafn	Stafsetning (Re)	Nafn	Lestur/Hlustun (Re)	Nafn	Málnotkun/málfræði (Re)	Nafn	Ritun (Re)
	4		26		29		4
	23		37		29		4
	23		42		29		4
	32		42		29		10
	32		42		29		10
	44		42		29		10
	44		50		38		10
	51		50		38		24
	51		50		46		46
	58		67		46		46
	66		74		55		46
	74		80		64		46
	81		88		73		69
	88		88		81		69
	88		95		92		85




Dæmi um nokkur myndrit sem unnin voru:


Samræmd próf í 7. bekk - íslenska 2009



Ritun



Stafsetning





Viðurkenningar

Að venju veittum við í vor nokkrum nemendum viðurkenningar fyrir góðan árangur:

Fyrir góðan árangur í stærðfræði - Berglind Lilja Björnsdóttir 10. KJ

Fyrir góðan árangur í dönsku, ensku og íslensku – Kristín Guðjónsdóttir 10. KJ

Fyrir framfarir í náttúrufræði – Bjarney Bjarnadóttir 10. KJ

Að auki fékk einn nemandi úr útskriftarárganginum alveg sérstök verðlaun – Fanney Lind Pétursdóttir 10. BKÓ

Fanney fékk einnig viðurkenningu frá skólanefnd Akureyrar í vor. Hér má sjá hluta af rökstuðningnum sem fylgdi:

„Fanney Lind er einstök stúlka með framúrskarandi félagsfærni. Hún ber hag annarra nemenda fyrir brjósti og er ávalt reiðubúin að koma þeim til hjálpar þegar á þarf að halda. Fanney er sérlega kurteis, ábyrg og hjálpsöm og leysir viðfangsefni daglegs lífs með gleðina að leiðarljósi. Hún er og verður öðrum nemendum mikil og góð fyrirmynd í leik og starfi...“

Fyrir góðan árangur í smíðum – Þóra Höskuldsdóttir 7. BK.

Fyrir góðan árangur í myndmennt og handmennt – Kristjana Ýr Þórðardóttir 7. IDS

Fyrir góðan árangur í heimilisfræði – Sara Mist Gautadóttir 7. IDS

Fyrir góðan árangur í íþróttum – Vignir Jóhannsson 7. IDS

Fyrir framfarir og dugnað – Guðmunda Ýr Stefánsdóttir 4. GEH

Fyrir þrautseigju og dugnað – Elísabet Magnea Sveinsdóttir 4. KMP.

Brynjar Karl Óttarsson, unglíngastíggskennari, hlaut viðurkenningu frá skólanefnd Akureyrarbæjar fyrir verkefnið Grenndargalið sem hann hefur lagt mikinn tíma og metnað í undanfarin ár. Með verkefninu er stefnt að aukinni grenndarvitund nemenda, þ.e. þekkingu á menningu og sögu þeirra eigin heimabyggðar.

Við óskum þeim öllum innilega til hamingju með frábæran árangur og óskum þeim áframhaldandi velgengni.



Frístund (skólavistun)

Í haust voru um 80 börn á skrá í Frístund en hefur svo farið fækkandi með vorinu eins og undanfarin ár.

Hefðbundnir dagar eru þannig að börnin koma um kl. 13, þá fer fram skráning og börnin velja sér leiksvæði eða viðfangsefni. Frjáls leikur er hafður að leiðarljósi ásamt ýmsu skapandi starfi. Flesta daga, ef veður leyfir, höfum við útivist í 30 -40 mín, en 2 daga í viku er boðið upp á heimanámsaðstoð fyrir 2.-4. bekk og fer hún fram á sama tíma og útivistin. 2 starfsmenn aðstoða börnin við heimanámið.

Hópastarf er einu sinni í viku, og er þá ekki útivist þann daginn. Börnunum er skipt í 4 hópa þar sem ýmislegt er brallað, fönðrað, lesið, spilað, farið í leiki o.fl. Annan hvern föstudag er söngstund þar sem við syngjum gömlu góðu barnalögin. Á föstudögum er stundum sett mynd í tækið og sköpuð bíóstemma í Dimmuborgum.

Kl. 14:30 fá börnin síðdegishressingu og eftir það reynum við að skapa rólega og heimilislega stund, þar til síðustu börnin fara heim, kl. 16:15.

S.l. vetur var starfsfólki Frístunda á Akureyri í fyrsta sinn gert kleift, að taka þátt í starfsdögum í skólunum og var þá Frístundin lokuð í 2 heila og 2 hálfu daga.

Af uppkomum má nefna jólasamveru þar sem börnin buðu fjölskyldum sínum í kakó og smákökur sem þau bökuðu sjálf og sungu nokkur jólalög. Á vorin höfum við vorhátíð þar sem við grillum pylsur og höfum grín og gaman.

Fastir starfsmenn í Frístund eru nú sex en auk þess var einn starfsmaður í hlutastarfi frá 9.mars á vegum Akureyrarbæjar og verkefnisins Ungt fólk til athafna.



Bakað fyrir jólastund

Félagsmiðstöðin Dimmuborgir

Dimmuborgir, félagsmiðstöð skólans, er opin á skólatíma frá kl. 8:00-14:00. Þar starfar Þórunn Sigurðardóttir og tekur á móti nemendum opnum örmum í frímínútum og eyðum sem verða vegna forfalla. Á föstudögum hafa 10. bekkjar nemendur selt nemendum á unglíngastigi snúða. Eftir áramóti gátu nemendur 6. og 7. bekk keypt snúða einu sinni í mánuði. Nemendur hafa afnot af 3 tölum, billjardborði, borðtennisborði, sjónvarpi og dvd spilara og kunna vel að meta þessa aðstöðu. Aðstaðan hefur verið vel nýtt í vetur og er þar ávallt líf og fjör.



Heilsugæsla í Giljaskóla

Skólahjúkrunarfræðingur Giljaskóla er Drífa Þorgrímsdóttir og skólalæknir Þórir V. Þórisson.

Tölur yfir heildarfjölda skoðana og bólusetninga í árgöngum:

Bekkir		1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10	Sérd	Alls
Heildarfjöldi	Alls	46	46	42	31	40	42	38	36	40	38		398
Nemenda	Stúlkur	25	23	25	21	20	23	22	14	17	21		210
í árgangi	Drengir	21	26	17	10	20	19	16	22	23	17		188
Læknisskoðaðir 4)										39			39
Samskipti við hjúkrunarfr. vísað til heimilislæknis		608	44	37	135	123	235	374	26	312	274	22	2190
vísað til annars læknis							1	1		1	2		5
annað											1		1
Eftirlitsnemendur 1)		3	5	4	7	11	7	4	4	5	3		57
Gæslunemendur 2)		3	2	3	4	3	4	3	3	3	3		31
Sjónprófaðir					31					39	1		71
- þar af vísað áfram					2					5	1		8
Heyrnarmældir			1										1
Hljóðholismældir													
- þar af vísað áfram			1										1
Berklaprófaðir													
- þar af vísað áfram													
Mænusóttarbólusettir										36			36
DT-bólusettir (barnaveiki, stífkrampi)										36			36
MHR-bólusettir (mislingar hettusótt, rauðhundar)													
Rauðhundabólusetning													
Aðrar ónæmisaðgerðir TD													
Fj. nem. með ófullnægjandi bólusetn. í byrjun skólaárs 3)		3	1		1				1				6

- 1) Börn með langvinna sjúkdóma, fötlun eða önnur þekkt vandamál og eru þegar í eftirliti.
- 2) Börn sem starfsfólk skólaheilsugæslu telur að þurfi hugsanlega meðferð, ráðgjöf eða aðrar úrlausnir, þ.m.t. ráðgjöf eða meðferð hjúkrunarfræðings.
- 3) Hvað telja læknar og hjúkrunarfræðingar marga nemendur ófullnægjandi bólusetta er þeir hefja nám í fyrsta og tíunda bekk (í byrjun skólaárs), þ.e. áður en reynt var að bæta úr því.
- 4) Önnur samskipti en reglubundnar heilbrigðisskoðanir, s.s. sjónpróf og heyrnarmælingar.

Forvarnarstarf

Tannvernd (t.d. flúorskolun, -lökkun og fræðsla): Flúorskolun í 1., 7. og 10. bekk þrjá daga í röð í október og nóvember skv. tilmælum.

Kynfræðsla (t.d. fræðsla um kynlíf, barneignir, alnæmi og aðra kynsjúkdóma): Sjálfsmat um eigið heilbrigði hjá 39 nemendum í 9. bekk.

Fræðsla um reykingar, fíkniefni o.fl.: 1. bekkur fékk fræðslu og verklega kennslu um handþvott.

4. bekkur fékk einstaklingsfræðslu um hvíld um leið og þau voru skoðuð.



Fundir o.fl.

Nemendaverndarráðsfundir vikulega í 1,5 – 2 klst. í senn. Þar er fjallað um málefni einstakra nemenda og málin sett í viðeigandi farvegi. Fundina sitja skólastjórnendur, deildarstjóri, fagstjóri sérkennslu, umsjónarkennari viðkomandi nemenda, námsráðgjafi, skólahjúkrunarfræðingur, skólaráðgjafi/sérkennari og sálfræðingur eða starfsmaður frá félagsþjónustu Akureyrarbæjar. Fjallað var um mál 28 einstaklinga.

Aðgerðarteymisfundir voru eftir þörfum. Þar er bæði fjallað um og fundnar leiðir fyrir einstaklinga og hópa þar sem hegðun er ábótavant, m.a. í eineltismálum. Fundina sitja skólastjórnendur, deildarstjórar viðkomandi sviðs, umsjónarkennari viðkomandi nemenda, námsráðgjafi, skólaráðgjafi/sérkennari og skólahjúkrunarfræðingur.

Skólahjúkrunarfræðingur sat starfsmannafundi HAK eftir þörfum og einn fund með skólasamráði HAK.



Árgangar

1. bekkur

Haustið fór rólega af stað. Nemendur komu með foreldrum í viðtöl 24. og 25. ágúst. Fyrstu dagana byrjaði kennsla klukkan 9.00 og stóð yfir til 12.00. Þessir dagar voru notaðir til þess að kynna hvern öðru og nýja umhverfinu.

Í september var haldinn fundur með foreldrum þar sem Jenný Gunnbjörnsdóttir kynnti Byrjendalæsi fyrir foreldrum, verklag og vinnubrögð. Ingibjörg Auðunsdóttir ræddi um mikilvægi samstarfs heimilis og skóla. Í lok fundarins settust umsjónarkennarar og foreldrar niður og foreldrar voru beðnar að lýsa veikum og sterkum hliðum sinna barna.

Nemendur fengu umferðarfræðslu og einnig fræðslu um mikilvægi hjálmanotkunnar og handþvottar sem hjúkrunarfræðinemi sá um.

Í október voru foreldraviðtöl þar sem rætt var um skólabyrjun og lagðar línur um áframhald.



Þemadagar voru haldnir, en þemað að þessu sinni var stærðfræði. 1. bekkur tók virkan þátt og gaman að sjá hversu vel krakkarnir tóku þessu uppbroti. Í lok október var vetrarfrí í Giljaskóla.

Í nóvember var vinabekkjadagur. Nemendur úr 6. bekk heimsóttu 1. bekk og unnin voru verkefni tengd uppbyggingarstefnunni.

16. nóvember var hátíð á sal í tengslum við Dag íslenskrar tungu. Farið var í leikhúsið á kynningu á leikritinu „Lykillinn að jólnum“. Ennfremur var farið í Glerárkirkju og horft á leikrit um Kamillu.

Í desember var áhersla á rólegheit, fönður og umfjöllun um jólin. 1. desember var haldinn hátíðlegur á sal og fjallað um fullveldisdaginn. Farið var á Minjasafnið og Nonnahús á kynningu á jólnum í gamla daga og frásögn um líf og starf Jóns Sveinssonar (Nonna). Glerárkirkja var heimsótt og Pétur djákni

sagði frá jólahefðum og fallega jólasögu. Litlu jólin voru lokapunkturinn á desemberstarfinu.

Í janúar hófst samstarfsverkefni um Nonna og Manna með vinaleikskólunum Kiðagili og Tröllaborgum. Leikskólanemar komu í heimsókn og við horfðum saman á þátt um Nonna og Manna. Sömu börn komu að skoða skólann og leika við nemendur í 1. bekk.

Í febrúar áhersla á samstarf leikskóla og skóla. Unnin voru verkefni um Nonna og Manna og endað með sýningu hér þar sem nemendur leikskólanna og Giljaskóla sýndu foreldrum afrakstur samvinnunar.



Foreldraviðtöl voru í febrúar en foreldrar og nemendur höfðu áður svarað leiðsagnarmati í Mentor.

1. og 2. bekkur voru með foreldrasýningu saman á árshátíð. 1. bekkur söng, spilaði á blokkflautur og endaði á því að syngja með 2. bekk undir stjórn tónmenntakennara. Fyrir páska voru tónleikar og spiluðu nemendur tónlistarskólans fyrir samnemendur.

Á vordögum var áherslan á útiveru og skemmtun. Farið var í gönguferðir, vinaleikskólar heimsóttir og haldinn hátíðlegur vordagur þar sem 1., 2., og 3. bekkur voru saman á skólalóðinni. Farið í leiki, hoppukastali og grillaðar pylsur. Skólaslit voru 7. júní.



2. bekkur

Skólastarfið fór rólega af stað. Líkt og áður var vinabekkjadagur hjá 2. og 7. bekk. Við fórum saman í gönguferð upp í móa þar sem snætt var nesti og ber tínd.

Við tókum þátt í Norræna skólhlaupinu. Nemendur og starfsfólk gengu eða hlupu saman og góð stemning í hópnum.



Nemendur heimsóttu skemmtilegar smiðjur á þemadögum og unnu með yngri og eldri nemendum verkefni tengd stærðfræði, t.d tæknilegó, þrjóna, smíði og matreiðslu.

Á alþjóðlega bangsadayinn var dóta- og bangsadayur hjá 2. bekk. Svona dagar vekja alltaf jafn mikla gleði meðal barnanna og eru nauðsynlegir til að brjóta upp hefðbundið skólastarf.



Á Uppbyggingardaginn kom 7. bekkur í heimsókn til okkar og við unnum saman í verkefni um tilfinningar, *það sem gleður mig og það sem hryggir mig*.

Menningin fékk sinn stað á haustönn: Á Degi íslenskrar tungu var unnið með verk Þórarins og Sigrúnar Eldjárn. 2.UV söng *Maður og mús* og 2.SLR söng *Heimskringla*, bæði ljóðin eftir Þórarin. Í nóvember kom Sinfóníuhljómsveit Norðurlands með tónleika á sal. Við fórum á leiksýningu í Gleráarkirkju á vegum Stopp leikhússins og sáum verkið



Kamilla og þjófurinn. Boðskapurinn var fallegur og nemendur höfðu gaman af. Gerður Kristný kom í heimsókn og las upp úr bók sinni. Okkur var boðið á æfingu LA á verkinu *Lykillinn að jólnum*.

Í desember var skólastarf brotið upp með mörgum skemmtilegum viðburðum:

- ✓ Hátíð á sal á Fullveldisdaginn þar sem 2. bekkur spilaði á flautu.
- ✓ Stórsveit Tónlistarskólans á Akureyri kom, kynnti og lék á ýmis blásturshljóðfæri.
- ✓ Nonnahús og Minjasafnskirkja heimsótt. Nemendur kynntust jólahaldi í gamla daga.
- ✓ Vinabekkirnir, 2. og 7. bekkur, hittust á sal og fönnduðu sykurmolahús fyrir Litlu jólin.
- ✓ Steini lögga kom með umferðarfræðslu í bekkina.



- ✓ Aðventuheimsókn í Gleráarkirkju þar sem djákni ræddi við börnin.
- ✓ Helgileikur á sal þar sem 6. bekkur lék jólaguðspjallið.
- ✓ Jólástund á bókasafni þar sem Ingunn safnkennari las úr nýútkomnum bókum.

Margt fleira var gert á aðventunni. Í hópastarfi bjuggu nemendur til skálar úr pappamassa sem jólagjöf handa foreldrum. Einnig bjuggu þeir til jólakort og bökuðu smákökur sem boðið var upp á í jólakaffihúsi ásamt bío og kakói. Jólástarfi lauk með samveru á Litlu jólunum.

Á Degi stærðfræðinnar var unnið með mælingar og skráningar í daglegu starfi. 1. – 7. bekkur unnu saman og ýmsar smiðjur voru settar upp.

Á útivistardegi í mars var farið í Hlíðarfjall. Veðurguðirnir voru ekki sérlega hliðhollir en allir höfðu mjög gaman af. Gott að brjóta skólástarfið upp með samverustundum sem þessum.

Á árshátíð sýndu bekkirnir nokkrum sinnum fyrir mismunandi áhorfendahópa, aðalspenningur var fyrir foreldrasýninguna. Þar var heildarumgjörðin meiri en á nemendasýningum. 1. bekkingar spiluðu á flautu, hver bekkur sýndi sitt atriði og hópurinn söng allur saman í lokin. Fjöldi aðstandenda mætti. Að sýningu lokinni var boðið upp á ball og kaffihús. Góð samverustund með fjölskyldunni.

Á páskatónleikum spiluðu 1. og 2. bekkur á flautu, auk þess spiluðu tveir nemendur úr 2. bekk á sín hljóðfæri sem þeir hafa verið að læra á í tónlistarskólanum.

Lokatónleikar forskólakennslu í Gleráarkirkju voru í apríl. Þangað komu nemendur í 2. bekk í Giljaskóla, Glerárskóla og Síðuskóla. Skemmtilegir tónleikar með flautuspili, söng og dansi.



3. bekkur

Námsefniskynning var á skólasetningardaginn og var mæting foreldra góð.

Rifjaðar voru upp skólareglurnar og börnin bjuggu til bekkjarsáttmála.

27. ág. fóru bekkirnir í Vættagilsbrekkuna og börnin unnu saman að útiskólaverkefni.

Á Vinabekkjadeginum leystu bekkirnir skemmtilegar þrautir með 8. bekk.

Þróunarverkefnið *Orð af orði* hófst undir leiðsögn Guðmundar Engilbertssonar og hefur sú vinna litað alla (þema)vinnu í vetur. Þemaverkefni um veður var tengt því.

Yndislestur var í a.m.k. 20 mín á morgni hverjum fram til jóla.

Við hófum vinnu með Numicon en reynist erfitt að halda þeirri vinnu á stundatöflu m.a. vegna þess hve lítið er til af því efni og það umsetið.

Við höfum fastsett stöðvavinnu á stundaskrá, tvisvar í viku. Þá gátu börnin valið úr úrvali verkefna og unnið saman í hópum eða sjálfstætt.

Ensku hefur verið gert hærra undir höfði en áður. Verkefni eru nú ekki aðeins munnleg heldur eru orð og orðasambönd tengd hverju þema kennd skriflega.





Við, fjölluðum um húsdýr og fórum í Mjólkursamsöluna þar sem fylgst var með vinnsluferli mjólkurafurða. Unnið var úr ferðinni, m.a. leiðin *Orð af orði* mikið notuð. Einnig tengdum við inn í bóklega heimilisfræði og unnum með fæðuhringinn. Í lokin horfðum við á teiknimynd úr sveitinni. (The barnyard).



Foreldraviðtöl gengu vel. Enn er lögð áhersla á Mentor og fer heimavinna alfarið þar inn og fréttabréf árgangsins. Það er að auki sent heim í viðhengi á föstudögum.

Þemadagar í Giljaskóla tókust vel. Allir almennt mjög ánægðir.

Vinna með þemaverkefni um *Glókoll, lítið lærdómsævintýri*. Unnið með orðaforða. Samþætting við myndmennt og stærðfræði þar sem farið var af stað með margföldun.

Í lífsleikni var unnið með mitt/þitt hlutverk. Farið var í gengum hve misjafnar aðstæður krefjast þess að börnin leiki mismunandi hlutverk og búinn til flettistandur í stofu.

Við höfðum frjálst nesti tvisvar og einn búningadag í stofu. Allir skemmtu sér vel.

12. nóv. var Uppbyggingardagur þar sem lífsgleðin var í fyrirrúmi. Krakkarnir fengu vinabekki í heimsókn og unnu saman í þorum (eldri og yngri) að fjölbreyttum verkefnum og þrautum. Þetta tókst ljómandi vel og ánægjan skein úr hverju andliti.



Á degi íslenskrar tungu leiklásu börnin ljóð eftir Þórarín Eldjárn á sal.

Heilmikil vinna fór í að útbúa jólakort til styrktarbarns í Uganda. Börnin lögðu metnað og alúð í að gera það fallegt og einnig teiknuðu allir og skrifuðu jólakveðju.

23. nóv. fórum við í Glerárkirkju og sáum leiksýninguna um Kamillu og Þjófinn.

Við fengum Slökkvilið Akureyrar í heimsókn vegna eldvarnarviku sem haldin var um land allt. Krakkarnir fengu ítarlega fræðslu og bæði sjúkra- og slökkvibíll skoðaðir.

26. nóv. bauð Leikfélag Akureyrar okkur að koma og sjá hluta af síðustu æfingu leikverksins *Lykillinn að jólnum*. Það gekk vel og börnin voru til fyrirmyndar.

Rólegheit einkenndu desember. Þema desember var Grýla og Leppalúði og Jólakötturinn. 1. des. tókum við þátt í hátíðarhöldum. Þá var skreytingadagur í skólanum. Náttfatadagur barna og starfsfólks var í byrjun desember..

Börnin hlýddu á lestur úr nýjum bókum á skólasafni og borðuðu piparkökur.

Fleira notalegt í desember var t.d.: frjálst nesti, dótadagur, horft á helgileik á sal og sýnidagur er nemendur buðu foreldrum að sjá afrakstur vinnu sinnar.



Á litlu jólum var dansað í kringum jólatré á sal og í stofu hlustuðu börnin á jólasögu, gæddu sér á smákökum og gosi og skiptust á jólagjöfum

Í janúar var unnið með Uppbyggingarstefnu, þarfahringur rifjaður upp og gerð veggspjöld.

Hjúkrunarfræðinemi kom í heimsókn og ræddi um hreyfingu og útivist.



Janúar tileinkuðum við ævintýrum. Lesin voru íslensk ævintýri og orðaforði þeirra rannsakaður, unnið með sögu, leikrit, ljóð, myndir o.fl. því tengt.

Á Degi stærðfræðinnar var búið til hugtakakort yfir reikniaðgerðir á yngsta stigi. Í lok dags unnu 1. – 7. bekkur saman að ýmsum stærðfræðiþrautum og verkefnum.

Næsta þema var himingeimurinn. Unnið var með hugtakakort, veggmyndir af sólkerfinu útbúnar, skrifaðar frjálsar sögur, unnið með heimildir o.fl.

Ævintýrið um Þyrnirós var sett upp á árshátíð.

Á útivistardaginn var farið í Hlíðarfjall og tókst það vel.

26.mars voru síðan páskatónleikar og voru börnin stillt og prúð á sal.

Þann 16. apríl fengum við heimsókn frá Lögreglunni á Akureyri.

Við gripum tækifærið þegar fór að gjósa og skelltum okkur í þema um eldfjöll þar sem unnið var á fjölbreyttan hátt.



Þann 6. maí var útivistardagur hjá 3. bekk. Farið var í gönguferð niður að Háskóla þar sem hópar unnu fjölbreytt verkefni tengd umhverfinu. Vel heppnuð ferð.

Hinn árlegi hreinsunardagur Giljaskóla var haldinn 12. maí. Börnin fengu ákveðnum svæðum úthlutað kringum skóla til hreinsunar. Allir lögðu hönd á plóginn og afraksturinn varð hrein og falleg skólalóð. Að launum fengu allir Svalafernu.

Nokkuð mörg börn úr árgangnum kvöddu skólann í vor.

Síðustu fjóra skóladagana voru ýmsar óvæntar uppkomur s.s. pizzuveisla fyrir árganginn, ratleikur þar sem allir fengu sleikjó í verðlaun, sameiginlegt Vorsprell með 1. og 2. bekk þar sem grillaðar voru pylsur, hoppukastali á staðnum. Síðan var spilað, horft á DVD og brallað ýmislegt skemmtilegt.

4. bekkur



Skólastarfið fór rólega af stað. Haustið fór að mestu leyti í undirbúning fyrir samræmdu prófin í september.

Í september var vinabekkjadagur í 9. og 4. bekk. Hópunum var skipt í tvennt, annars vegar spiluðu nemendur inni og hins vegar var farið í hafnabolta úti. Dagurinn gekk vel.

Um miðjan september tókum við þátt í Norræna skólahlaupinu

sem er árlegur viðburður.

Kennaranemar byrjuðu kennslu í 4. KMP í október og fórum við af stað með stöðvavinnu í stærðfræði þar sem árgangnum var blandað og skipt í hópa.

Þemadagar 1.-7. bekkjar voru í vikunni fyrir haustfrí og unnið var með ýmsa þætti stærðfræði.





Í október hófum við vinnu við samfélagsfræðiverkefnið „Lífið áður fyrr“. Í tengslum við það fórum við á Minjasafnið, fengum fræðslu um gamla þjóðhætti Íslendinga og horfðum á þættina um Nonna og Manna. Einnig söfnuðum við gömlum munum að heiman og bjuggum til minjasafn í skólastofunni.

Uppbyggingardagur var 12. nóvember. Þá kom 9. bekkur í heimsókn og við unnum saman í hópum. Verkefni voru: draumaskólinn, gleði og ánægja og framkoma. Útkoman var velheppnuð veggspjöld.

Ýmislegt var gert á haustönn tengt menningu og listum: Á Degi íslenskrar tungu var unnið með verk Þórarins og Sigrúnar Eldjárn. Nemendur hittust á sal, fluttu ljóð, sungu eða sýndu myndir. Gerður



Kristný kom í heimsókn, kynnti bækurnar sínar og las úr nýútkominni bók. Í lok nóvember bauð Leikfélag Akureyrar okkur að koma og sjá æfingu leikverksins *Lykillinn að jólnum*. Krakkarnir fengu að fara baksviðs eftir sýninguna til að skoða og spjalla.

Í desember fönnduðum við og gerðum m.a. fallega engla sem krakkarnir gáfu foreldrum í jólagjöf. Einnig var okkur boðið að skreyta stofuna hjá sérdeild. Við tókum þátt í svalasöng. 1. desember var hátíð á sal. Við horfðum á helgileik hjá 6. bekk og 17. des. hittum við vinabekkinn. Krakkarnir komu með smákökur á hlaðborð en fengu kakó í boði skólans. 18. des. voru Litlujólin þar sem dansað var íkringum jólatré á sal og í stofu hlustuðu börnin á jólasögu, borðuðu kökur og skiptust á jólagjöfum.

Í febrúar vorum við með sérstakt heimaverkefni sem heitir *Fágæti og furðuverk* en það var hugsað til að auka lesskilning og -áhuga. Nemendur völdu þoka með ákveðnu þema sem í voru lestrarbækur og hlutir tengdir þemanu. Verkefnið mæltist vel fyrir hjá börnum og foreldrum.

Árshátíðin var síðan haldin hátíðleg þann 24. og 25. mars. 4. GEH spilaði og söng Lala lagið eftir Hvanndalsbræður og 4. KMP lék leikrit og söng eitt lag.



Á Degi stærðfræðinnar í mars unnu 1., 2., 4. og 7. bekkur saman að fjölbreyttum verkefnum.

17. mars fórum við á skíði í Hlíðarfjalli. Þrátt fyrir leiðindaveður þennan dag skemmtu allir sér konunglega. Daginn fyrir páskafrí var okkur síðan boðið á hina árlegu páskatónleika.

Í apríl fengum við 3 landsliðsmenn í handbolta í heimsókn. Krakkarnir tóku þeim vel og spurðu þá spjörum úr. Þann dag fengum við einnig að sjá nokkrar stuttmyndir sem unglingsdeildin tók upp fyrir árshátíð Giljaskóla.

Hreinsunardagur var í maí. Krakkarnir tíndu rusl, sópuðu stéttar og hreinsuðu beð. Allir fengu Svala sem við drukkum í sól og blíðu. Nemendur tóku virkan þátt og voru duglegir.

Um miðjan maí var prófvika hjá okkur. Eftir það eyddum við meiri tíma úti við lærdóm og leik. M.a. var útistærðfræði með áherslu á mælingar. 17. maí var haldið frjálsíþróttamót milli allra 4. bekkja á Akureyri. Krakkarnir kepptu í langstökki,





hlaupi, boðhlaupi og reiptogi. Giljaskóli fékk að sjálfsögðu flest stig og fór heim með bikar í farteskinu. Við hjálpuðum til við að planta 100 plöntum sem Giljaskóli fékk að gjöf. Á vorhátíð í júníbyrjun fórum við í ratleik o.fl. og enduðum daginn heima hjá Gumma, grilluðum pylsur og höfðum það notalegt.

5. bekkur

Haustið hófst rólega, ekkert um heimavinnu fyrstu vikunnar. Í september var farin vettvangsferð í náttúrufræði og settar upp skordýragildir sem vitjað var hálfum mánuði síðar. Nemendur unnu áfram með skordýrin í skólanum þar sem þau voru skoðuð í smásjá og greind eftir skordýralykli. Í famhaldinu var farið í námsefni tengt heimabyggðinni.

Vinabekkjadagur var 3. september. 5. og 10. bekkur fóru í gönguferð upp í Lögmanshlíðarkirkju og fengu fræðslu frá Pétri Þorsteinssyni um kirkjuna, borðuðu nesti og fóru í leiki. Vel heppnuð ferð.

Á þemadögum var efnið *Stærðfræði í dagsins önn*. Nemendur voru ánægðir með dagana.

Að vanda tók 5. bekkur þátt í Lífsleikniverkefninu POR (þú og raunveruleikinn) Verkefnið er samstarfsverkefni Lögreglunnar á Akureyri og forvarnarfulltrúa Akureyrarbæjar og á að stefna að auknum þroska og skilningi. Verkefnavinnan hófst með því að 5. bekkur fór á lögreglustöðina þar sem húsnæðið var skoðað og fræðst um góða hegðun. Nemendur skoðuðu hvaða búnað lögreglan notar við að handtaka fólk, einnig fangaklefana, sem slógu í gegn. Nokkrir fengu að kynnast því hvernig er að vera lokaður inni. Þetta var upphafið að 5 vikna samvinnuverkefni milli lögreglunnar og skólans.

Á Degi íslenskrar tungu var um tvö skáld að velja, Sigrúnu og Þórarinn Eldjárn. Nemendur fluttu ljóð eftir þau og tókst vel. Daginn eftir kom Sinfóníuhljómsveit norðurlands í heimsókn.

Desembermánuður var rólegur, lítið um próf og fengu börnin að föndra snemma í desember og skreyta stofunnar. 1. des. var fánafata- og skreytingadagur. Almenn ánægja var með það hjá nemendum að skreyta svona snemma. Farið var á sal þar sem flutt var dagskrá tengd fullveldisdeginum. Svalasöngur ómissandi á morgnanna og áður en farið var í jólafrí var okkur boðið upp á þriðju hæð í kakó og smákökur með vinabekknunum. Mjög notaleg stund.

Í janúar tókum við nokkrar kannanir þar sem sá tími virðist henta foreldrum. 16. febrúar voru foreldraviðtöl. Farið var yfir leiðsagnarmat sem nemendur og foreldrar höfðu útfyllt heima. Flestir létu í ljós ánægju með þetta fyrirkomulag, en að þessu sinni voru ekki foreldraviðtöl í tengslum við námsmat. Vetrarfrí var 18. og 19. febrúar.

Á árhátíð voru bekkirnir með frumsamin leikrit sem tókust mjög vel. Árhátíðin var 22. – 26. mars. Páskátónleikar nemenda úr tónlistarskólanum voru rétt fyrir páska.

Í byrjun apríl var útivistardagurinn haldinn í Hlíðarfjalli. Dagurinn var góður og krakkarnir duglegir að renna sér. Allir voru ánægðir í lok dags.

Í maí stóð UFA fyrir frjálsíþróttamóti fyrir alla 5. bekki á Akureyri. Virkilega flott og vel að öllu staðið.

Í byrjun júní voru íþróttaleikar fyrir 5.-7. bekk þar sem skipt var í lið þvert á stigin m.a. var farið í boðhlaup, stígvélakast svo eitthvað sé nefnt. Vorferðin var svo farin 4. júní.



6. bekkur

Á haustdögum fóru bekkirnir með vinabekk sínum 1. bekk í gönguferð í kringum skólann. Eftir göngutúrinn voru allir saman úti að leika í allskonar leikjum.

Í september fóru bekkirnir hvor í sínu lagi í siglingu á Húna II. Hollvinir Húna II. standa að ferðunum í samstarfi við Háskólann á Akureyri og Skóladeild Akureyrarbæjar með stuðningi Saga Capital. Ferðirnar heppnuðust frábærlega og voru bekkirnir heppnir með veður. Krakkarnir fengu að veiða fisk og var aflinn grillaður um borð, auk þess fengu þeir fræðslu um hinar ýmsu lífverur hafsins.



Norræna skólahlaupið var á sínum stað og var í fyrsta skipti tekið saman hversu marga kílómetra árgangurinn hljóp. G.S bekkurinn var heldur duglegri þetta árið.



Á haustdögum fórum við líka í hjólaferð að Hundatjörn. Þar náðum við okkur í sýni sem við settum í fiskabúr og vorum með í stofunni í tvo mánuði. Ótrúlegt hvað það lifði vel í búrunum okkar.

Pemavika var haldin vikuna fyrir haustfríið að þessu sinni og var vinnan tengd stærðfræðinni. Unnið var með ýmsa þætti sem tengjast stærðfræðinni í okkar daglega lífi.



Á Uppbyggingardaginn unnum við með vinabekkjum okkar verkefni tengt þörfum og vináttu. Börnin bjuggu m.a. til vinabönd og gáfu hvert öðru.



Dagur íslenskrar tungu var haldinn hátíðlegur 16. nóvember. Við tókum þátt í dagskrá á sal.

Í byrjun desember voru við svo heppinn að foreldri sem starfar hjá Rauða krossinum bauð okkur að koma í heimsókn í Rauðakrosshúsið og fá kynningu á starfsemi þess og læra grunnatriðin í skyndihjálpi. Fengu krakkarnir að hnoða og blása í dúkkur. Var þetta frábær upplifun og krakkarnir gleymdu alveg tímanum við þetta.



Á aðventunni ákváðum við að bjóða vinabekk okkar upp á heitt súkkulaði og rjóma í matsalnum. Hugmyndin var góð en ekki tókst eins vel til með súkkulaðið og endaði það sem kakó með rjóma, en þrátt fyrir það áttum við góða stund með litlu krökkunum í salnum.

Ekki er nú hægt að fara í gegnum aðventuna án þess að minnst á hvað 6. bekkur stóð sig vel í helgileiknum sem sýndur var á hinni árlegu jólaskemmtun.

Nýja árið tók á móti okkur með nýjum þroskabreytingum. Þurftum við að fara í smá hegðunaráttak og vera dugleg að rifja upp almenna kurteisi og tillitssemi. Bekkjafundir voru haldnir auk þess sem bekkjunum var skipt upp í minni hópa til að fara í félagsfærnitíma. Við fengum heimsókn frá sérkennara þar sem spjallað var um hversu ólík við erum, höfum ólíkar þarfir og notum mismunandi aðferðir til að læra. Einnig þurftum við reglulega að rifja upp hlutverk kennara og nemenda.



Útivistardagurinn var haldin í Hlíðarfjalli þegar átti að heita að farið væri að vora. Veðrið var brjáláð, rok og skafrenningur og engin hætta á sólbruna. Hótelið var vinsælasti staður dagsins.

Minjasafn Akureyrar fékk góða gesti þegar 6. bekkur mætti eldhress á sýninguna *Matur fyrr og nú*. Fórum við á vegum Öldu heimilisfræðikennara. Einnig vorum við svo heppin að fá að fara í Nonnahús og hlusta á spennandi „sannsögulegar“ draugasögur. Púlsinn var töluvert hærri þegar við löbбуðum þaðan út en þegar við mættum.



Í vetur kenndum við stærðfræði í getuskiptum hópum. Kom það vel út þar sem það efldi námsárangur og samheldni milli nemenda. Einnig kenndum við krökkunum vinnu út frá aðferðinni *Orð af orði/orðaforði* sem er kennsluáferð við greiningu orða, gerð ljóða og hugtakakorta. Margt skemmtilegt spratt fram í þessari vinnu.

Samskipti nemanda hafa verið með eindæmum góð í vetur. Árgangurinn nær mjög vel saman og eru krakkarnir góðir vinir. Lítið var um árekstra. Veturinn var svo kvaddur með frábærri vorferð og rosa pizzuveislu.

Verkefni í félagsfærni í 6. bekk veturinn 2009-2010

Markmið með félagsfærni-/ hópeflistímum var að bæta samskipti í árganginum. Unnið var með uppbyggingarstefnu skólans í huga. Var hver nemandi u.þ.b. tvisvar í mánuði á fundum, um 30-40 mínútur í senn. Í tímunum var hálfur bekkur hjá undirritaðri og hinn hjá umsjónarkennara. Fundir voru í formi umræðu. Ekki voru neinar mælingar um árangur að ræða enda verkefnið nýtt og stundum verið að taka á „púlsinum“ hverju sinni.

Efni/markmið fundanna var í stórum dráttum:

- Að breyta og vera jákvæður í viðhorfum og samskiptum við aðra.
- Að nemendur verði færari í að takast á með uppbyggilegum hætti, að vera jákvæðir, meta gildi þess að vera í góðum samskiptum við samferðamenn sína í skóla og annarsstaðar.
- Að styrkja jákvæða sjálfsmynd.
- Að auka þekkingu nemenda á aðferðum við að leysa ágreining á friðsamlegan hátt en ekki með ofbeldi.
- Að hafa stjórn á reiði sinni.
- Hlustun.
- Rætt um hlutverk uppreisnarseggs í hópi nemenda. Hvað er til bjargar ?
- Að grípa frammi fyrir fólki, fundafærni almennt.
- Umburðarlyndi, trúnaður, að gefa af sjálfum sér.
- Að gera grín á kostnað annarra.
- Að tala fólk og sjálfan sig “niður og upp”.

Efni/vegvisar sem kennari hefur notað til undirbúnings fyrir félagsfærnitímana:

Hef lesið og hlustað á margt gott efni sem snertir það sem farið var í á hverjum tíma. Þá hefur undirrituð rétt til að nota Lions Quest efnið og hefur nýtt það. *Að ná tókum á tilverunni, Að vaxa úr grasi*, sem er þýtt efni styrkt af Lionshreyfingunni á Íslandi og hjálparsjóði Alþjóðahreyfingar Lions



LCIF og *Í sátt og samlyndi*, þýtt efni, einnig Lions Quest. *Klárari en þú heldur* eftir T.Armstrong. Kíkt í greinar eftir Dalai Lama, Karl Sigurbjörnsson o.fl.

7. bekkur

Nemendafjöldi 34, 22 strákar og 12 stelpur.

Fyrsta uppbot skólaársins var vinabekkjadagur. Þá fór 7. og 2. bekkur saman í berjamó upp í fjall í mjög góðu veðri.

Norræna skólahlaupið var hlaupið í Giljaskóla í blíðskaparveðri 9. september þar sem allir voru duglegir og kepptust við að hlaupa sem flesta hringi.

Nemendur í 7. bekk tóku samræmd próf í íslensku og stærðfræði.

Farið var í skólabúðir að Reykjum í Hrútafirði eina viku í október. Nemendur söfnuðu sjálfir fyrir öllum kostnaði. Ferðin gekk vel í alla staði og voru nemendur skólanum og sjálfum sér til mikils sóma bæði námslega og félagslega. Allir skemmtu sér mjög vel og mun þessi ferð verða lengi í minnum höfð.

Á Uppbyggingardaginn vann 7. bekkur að verkefni um gleði og sorg með vinabekk sínum, 2. bekk.

Í tilefni af Degi íslenskrar tungu 16. nóvember var dagskrá á sal þar sem nemendur úr 7. bekk lásu ljóð eftir Þórarin Eldjárn.

Árgangurinn fékk í heimsókn til sín tvo bændur sem kynntu sveitastörfin og unnin voru verkefni tengd efninu.

1. desember var fullveldishátíð á sal. Þennan dag voru stofur og skóli skreyttur fyrir jólin. Viku síðar hittust 7. og 2. bekkur og nemendur bjuggu til ljósker úr sykurmolum fyrir Litlu-jólin. Það voru hefðbundin stofujól og síðan var gengið í kringum jólatréð þar sem foreldrar spiluðu undir söng.

Á degi stærðfræðinnar voru útbúnar stöðvar um mælingar þar sem nemendur 7. bekkjar aðstoðuðu yngri nemendur.

Farið var í Hlíðarfjall einn daginn þar sem nemendur renndu sér á hinum ýmsu snjóleikföngum við mikinn fögnuð.

Eftir Dag íslenskrar tungu var byrjað að æfa skipulega framsögn og upplestur. Átakinu lauk með bekkjarkeppni þar sem valdir voru fulltrúar hvors bekkjar fyrir sig. Haldin var keppni á sal þar sem valdir voru fulltrúar skólans til að taka þátt í úrslitum Stóru upplestrarkeppinnar í sal Menntaskólans á Akureyri 17. mars. Nemendur frá okkur stóðu sig vel þar þó þeir hafi ekki unnið til verðlauna.

Báðir bekkirnir voru með frumsamin atriði á árshátíð sem gengu mjög vel.

Nemendur unnu sérfræðingaverkefni í landafræði. Þeir völdu sér land og unnu kynningu á sínu landi sem þeir fluttu fyrir foreldra. Krakkarnir lögðu í þetta mikla vinnu, höfðu gaman af og árangur var góður.

Frjálsíþróttamót var haldið 27. maí á íþróttasvæðinu við Hamar. Nemendur kepptu í hinum ýmsu greinum við aðra 7. bekkinga á Akureyri.

1. júní var haldinn íþróttadagur (Litlu Giljaleikarnir) þar sem miðstigið fór í alls konar leiki og keppnir.



Vorferðin var með svipuðu sniði og í fyrra þar sem farið var í ratleik frá skólanum um bæinn og endað í grillveislu heima hjá einum kennara. Veðrið var frábært, allir skemmtu sér konunglega og fengu mikið út úr hreyfingu dagsins.

8. bekkur

Skóli hófst á skólasetningu og bókarkynningu.

Grenndargralið hófst með lítið eitt breyttu sniði í lok ágúst. Nokkrir úr árganginum tóku þátt.

8 og 3. bekkur var með íþróttamót með nýjum íþróttagreinum. Nemendur unnu vel saman í hópum. Ákveðið var að gera síðar eitthvað skemmtilegt saman innanhúss. Veður var með besta móti og við fengum skemmtilega samveru úr þessum degi. Við hlupum Norræna skólahlaupið og dagurinn var vel heppnaður. Nokkrir kennarar tóku þátt og stóðu sig vel.

Leiðsagnarmat og foreldraviðtöl fóru fram 6. október. Í leiðsagnarmatinu mátu nemendur og foreldrar stöðu nemanda í hverri grein. Einnig mátu kennarar nemendur og gekk þetta vel.

Þorgrímur Þráinsson kom og las fyrir unglingastig uppúr bók sinni 009. Nemendur höfðu mjög gaman af og leist vel á bókina sem virtist æsispennandi og gerist á Akureyri.

Á Uppbyggingardaginn var unnið með nemendum í 3. bekk og einum úr sérdeild. Unnið með þörfina að tilheyra og ábyrgð og gleði. Farið var í spil og þrautir. Allt hin besta skemmtun.

Nemendur 8 .bekkjar fluttu þjóðsöguna um *Hellismenn* í Brekkuskóla á Degi íslenskrar tungu. Ásta Guðrún og Eva Laufey láu upp söguna á meðan aðrir nemendur léku látbragðsleik um atburðina jafn óðum. Seinnipart þessa dags las Eva Laufey upp ljóð eftir Jónas Hallgrímsson í Ketilhúsinu að viðstöddu fjölmenni, þar á meðal menntamálaráðherra.

Þol verkefni (Þú og Lífið) forvarnarfulltrúa Akureyrarbæjar var svo í nóvember en hópur fólks kom með forvarnarfulltrúa að gerð fræðslupakka fyrir unglinga. Viðfangsefni voru: áfengi og vímuefni, kynferðisofbeldi og kynhegðun, geðheilbrigði, tölvu- og farsímanotkun.

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands kom í árlega heimsókn. Aðeins fjórir hljóðfærarleikarar úr strengjasveit hljómsveitarinnar komu að þessu sinni og kölluðu þeir þetta „krepputónleika“.

Alþjóðleg könnun um heilsu og líðan ungmenna í 40 löndum, tekin á 4 ára fresti var lögð fyrir 6, 8, og 10. bekk 26. nóvember.

Fullveldisdagurinn var haldinn hátíðlegur 1. desember með skemmtun á sal. Nemendur og starfsmenn klæddust í fánaliti, rifjaðir voru upp atburðir 1. des. 1918 og ættjarðarlög sungin.

Nemendur og kennarar gerðu sér oft glaðan dag síðustu þrjár vikur fyrir jólafrí. Meðal þess sem nemendur í 8. bekk tóku þátt í var söngur á sal, skreyting á stofu og náttfatadagur.

Við annaskil fóru nemendur heim með einkunnir eða stöðumat. Nú var gerð tilraun með að tengja þetta ekki foreldraviðtölum og fannst flestum það takast vel.

Dagur Stærðfræðinnar: Þemað var að þessu sinni stærðfræði og hugtakakort. Nemendur unnu verkefni sem stærðfræðikennarar á unglingastigi höfðu útbúið í tilefni dagsins.

Á bolludaginn seldu nemendur 10. bekkjar bollur í fjáröflunarskyni tilefni dagsins. Skemmtileg tilbreyting í skammdeginu.



Í foreldraviðtölum fóru nemendur, foreldrar og umsjónarkennarar yfir leiðsagnarmatið. Fleiri voru ánægðir með fyrirkomulagið, að láta leiðsagnarmatið liggja til grundvallar, en nokkrum fannst viðtölin of stutt. Nokkrum nemendum þótti óþarfi að þeir kæmu í foreldraviðtöl.

Á Stuttmýndadögum höfðu nemendur á unglíngastigi skrifað handrit sem var jafnframt hluti af íslenskunámi þeirra. Sjö handrit enduðu á hvíta tjaldinu. Einn hópur bjó til verðlaunagripi og skreytingar fyrir árshátíð. Átta hópar voru þvert á bekki og deildir. Nemendur í 8. bekk stóðu sig vel, léku m.a. lykilhlutverk og leikstýrðu. Sýningar voru svo haldnar fyrir foreldra og nemendur og verðlaun veitt fyrir bestu mynd o.fl.

Nemendur 10. bekkjar héldu árshátíðarball fyrir unglíngastig allra grunnskóla á Akureyri. Um kvöldið var Giljarinn afhentur. Sigurður Gunnarsson sá um að þeyta skífum fram eftir kvöldi. Gaman var að sjá hve margir úr 8. bekk mættu þrátt fyrir að margir væru í íþróttuferðalögum.

Tveir nemendur úr 8. bekk tóku þátt í Skólahreysti og er þess skemmst að minnast er skólinn sigraði í keppninni á Akureyri en varð í 11. sæti í aðalkeppninni í Reykjavík.

Farið var í fjallið í blíðskaparveðri. Nemendur fóru á svígs kíði, bretti eða gönguskíði þeim að kostnaðarlausu. Útivistardagurinn var ánægjulegur og veðrið lék við okkur. Þó tókst tveimur dömum úr 8. bekk að ganga næstum að kennara sínum dauðum á gönguskíðum í ótroðinni braut. Frábær dagur. Nokkrir fengu að verða eftir og voru þá sóttir af foreldrum.

Nokkrir nemendur skólans sem stunda nám við Tónlistarskólann á Akureyri komu fram á tónleikum og aðrir nemendur skólans hlýddu á. Í lok þess dags hófst páskafrí.

Þrír landsliðsmenn í handbolta heimsóttu skólann og spjölluðu við nemendur.

Giljaskólaleikar fóru fram undir stjórn Einvarðar íþróttakennara þar sem keppt var í ýmsum óhefðbundnum greinum. Í lokin fór fram hinn árlegi stórleikur í knattspyrnu milli starfsmanna og verðandi útskriftarnema. Eins og ávallt ríkti gleði þann dag.

Í lok maí settu kennarar á unglíngastigi saman ratleik úr öllum greinum sem fór fram um stærstan hluta bæjarins. Námsgreinar, ásamt sögu Akureyrar, voru tengdar vinnu á stöðvum. Mikil og góð keppni varð hópa á milli og er það mál manna að endurtaka skuli leikinn að ári.

Uppbygging: Farið var í mitt og þitt hlutverk með öllum hópum, skýr mörk, hvernig persóna vil ég vera?, þarfirnar flokkaðar og unnið með þarfahringinn og tungumálið.

Tvö eldgos á landinu hafa verið okkur góður efniviður í starfi. Myndir á netinu og í dagblöðum voru nýttar í beina og óbeina kennslu. Fyrirverandi bankastjórar sitja í gæsluvarðhaldi, svo nokkuð sé nefnt af fréttum vetrarins. Þetta hefur gripið nemendur sem eitthvað óvenjulegt og nokkuð verið notað til að ræða vandamál líðandi stundar.

8. bekkur hefur sótt tíma á bókasafni og hafa umsjónarkennarar notað sér að halda bekkjarfundi og ræða ýmis mál hjá hinum hópnum á meðan. Þessir bekkjarfundir með hálfum bekkjunum hafa gefið mjög góða raun.

9. bekkur

Báðar bekkjadeildir 9. bekkjarfengu hvorn sinn nýja nemandann um haustið.

Í 9. SKB eru samskipti almennt góð milli nemenda. Unnið hefur verið með bætt samskipti í 9. AMS með ágætum árangri.



Í lífsleikni hefur verið farið í atriði tengd uppbyggingarstefnunni. Farið var í mitt og þitt hlutverk með öllum og veggspjöld hengd upp. Í framhaldinu var farið í skýr mörk og hengt upp. Hvernig persóna vil ég vera?, þarfirnar flokkaðar og farið í leiki. 9. AMS fór í verkefni um mannréttindi. Unnið með tungumálið. Kennarar hengdu upp spjöld með nýtilegum setningum. Undir vor var farið í verkefni tengt heilbrigðum lífstíl. Þá var nemendum skipt í nokkra hópa sem unnu veggspjöld. Þau voru síðan hengd upp eftir vel heppnaðar kynningar. Bekkjargundir voru haldnir reglulega um málefni líðandi stundar.

Í fyrstu viku september var vinabekkjadagur í 9. og 4. bekk. Annars vegar voru nemendur inni að spila (52 spil) og hins vegar var farið í Rounders úti. Dagurinn gekk vel og flestir ánægðir. Mikið var um að yngri krakkarnir kenndu þeim eldri ný spil.



Í september var Norræna skólahlaupið. Hægt var að velja milli nokkurra vegalengda og var árangurinn mjög góður. Kennararnir voru líka mjög duglegir að hlaupa.

Seint í september voru kosningar á sal til nemendaráðs. Fyrir 9. SKB var Hreiðar Kristinn Hreiðarsson kosinn og fyrir 9. AMS var Dagur Elí Guðnason. Þeir hafa reglulega farið á fundi og hefur nemendaráð staðið fyrir uppákomum s.s. fatalitadagar og hattadagur

Foreldraviðtöl voru tvisvar yfir veturinn, í október og febrúar. Farið var yfir leiðsagnarmat sem nemendur og foreldrar höfðu útfyllt heima. Flestir létu í ljós ánægju með þetta fyrirkomulag, en að þessu sinni voru ekki foreldraviðtöl í tengslum við námsmat.



Um miðjan nóvember var Uppbyggingardagur í skólanum. 9. bekkur fór niður til 4. bekkjana og unnin voru veggspjöld. Nemendur máttu velja milli verkefnanna draumaskólinn, framkoma við mig, gleði o.fl. Útkoman var vel heppnuð veggspjöld sem prýða nú vegg.

Á Degi íslenskrar tungu fórum við í Síðuskóla og hittum aðra níundu bekki bæjarins. Þema dagsins var þjóðsögur og flutti 9. AMS Gilitrutt og 9. SKB flutti atriði úr samskiptum Sæmundar fróða og kölska. Nemendur þáðu veitingar og voru skóla sínum til sóma.

Í nóvember. fóru nemendur 9. bekkja í fylgd Völu deildarstjóra í Maritafraeðslu í Rósenborg. og nokkrum dögum síðar fengu nemendur heimsókn frá Aflinu og forvarnarfulltrúa Akureyrarbæjar. Fjallað var um kynferðislegt ofbeldi.

1. des fánafatadagur, skreytingadagur. Almenn ánægja með það hjá nemendum að skreyta svona snemma. Farið var á sal þar sem dagskrá var tengd fullveldisdeginum. Ekki var um hefðbundinn prófatíma að ræða, en töluvert álag var á nemendum aðra vikuna í desember þegar verið var að ljúka kaflaprófum. 18. des. voru litlu jólin. Nemendur mættu í stofu og áttu rólega stund með kennara. Síðan var farið niður á sal og dansað kringum jólatréð við undirspil hljómsveitar. Að dansi loknum var farið aftur í stofu og nesti borðað og skipst á jólagjöfum.

Í febrúar fór 9. SKB í óvissuferð með foreldrafulltrúum. Farið var á nokkra staði innanbæjar þar sem efnt var til keppni milli hópa, nokkurs konar ratleik og hélt leikurinn áfram þegar inn í sveit var komið. Endaði hópurnir svo á að gista að Hólavatni. Ferðin heppnaðist mjög vel.



Hinir árlegu stuttmyndadagar unglिंगadeildar voru haldnir dagana 9.-12. mars. Kennsla var brotin upp og nemendum skipt í 7 hópa. Hver hópur tók eina stuttmynd. Almenn ánægja var með þessa vinnu. Einn hópur til viðbótar vann að skreytingum fyrir árshátíðina.

Viku síðar voru stuttmyndirnar sýndar á sal og foreldrum og systkinum boðið. Að sýningu lokinni voru kosningar um bestu myndina o.s.frv. Verðlaunaafhending fór fram tveimur dögum seinna, á árshátíð unglिंगeildar.

Í mars tóku fulltrúar skólans þátt í Skólahreysti, Norðurlandsriðli. Frá skólanum fóru Númi Kárasón, 8. EEP, Snjólaug Heimisdóttir og Sigfús Elvar Vatnsdal, bæði úr 9. SKB og Álfhildur Rögn Gunnarsdóttir úr 10. KJ. Giljaskóli fór með sigur úr bítum og var stefnan sett á úrslitakeppnina í Laugardalshöll. Rúta full af eftirvæntingarfullum unglिंगum fór til Reykjavíkur til að styðja við bakið á liði Giljaskóla. Nemendur keyrðu snemma morguns af stað og komu heim þreyttir seint um nóttina. Árangurinn var ágætur og lenti liðið í 11. sæti.

Í mars var útivistardagur unglिंगadeildar. Farið var í Hlíðarfjall og renndu unglिंगarnir sér á skíðum og brettum fyrrihluta dagsins. Veðrið var ágætt og flestir ánægðir með daginn.

Nemendur sem stunda nám við Tónlistarskólann komu fram á páskatónleikunum á sal og aðrir nemendur hlýddu á. Fulltrúi 9. bekkjar var Aldís Bergsveinsdóttir sem spilaði á fiðlu.

Breytingar urðu í 9. AMS í mars þegar Anna María umsjónarkennari fór í veikindaleyfi. Í hennar stað kom Helga Jónasdóttir og var hún umsjónarkennari bekkjarins út skólaárið.

Nemendur Sigfúsar kepptu í Best-stærðfræðikeppninni og höfðu fullt hús stiga. Í þrautalausnakeppni fengu þau 32 svör rétt af 40 sem dugði þeim í undanúrslit með 9 öðrum skólum. Smíða þurfti líkan sem tengdist orku og stærðfræði. Valin var Glerárvirkjun og vinnan tók mikinn tíma. Fjórir einstaklingar fóru svo til Reykjavíkur. Undanúrslit og úrslit fóru fram ásamt sýningu á bekkjarverkefnum í húsi Menntavísindasviðs HÍ. Rósa I. Tómasdóttir, Snjólaug Heimisdóttir, Arnþór G. Finnsson og Þorsteinn I. Stefánsson kepptu fyrir hönd bekkjarins í undanúrslitum og komust í úrslit, enduðu í þriðja sæti og fengu í verðlaun 40.000 kr. Líkanið var sett upp framan við skrifstofu skólans.

Í apríl komu þrír handboltalandsliðsmenn og spjölluðu við nemendur í 4. - 10. bekk, svöruðu spurningum og gáfu veggspjöld í allar stofur. Þeir voru mjög ánægðir með heimsóknina og spurningar krakkanna.

Hreinsunardagur var um miðjan maí. Nemendur, tíndu rusl og fengu svo Svala í lokin.

Giljaskólaleikar fóru fram í lok maí undir stjórn íþróttakennara. Nemendur á unglिंगastigi kepptu í ýmsum óhefðbundnum greinum s.s. stígvélakasti, kuldagallahlaupi, eggjakasti o.fl. Eins og ávalt var mikil gleði ríkjandi.

Vorferð var farin í Kjarnaskóg. Þar var farið í leiki og þar þæst leikinn Capture the flag sem er skemmtileg. Ferðin var í alla staði vel heppnuð.



10. bekkur

Í lok skólasetningar þann 24. ágúst héldu umsjónarkennarar sameiginlega námskynningu. Foreldrum gafst kostur á að skoða kennslubækur. Mæting var dræm en umræður góðar.

Á Vinabekkjadaginn fórum við með 5. bekk og nemendum sérdeildar, sem tilheyra árgöngunum, í gönguferð í Lögmannahlíð. Pétur djákni sagði okkur sögu staðarins. Við skoðuðum kirkjugarðinn og kirkjuna. Veður var gott og fengum við góðan sögutúr og samveru.

Kennarar nemendur og foreldrar hittust í haust og lögðu línurnar fyrir fjáröflun vetrarins. Var vel mætt og mikið skrafað. Kosið var í nefndir vegna fjáröflunar og ferðalagið skipulagt.

Seinni hluta september unnu umsjónarkennarar leiðsagnarmat til yfirferðar með nemendum og foreldrum í foreldraviðtölum í október. Var almenn ánægja með þetta fyrirkomulag.

Þorgrímur Þráinsson kom í heimsókn og las fyrir unglingastigið úr bók sinni 009. Nemendur höfðu gaman af þessu og leist vel á bókina sem virtist æsispennandi og gerist á Akureyri.

Í byrjun nóvember fór árgangurinn í heimsóknir í VMA og MA. Námsráðgjafar skólanna tóku vel á móti nemendum, fóru yfir mismunandi námsleiðir, kynntu félagslíf og buðu léttar veitingar. Krakkarnir fengu að ganga um skólana og skoða það sem á vegi þeirra varð.

Leitinni að grenndargralinu, sem hófst í byrjun september, lauk 10. nóvember með sigri tveggja stúlkna úr Síðuskóla. Fjórar stúlkur úr 10. bekk í Giljaskóla náðu framúrskarandi árangri þegar þær kláruðu allar þrautirnar sem lagðar voru til grundvallar.

Að venju héldu nemendur og umsjónarkennarar 10. bekkjar Uppbyggingardaginn hátíðlegan. Unnið var með dyggðina gleði ásamt nemendum í 5. bekk og sérdeild. Farið var í ýmsa leiki.

16. nóvember heimsóttu nemendur 10. bekkjar Lundarskóla í tilefni af Degi íslenskrar tungu. Þemað var þjóðsögur. Nemendur í 10.BKÓ fluttu eigin leikútgáfu af sögunni um Jón hrak en nemendur í 10.KJ léku Draughshúfuna. Allir nemendur komu fram og voru skólanum til sóma.

Forvarnarfulltrúi Akureyrarbæjar kom í skólann ásamt föruneyti og ræddi um kynferðislegt ofbeldi. Alþjóðleg könnun um heilsu og lífshjör skólanema var lögð fyrir 10., 8. og 6. bekk.

Desember var tími uppbrots. Fullveldisdagurinn var haldinn hátíðlegur. Í desember héldu krakkarnir böll fyrir yngsta- og mistig skólans í tengslum við fjáröflun 10. bekkjar. Jólaandinn sveif yfir vötnum, jólalög, farið í leiki og sjoppa opin. Nemendur og kennarar gerðu sér oft glaðan dag síðustu vikur fyrir jólafrí. M.a. var söngur á sal, skreyting stofu og náttfatadagur.

Dagur stærðfræðinnar var 5. febrúar. Þemað var stærðfræði og hugtakakort. Nemendur unnu verkefni sem stærðfræðikennarar höfðu útbúið í tilefni dagsins.

Nemendur héldu vel heppnað fjáröflunarboll í Sjallanum fyrir unglinga bæjarins með aðstoð foreldra og umsjónarkennara. Í október hófu nemendur að selja snúða einu sinni í viku og kaffibrauð handa starfsmönnum einu sinni í mánuði. Þetta var liður í fjáröflun 10. bekkjar.

Jóhanna Jónsdóttir hjúkrunarfræðinemi í HA kom í heimsókn. Hún var í klínísku námi í Giljaskóla dagana 8.-12. febrúar og hélt erindi fyrir 10. bekk um kynfræðslu og kynsjúkdóma.

Í febrúar komu námsráðgjafar VMA og MA, auk kynningarfulltrúa MA, og kynntu skólana fyrir nemendum 10. bekkjar og foreldrum. Boðið var upp á kaffi og gagnlegar samræður.



Hinir árlegu Stuttmyndadagar voru 6.-9. mars. Nemendur á unglingsstigi höfðu skrifað handrit sem var jafnframt hluti af íslenskunámi þeirra. Sjö handrit enduðu á hvíta tjaldinu. Nemendur í 10. bekk léku lykilhlutverk þessa daga við leikstjórn, upptökur og klippingar. Úrslitakvöld var um miðjan mars þar sem nemendur, og aðstandendur sáu afraksturinn. Kosið var um bestu leikara, handrit, tókumenn o.fl. Síðan var kaffihlaðborð sem 10. bekkur sá um.



Skólahreysti var haldin í Íþróttahöllinni 8. mars og fór Giljaskóli með sigur af hólmi eftir spennandi keppni við átta aðra skóla á Norðurlandi. Áhorfendur troðfylltu Höllina og mikil stemmning var á staðnum. Þar með var ljóst að Giljaskóli færi í úrslitakeppnina í apríl. Fulltrúar skólans voru Álfhildur úr 10. bekk, Sigfús og Snjólaug úr 9. bekk og Númi úr 8. bekk. Til vara voru Sandra úr 9. bekk og Arnar úr 8. bekk. 29. apríl fóru úrslit Skólahreysti fram í Reykjavík. Stuðningsmenn fylltu rútu sem flutti þá til að styðja sitt fólk. Giljaskóli lenti í 11. sæti af 12 mögulegum en 10. bekkur átti sinn fulltrúa í liðinu.

Árshátíð unglingsstigs var haldin 19. mars. Nemendur 10. bekkjar héldu ball fyrir unglinga grunnskóla á Akureyri. Kvöldið hófst á kvöldverði fyrir 10. bekk sem nemendur ásamt Öldu heimilisfræðikennara höfðu útbúið. Kennarar og stjórnendur þjónuðu til borðs. Síðar um kvöldið var Giljarinn afhentur. Sigurður Gunnarsson sá um að þeyta skífum fram eftir kvöldi.

Farið var fjallið í blíðskaparveðri seint í mars. Nemendum stóð til boða að fara á svigskíði, bretti eða gönguskíði þeim að kostnaðarlausu. Dagurinn var ánægjulegur og veðrið gott.

Um miðjan apríl komu þrír landsliðsmenn í handbolta, í heimsókn og spjölluðu við nemendur í 4. - 10. bekk, svöruðu spurningum nemenda og gáfu veggspjöld. Vel heppnuð heimsókn.

Í lok maí kom Sigursteinn Músson og bauð upp á fyrirlestur um andlega sjálfsvörn. Hann ræddi við nemendur 10. bekkjar um heilbriggt líf, svefn, mataræði, hreyfingu og streitu.

Giljaskólaleikar fóru fram í lok maí undir stjórn íþróttakennara. Nemendur á unglingsstigi kepptu sín á milli í ýmsum óhefðbundnum íþróttum. Í lokin fór fram hinn árlegi knattspyrnuleikur milli starfsmanna og útskriftarnema. Mikil gleði ríkti þennan dag.



Námráðgjafi bjó til kynningu fyrir nemendur 10. bekkjar í vor. Þeir fengu m.a. að kynna Rauða krossinum, veltibíl Sjóvá, starfsemi Landsbankans ásamt öðrum fróðleik.

Unglingsstigskenningar settu saman ratleik sem fór fram víðsvegar um Akureyri. Þrautirnar samanstóðu af efni úr Aðalnámskrá grunnskóla og sögu bæjarins hins vegar. Mikil og góð keppni varð hópa á milli og er það mál manna að endurtaka skuli leikinn að ári.

Umsjónarkennarar hafa reynt að hamra á jákvæðni og réttu hugarfari gagnvart námi og þegar á móti blæs. Nokkuð var unnið með Uppbyggingarstefnuna, ýmist í lífsleikni eða í bland við aðrar námsgreinar. Áhersla var lögð á þarfirnar, hlutverkin og bekkjarfundi.



Nemendur fengu talsverða þjálfun í framkomu. Í lífsleikni var haldin ræðukeppni. Í íslensku kynntu þeir skáldsögu og upplifanir tengdar lestri hennar. Umsjónarkennarar hafa minnkað vægi stórra prófa en þess í stað aukið vægi og fjölgað leiðum við símat.

Þá er reynt að auka fjölbreytni kennsluhátta og nú þegar kveppir að er nauðsynlegt að brjóta reglulega upp kennslumynstrið. Púsluspil, dægurlestur, tónlist, spil o.fl.

var oft dregið fram svo ekki sé minnst á samræður. Nokkrir nemendur komu með bakkelsi og buðu með sér. Við þau tækifæri skapaðist eins konar kaffihúsastemming með tilheyrandi léttleika.

Mikið gekk á bæði á innlendum og erlendum vettvangi þennan veturinn sem skapaði ýmis tækifæri í kennslu. Tvö eldgos á Suðurlandi urðu umtalsefni og gott uppgrip fyrir kennara. Stórkostlegar myndir á netinu og í dagblöðum voru nýttar í beina og óbeina kennslu.

Skólaferðalag og útskrift



Lagt var af stað í skólaferðalag 10. bekkjar að morgni 2. júní frá Giljaskóla og óhætt er að segja að eftirvænting hafi ríkt í hópnum. Ekið var í Skagafjörð í átt að Reykjum á Reykjaströnd. Þaðan var farið með bát á slóðir Grettis sterka í Drangey. Nemendur klifu Drangey og þótti það spennandi lífsreynsla. Eftir síðbúinn hádegisverð lá leiðin að Vindheimamelum þar sem hópurinn fór í litbolta. Deginum lauk með grilli, spjalli, sundi og heitum potti að Steinsstöðum. Krakkarnir sváfu nokkrir saman í herbergi og var glatt á

hjalla fram eftir kvöldi. Eftir staðgóðan morgunverð að Steinsstöðum 3. júní hélt dagskráin áfram. Farið var í klettsig í Hegrnesi og leirdúfuskotfimi á Reykjaströnd. Seinni partinn var flúðasigling á Vestari Jökulsá sem var frábær endir á útiveru og ævintýrum dagsins. Um kvöldið bar húsfrúin að Steinsstöðum fram veitingar. Seinna kvöldið var ekki minna fjör en hið fyrra. Eftir morgunverð 4. júní var pakkað í töskur, sest upp í rútu og haldið af stað h eim eftir skemmtilega ævintýraferð.

Útskrift 10. bekkinga fór fram þann 7. júní í Glerárkirkju Að útskrift lokinni var boðið upp á veitingar á sal Giljaskóla. Viðburðaríku skólaári er lokið. Við þökkum nemendum samveruna undanfarin ár og óskum þeim alls góðs

Sérdeild

Fjórir nemendur voru skráðir í sérdeild þetta skólaár, stúlka f. 2000, stúlka f. 1999, drengur f. 1994 og stúlka f. 1994. Einnig var drengur f. 1993 tengdur sérdeild og tók þátt í starfinu þar að hluta. Í október hóf drengur f. 2001 skólagöngu í sérdeild, fimm daga í mánuði. Hann kemur frá öðru sveitarfélagi til dvalar í Skammtímavistuninni Skólastíg og sækir því Giljaskóla.

Áframhald var á valfaginu Líkami og snyrting (samstarf þriggja skóla) og var áfram mikil ánægja með það bæði hjá foreldrum og



Í kartöflu-
garðinum



Í Lystigarðinum



nemendum. Þrír nemendur voru í hópnum í vetur, einn frá sérdeild Giljaskóla, einn frá Oddeyrarskóla og einn úr Síðuskóla. Vinabekkjadagurinn var haldinn í september og eyddi sérdeild deginum með 10.



og 5. bekk. Farið var í gönguferð frá Giljaskóla og upp í Lögmannshlíð. Kirkjan var skoðuð og veðurbliðu haustsins notið.

Hópastarfstímar í september og október voru nýttir í útivist, skógarferð niður við Glerá, ferð í kartöflugarð, ferð í Lystigarðinn og strætóferðir.



Heimsókn fyrsta bekkjar í sérdeild var í október samkvæmt venju og fengu börnin að skoða sig um í deildinni, prófa kennslugögn, svo var lagið tekið og TMT kynnt.

Þemadagar í 1. – 7. bekk og sérdeild voru í október. Þemað var stærðfræði og á verkstæðinu í sérdeild voru búin til spil og spilað saman. Tókst þetta afar vel og voru u.þ.b.15 börn að



vinna í sérdeildinni í senn.

Gaman á þemadögum

Sérdeildin tók á sig jólasvip eftir 1. desember. Reynt var að skapa rólegt andrúmsloft með notalegum upplifunum og stundaskrá breytt eftir þörfum. 4. bekkur (tengslabekkur) kom í heimsókn og skreytti með sérdeildarhópnum. Snorri Guðvarðarson kom í heimsókn með gítarinn sinn og var 1. bekk TB boðið að koma og syngja jólalögin með börnunum í sérdeild. Einnig var farið í vettvangsferð á Gerártorg og nemendur tóku líka þátt í jólasöngvum á svölum.

Á nýju ári hófst starfið með því að haldin var þrettándagleði þar sem sungið var og dansað.




Í jólaskapi og sungið af krafti

Tveir þroskaþjálfanemar voru í vettvangsnámi í sérdeildinni frá janúarlokum og út mars. Þeir tóku mikinn þátt í kennslustarfinu og lögðu fyrir skemmtileg verkefni í t.d. hópastarfi, málörvun og vinnuverkefnum. Kunnu nemendur þessum samstarfsmönnum okkar vel og starfsfólk var afar ánægt með veru þeirra í sérdeildinni.

Sérdeildarnemendur hafa notið tónleika og þeirra viðburða sem hafa verið í skólanum í vetur. Nemendurnir taka þátt í þessum viðburðum hver á sínum forsendum.

Á árs hátíð sýndu nemendur sérdeildar leikinn Fóu og Fóu feykirófu, upptöku frá árinu 2008. Þetta var ánægjulegur dagur og notaleg stund með foreldrum eftir sýningu. Nemendur sérdeildarinnar virtust líka njóta þess mjög að horfa á sýningar hjá öðrum nemendum.



Á töfrateppinu

Tveir nemendur sérdeildar skelltu sér í fjallið á útivistardegi 1. – 7. bekkjar og höfðu gaman af.

Í apríl hófst samstarf við Hæfingarstöðina í Skógarlundi. Tveir nemendur fóru þangað í heimsóknir og einnig komu starfsmenn þaðan í skólann.



Á vordögum var farið út í hópastarfstímum og reynt að nýta góða daga til útiveru og strætóferða. Tveggja daga ferð var farin fram á Botn þar sem nemendur og starfsmenn sérdeildar gistu eina nótt og skemmtu sér við leik og störf.

Töluvert var um heimsóknir til sérdeildar þetta skólaárið þar sem kennarar og starfsfólk frá öðrum skólum vildu fræðast um starfsemina og skoða kennslugögn. Meðal þeirra sem heimsóttu sérdeildina voru Borgarhólsskóli Húsavík, Lundarskóli i, Naustaskóli, Grunnskólinn á Hvammstanga og Félagsþjónustan Húsavík.



Á svölum apríldegi

Faggreinar

Heimilisfræði 1. - 8. bekkur og val

2. bekk var í hópastarfi á miðvikudögum. Þeim var skipt í fjóra hópa og einn hópur fór í heimilisfræði. Nemendur komu því fjórðu hverja viku.

Nemendur í 4. til 7. bekk mættu í verklega heimilisfræði tvo tíma á viku hálfan veturinn. Í vetur var bókleg heimilisfræði kennd samhliða verklegri.

Í vetur var nýtt fyrirkomulag í list- og verkgreinum hjá 8. bekk og gátu nemendur valið ýmist hálfan eða allan veturinn, misjafnt eftir námsgreinum. Í heimilisfræði var hægt að velja hálfan vetur og var einn hópur á haustönn og tveir á vorönn. Blandað var í hópum úr báðum bekkjum.

Þrír valhópar voru í vetur og voru þeir þrjár kennslustundir í senn og þá 2/3 af vetrinum, þá jafnast það út sem tveir tímar allan veturinn. Það fyrirkomulag gafst vel því þá var hægt að hafa verkefni sem tóku lengri tíma og eins gafst góður tími fyrir borðhald.

Allir hópar unnu með hlutverk nemenda og kennara í upphafi haust- og vorannar.

Í september fóru nemendur í 4.-6. bekk í lautarferð með prímus og hráefni í kakó og samlokur. Nemendur með aðstoð kennara hituðu kakó á prímus og smurðu brauð. Þetta tókst vel, veðrið lék við flesta hópa og kakóið var sérlega gott.

Nemendur úr 4.GH í kakóferð (Arnar, Bjarki og Aldís)

Í desember var hefðbundinn jólabakstur. 2., 4. og 5. bekkur bökuðu engiferkökur. 6.-8. bekkur bökuðu "subway" kökur. Valhópar bökuðu plötutertu ásamt nokkrum smákökutegundum. Allir hópar settu kökurnar í bauka og í síðasta tímanum fyrir jól var hitað kakó með smákökunum, kveikt á kertum, hlustað á jólalög og við höfðum það huggulegt.



Sævar, Sigtryggur og Gunnar í 8. bekk að steikja pönnukökur.



Sigurjón og Benedikt í 8. bekk



19. mars var árs hátíð unglíngastígs. Árs hátíðin hófst með kvöldverði nemenda í 10 bekk og því starfsfólki sem vinnur mest með þeim. Nemendur sáu um undirbúning sama dag og völdu sér verkefni, t.d. að baka,



Nemendur úr 4. GH í kakóferð (Arnar, Bjarki og Aldís)



skera og krydda kartöflur, gera sósur o.s.frv. Einnig sáu þeir um að skreyta og leggja á borð. Þjónar um kvöldið voru starfsfólkið sem borðaði með þeim. Þetta tókst vel og það var mjög gaman að fylgjast með þeim vinna í eldhúsinu þar sem allir lögðu sig fram. Upp úr hádegi var öllum undirbúningi lokið og ekkert eftir nema að fara í sparifötin og setja upp hárið.



2. bekkur að mæla í kakó

Matseðillinn var svo hljóðandi: Heimabakað snittubrauð, pesto og smjör. Kjúklingabringur, bakaðar kartöflur (hasselback), piparostasósa, salat og maískorn. Brownies, vanilluís, ávaxtasalat og marssósa Drykkir: vatn, Mix og Coke.



Skreiðin skoðuð

20. og 21. apríl fór 6. bekkur á Minjasafnið og Nonnahús. Þar fengu þau fræðslu um matarmenningu Íslendinga áður fyrr og hlustuðu á magnaðar draugasögur.

Í apríl og maí hafa nemendur í 2.-6 bekk farið í lautarferð með prímus og hráefni í kakó og samlokur. Nemendur með aðstoð kennara hituðu kakó á prímus og smurðu brauð. Þetta tókst vel, flestir heppnir með veður og kakóið smakkaðist vel.

Smíðar 3. - 8. bekkur

Hefðbundin skólabyrjun í smíðastofu en nú með aukinni áherslu á að gera mest úr sem minnstu.

Nemendur 8. bekkjar fengu að velja sig frá einni verkgrein og byrjuðu tveir hópar í smíðum, annar á föstudögum og hinn á mánudögum. Ákveðið var að leggja upp með krefjandi verkefni fyrir báða hópa. Hafist var handa við geirneglingu, sem er gömul samsetningaraðferð í smíðum. Tilraunin gekk vonum framar, með eðlilegum undantekningum. Settu nemendur saman skúffu og smíðuðu utan um hana lítinn skáp.

Verkefni smíðahópa voru annars að mestu leyti þau sömu og verið hefur, en leitast við að hafa þau ódýrari en ekki minna krefjandi og reynt að fjölga handtökum í hverjum hlut.

Ráðist var í umgengnisátak í smíðastofunni í október. Húsbúnaður fékk andlitslyftingu og kröfur um hegðun hertar verulega. Aðgerðirnar skiluðu árangri.

Þemadagar í október gengu vel fyrir sig og sjaldan hefur eins lítil streita fylgt þemadögum en þó var vinnusemi og vinnugleði í góðu lagi eins og venjulega. Desember leið hjá óvenju ljúflega og varð lítið vart við spennu vegna jólaanna.



Upp úr miðjum janúar voru annaskil hjá flestum hópum og byrjað aftur á sömu dagskrá og í haust, með smávægilegum undantekningum. Í lok febrúar birtust kennaranemar frá KÍ. sem voru í vettvangsnámi í smíðum. Slík heimsókn markar stór spor og var ákaflega gefandi fyrir leiðsagnarkennarann. Vettvangsnáminu lauk í byrjun mars eftir fjölbreytta og skemmtilega viðdvöl kennaranemanna.

Vorið er svo tekið í hefðbundin verklok og smáverkefni eftir hugmyndum nemenda þar sem tími hefur unnist til þess.

Myndmennt

Myndmennt er kennd í 4.-8.bekk og sem valgrein. Í vetur var einnig prófað að láta 1.bekk í myndmennt. Tveimur bekkjum var skipt í þrjá hópa og þau komu til skiptis á þriggja vikna fresti. Í þessari kennslu var leitast við að kynna fjölbreytt efni og vinnubrögð fyrir börnunum.

Í 4. bekk byrjar litافرæðikennsla. Nemendur gera litahring, læra litablöndun og ýmsan fróðleik um litina. Í ár fræddust nemendur m.a. um listamanninn Claude Monet, og gerðu vatnaliljumyndir í hans anda. Eftir það ýmis verkefni (málað í anda Monet).

Í 5. bekk rifjuðum við upp litافرæðina og útskýrð voru hugtök eins og hlutbundin og óhlutbundin mynd. Þau fræddust um Pablo Picasso og margt fleira.

6. bekkur fræddist um hönnun; vöruhönnun, fatahönnun og iðnhönnun. Einnig lærðu börnin um arkitektúr og gerðu verkefni þar að lútandi. Þá fræddust þau um mun á tvívídd og þrívídd og margt fleira. 6.bekkur tók þátt í sýningu í Glerártorgi. Þau gerðu leirfugla (fugl í hendi) .

7. bekkur prófaði að teikna með kolum, elsta teikniáhaldi sem við þekkjum. Nemendur fræddust um rými og fjarvídd og gerðu fjarvíddarteikningar. Þeir lærðu um listastefnur og gerðu mynd í súrrealískum stíl. Bekkjunum var kynjaskipt og gekk það nokkuð vel, hefði þó oft mátt vera meiri vinnufriður, spurning hvort það skrifast á kynjaskiptinguna.

8. bekkur. Hefðbundin verkefni hjá áttunda bekk eru; teikna grunnformin, skygging, módelteikning, sjálfsmynd, blönduð tækni, málun, fræðsla um listastefnur og listamenn, o.fl.

8. bekkur tók þátt í sýningunni í Glerártorgi og þau gerðu ýmislegt skemmtilegt; fugla úr pappír og gifsi, grímur úr gifsi og origami fugla.

Nú er komin hefð á það að fyrir stuttmyndadaga gerir valinn hópur verðlaunagripi og skreytingar fyrir sal og tókst það ljómandi vel eins og alltaf.

Textílmenn 5. – 8 . bekkur

Unnið var eftir markmiðum aðalnámskrár í þessum árgöngum. Reynt er að hafa verkefni fjölbreytt og áhugavekjandi. Nemendur vinna með ýmis vefjarefni, læra fjölbreyttar aðferðir og tækni við skreytingar o fl. Þeir gefa verkefnunum persónulegan stíl með því að velja liti og efni sjálfir. Í 5. bekk byrjuðu nemendur á að sauma lítið veski úr ullarfílti sem þeir skreyttu í prikkvélinni og saumuðu í með útsaum. Einnig lærðu þeir að fitja upp og þrjúna garðaprjón. Stelpurnar þrjúnuðu sér háband sem þær skreyttu með blómi úr ullarfílti. Í þessum árgangi var kynjaskipt í hópana og kom það mjög vel út.

Í 6. bekk byrjuðu nemendur á því að útbúa mynstur sem þeir síðan útfærðu og saumuðu með íslenskum krosssaum. Börnin lærðu lítillega um sögu hans og hvenær hann var mest notaður á



Íslandi. Síðan fengu þau að sauma húfur úr flísefni og lærðu að nota teygjusaum á saumavélinni. Að lokum völdu þau sér mynd í tölvunni sem þau yfirfærðu á léreft og máluðu með taulitum. Þessi mynd var notuð í púðaborð.

Í 7. bekk fá börnin að sauma sér náttbuxur. Byrjað er á því að rifja upp notkun saumavélarinnar. Síðan fá þau þjálfun í að taka mál og læra hvernig þau nota þær upplýsingar til þess að finna rétta stærð af sniði. Farið er í hugtök tengd sníðavinnu og fatasaum. Þegar nemendur hafa lokið við að sauma buxurnar skreyta þau með tauprykki. Í árgangnum var kynjaskipt og sem kom vel út. Árganginum var skipt í þrjá hópa og voru tveir strákahópar og einn stelpuhópur. Síðasti hópurinn, sem var strákahópur, fékk að gera sér armbönd úr gúmmí með smellum.

Í 8. bekk var í fyrsta skipti bekkjarval og þurftu nemendur að velja 4 kennslust. í list- og verkgreinum. Tveir hópar voru í bekkjarvali í handmennt. Annar var allan veturinn og hinn eftir áramót. Hópurinn fyrir áramót byrjaði á að gera bókarkápu úr ullarfilti sem skreytt var með. útsaum, þrykki og bútasaum. Hver útfærði sína hugmynd. Næst var þrjónaverkefni; húfa, vettlingar eða kragi. Við fórum í Rauða krossinn og fengum kynningu á verkefni þeirra sem felst í að senda ungubarnapakka til Hvíta Rússlands og Malawí. Við fengum notuð fót hjá þeim sem við síðan saumuðum úr húfur og buxur í ungubarnastærð. Loks fengu nemendur frjálsar hendur með verkefni. Í lokin áttu allir að sauma svuntur með útsaumum vasa. Hópurinn eftir áramót gerði bókarkápur, þrjónaði og saumaði svuntu.

Tónmennt

1. bekkur lærir *Söngvaseiðslög*. Þessi lög eru kennd samhliða fuglaefni um alla tóna tónstigans. Fléttað er saman solfakerfinu, þar sem hver tónn er tengdur við ákveðin fugl. Nemendur læra lögina og teikna myndir af fuglunum.

2. bekkur horfði á Sound of Music. Börnin eru búin að læra 3 lög úr söngleiknum og búið að fara í gegnum söguþráðinn með þeim. Þau höfðu gaman af myndinni og lifðu sig inn í söguna. Bekkirnir héldu svo lokatónleika með Síðuskóla og Glerárskóla í Gleráarkirkju í apríl.

Í nóvember kom Sinfóníuhljómsveit Norðurlands í sína árlegu heimsókn. Aðeins fjórir hljóðfærarleikarar úr strengjasveit komu að þessu sinni og fluttu nokkur stutt verk á sal.

Í nóvember var byrjað að syngja jólalög með öllum bekkjum, m.a. jólatexta við skólasönginn. Einnig lögð áhersla á að læra Aðventusönginn (Við kveikjum 1 kerti á...).

Dagur ísl. tungu haldinn á sal. Nemendur sungu skólasönginn. 2. bekkur æfði lag við texta Þórarins Eldjárn. Einnig æft lag með 5.RK. Söngurinn gekk vel en dagskráin full löng.

Sömuleiðis var samstarf við æfingar bekkja vegna söngatriða á Fullveldisdeginum 1. des.

1.-4. bekkur fóru í heimsókn í leikhúsið og sáu æfingu á jóllaleikriti. Nemendur höfðu mjög gaman af og fengu einnig að labba um sviðið og sjá sminkherbergið.

Stofnaður unglingakór til að syngja á árlegum Frostrósartónleikum sem voru í Höllinni. Kórinn söng á tvennum tónleikum. Draumurinn er að standsetja slíkan kór í framtíðinni.

Jólasöngur á göngum skólans fram að jólum, alls níu skipti. Helgileikur fluttur hjá 6. bekk. Vorum búin að æfa þessi lög vel. 2. bekkur spilaði á flauturnar. Góð aðventustemning í ár.



Litlu jólin haldin að þessu sinni þrískipt. Núna reyndum við að keyra þetta þéttar með fleiri nemendum. Það vantar hvort sem er býsna marga sem eru í fríi og því prófuðum við þetta svona í ár. Samstarf við skemmtilega hljómsveit skipaða af feðrum barna úr skólanum.

Tónmenntakennari kenndi mjög lítið vegna veikinda í upphafi árs. Sungum aðallega þorralög, farið vel yfir textann í Nú er frost á Fróni.

12.feb. fóru báðar hljómsveitir 9. og 10.bekkar til Húsavíkur og lærðu 4 ný lög. Gekk vel og nemendur skólanum til sóma. Fórum fyrir kl.13 og komum heim um kvöldmat.

Vilhjálmur Sigurðsson, trompetkennari, kom í heimsókn í 5. bekk og 3. VD og kynnti hópkenndu á blásturshljóðfæri. Nemendur tóku honum vel og um 20 nemendur sóttu um þetta nám og fóru í hoptíma hjá Villa.



5. og 6.bekkur horfði á *The phantom of the opera* við mikla kátínu. Atriði úr myndinni var svo flutt á árshátíð af 6. MBG.

7.bekkur horfði á Rocky Horror í tilefni uppfærslu Leikfélags Akureyrar á söngleiknum, sem síðan er búið að fresta fram á haust. Nemendur missáttir við myndina, sem er býsna gömul og fannst þeim margt vera hallærislegt.

Marimbavalsnemendur í 9. og 10. bekk fluttu 15 lög á sitt hvorum tónleikunum í mars í Giljaskóla. 2.bekkur hélt lokatónleika með Síðuskóla og Glerárskóla í Glerárkirkju í apríl.

Kennari var í hlutastarfi á seinni hluta meðgöngu og fór í fæðingarorlof áður en skólaárinu lauk en afleysingakennarar hlupu í skarðið.

Íþróttir

Skólaárið hófst með því að við notfærðum okkur góða veðrið og vorum í útiþróttum fram í lok september.

4. – 7. bekkur fékk kynningu á frjálsum íþróttum úti þar sem við nýttum okkur stórkostlega aðstöðu á Þórsvellinum.

Norræna skólahlaupið var hlaupið að vanda í frábæru veðri í september. Var þátttaka góð og margir hlupu 5 km. eða meira. Margir kennarar tóku þátt í hlaupinu í ár og stóðu sig vel.

Í febrúar fengum við blakkynningu fyrir 1. -7. bekk og var það Sigurður Arnar, formaður blakdeildarinnar, hvorki meira né minna, sem kom og sá um kynninguna. Krakkarnir sýndu mikinn áhuga og heppnaðist þetta mjög vel undir dyggri stjórn Adda. Blakmót fyrir 8. bekk milli grunnskóla Akureyrar var haldið í kjölfarið. Strákarnir lentu í 1. sæti og stelpurnar í 3. sæti. Giljaskóli var með flest lið á mótinu.

Í mars brugðum við skíðum, sleðum og snjópotum undir okkur í Hlíðarfjalli og renndum okkur part úr degi. Eitthvað þurfti nú veðrið að stríða okkur en allt gekk þetta samt vel og ánægjan skein úr hverju veðurbörðu andliti.



Vert er að taka fram að hingað til hafa 3. og 4. bekkur fengið skautakynningu í skautahöllinni undir stjórn íþróttakennara. Það er viðburður sem hefur komið vel út og verið mjög vinsæll meðal nemenda. Því miður var ekki boðið upp á skautana í ár en væri óskandi að því yrði komið á aftur og skautarnir hafðir inni framvegis, sem fastur liður í íþróttakennslunni.

Sund

Sú nýbreytni var höfð á þetta skólaárið að öll sundkennsla í yngstu bekkjunum (1. – 4.) fór fram í Glerárlaug. (Var áður í litlu innilauginni í Akureyrarlaug). Sundkennsla í 5. – 7. fór fram í Akureyrarlaug. Er það samdóma álit íþróttakennara í Giljaskóla að þessar breytingar hafi komið vel út og verið löngu tímabærar.





Viðauki

Umbótaáætlun Giljaskóla 2009 – 2010

Markmið	Vandi	Leiðir	Umsjón	Tími / Staða
Virkt upplýsingaflæði <ul style="list-style-type: none"> ákvarðanir og eftirfylgd 	Upplýsingaflæði er e-ð sem kvartað er yfir í öllum könnunum og þarf að bæta	Stýrimannakerfið – vikulegir fundir stjórn og stýrim og stýrim með ken um margvísleg mál	Stýrimenn og stjórnendur	2009-2010
<ul style="list-style-type: none"> virkt uppfærsla skólanámskrár 	Námskrá þarf að koma út að hausti með nýjungum og endurbótum	Stofna ritstjórn sem aðstoðar stjórnendur með ábendingum um úrbætur og úrvinnslu	Brynjar, stjórnendur	Vor 2009
<ul style="list-style-type: none"> betri skráning upplýs. um nem, fundi og ákvarðanir sem varða sértækan vanda 	Verið er að skrá á mörgum stöðum. Upplýsingar oft ekki nógu gagnsæjar, flæði ekki nógu gott og skráning ekki nógu markviss	Skráningarkerfi í „Skránni“ Stutt námskeið um Skrána fyrir kennara	JBH	Haust 2009
<ul style="list-style-type: none"> betri skráning upplýs. um námsferil nem, námsmat, samskipti og agamál 	Nýjungar í Mentor sem kennarar hafa misjafnlega á valdi sínu. Ken. skrá of seint og lítið	Stutt námskeið um Mentor fyrir kennara. Gera skriflegar verklýsingar sem tengjast reglulegum skráningum	Vala, stjórnendur	Haust 2009
<ul style="list-style-type: none"> virkt uppfærsla heimasíðu 	Uppfærslur gagna hafa skilað sér seint á heimasíðu	Stofna ritstjórn sem aðstoðar ritara með ábendingum um úrbætur	Bylgja, stjórnendur	Haust 2009
Námsmat <ul style="list-style-type: none"> gera námsmat skilvirkara og gegnsærra 	Námsmat of óljóst (tegund, tími og birting). Of mikið lokamat, of lítið leiðsagnarmat og sjálfsmat	Auka gegnsæi og skilvirkni, m.a. með nýtingu á möguleikum Mentors í verkefnabók, leiðsagnarmati og sjálfsmati	Vala og stýrimenn, kennarar	2009 - 2010
<ul style="list-style-type: none"> úrvinnsla samr. prófa 	Samræmd próf gefa vísbendingar sem lítið hafa verið nýttar	Nýta niðurstöður til að greina stöðu einstaklinga og vinna áætlanir fyrir þá	Vala, sérkennsluteymi og Þóra Rósa	2009 - 2010
<ul style="list-style-type: none"> niðurstaða læsisprófa í Byrjendalæsi 	Læsispróf gefa vísbendingar sem lítið hafa verið nýttar	Leita skýringa á niðurstöðum. Skoða samfellu prófanna	Sérkennsluteymi	2009 - 2010
Sérkennsla <ul style="list-style-type: none"> Efla sérkennslu 	Sérkennsla hefur verið ósamstæð, lítil samvinna og slök nýting mannafla og gagna	Stofna sérkennsluteymi og fá því ráðgjöf. Fara markvisst yfir alla þætti sérkennslumála, sbr. hugkort/áætlun/yfirlit	Sérkennsluteymi, stjórnendur, Þóra Rósa (ráðgjafi)	2009 -



Uppbygging <ul style="list-style-type: none"> • festa í sessi vinnubrögð Uppbygg. 	Misjöfn virkni við notkun aðferða Uppbyggingar með nemendum. Skortur á yfirsýn og aðhaldi	Reglulegir fundir stýrihóps til að móta áherslur og leiðir	Uppbyggingarnefnd	2009 – 2010
<ul style="list-style-type: none"> • auka öryggi stm við beitingu aðferða 	Kennarar kalla margir eftir betri þekkingu og þjálfun í sumum þáttum Uppbygg.	Stutt námskeið	Uppbyggingarnefnd	2009 – 2010
<ul style="list-style-type: none"> • lifandi umræða um vinnubrögð 	Nauðsynleg umræða um daglega beitingu og eftirfylgd með ákvörðunum	Stutt umfjöllun á stigsfundum og starfsmannafundum. Ýmsar ákvarðanir og samræming á stigsfundum.	Stýrimenn, stjórnendur	2009 – 2010
<ul style="list-style-type: none"> • bæta framkvæmd Uppb. með nem. 	Sumum finnst þeir ekki verða öruggir fyrr en þeir sjá framkvæmdina hjá öðrum	Þjóða ken að fara í tíma til Katrínar til að fylgjast með. Stutt samtal á eftir	Katrín, stjórnendur	2009 – 2010
Umgengni <ul style="list-style-type: none"> • draga úr hávaða á göngum 	Hávaði á göngum milli kennslustunda	Nemendum er fylgt í og úr sérgreinatímum. Gerður listi yfir staðsetningar og ferðir hópa til að bæta yfirsýn skólaliða	Kennarar á miðstigi (umsjón.k. og sérgrk), stjórnendur	Haustönn, mat á framkvæmd
<ul style="list-style-type: none"> • draga úr hávaða og hlaupum á göngum 	Hávaði og hlaup á göngum skapar álag og árekstrahættu	Skilrúm notuð til að brjóta upp svæðið, afmarka bása og draga úr hljóðmengun	JBH, Gummi	Haustönn
<ul style="list-style-type: none"> • draga verulega úr skemmdum í smíðastofu 	Talsverðar skemmdir hafa verið unnar á borðum, veggjum og verkfærum í smíðastofu	Viðhald aukið (málað, klætt á borð, gert v hefilbekki ofl). Bæta viðveruskrá og aðhald ken. Eftirlitsmyndavél notuð reglulega	Ingvar, Svanur, stjórnendur	2009 – 2010
<ul style="list-style-type: none"> • draga úr slæmri umgengni og skemmdum á göngum 	Stundum hafa verið unnar skemmdir á húsnæði eða eigum nemenda	Eftirlitsmyndavél notuð reglulega í forstofum og á göngum	Svanur, Gummi, stjórnendur	2009 – 2010
<ul style="list-style-type: none"> • bæta hegðun og umgengni í íþr. og sundi 	Hegðun og umgengni hefur stundum verið ábótavant í íþróttahúsum, sundlaugum og í rútum	Skilgreina hlutverk allra aðila. Fylgja málum eftir með skráningum og upplýsingagjöf milli starfsmanna allra viðk. stofnana	Stjórnendur og stýrimenn	2009 – 2010
Matsalur <ul style="list-style-type: none"> • ró í matsal 	Hávaði er stundum mikill í matsal. Mikill fjöldi skapar eril og álag.-	Ath að hnika til tímasetningum þar sem álag er mest. Hvetja nem og stm til átaks. Umsjk. fara yfir hlutverkin	ÞG – umsjónarkennarar - nemendaráð	2009 – 2010
<ul style="list-style-type: none"> • betra hráefni og meðferð þess, aukið úrval grænmetis 	Stundum er hráefni ekki nógu gott. Stundum er hráefni ofeldað eða lítið kryddað eða... Stundum er kvartað yfir ónógum mat	Mötuneytisteymi fer yfir það sem hefur farið úrskeiðis og betur má fara. Kvartanir skráðar og ræddar	Matráðar, JBH, ÞG, Ragna	2009 – 2010



Starfsmannahald <ul style="list-style-type: none"> bæta líðan starfsmanna efla starfsþróun kennara 	Sjaldan tími til skilvirkrar samræðu um starf hvers og eins	Stm. svara könnun fyrir og í starfsmannaviðtali	Stjórnendur	2009 – 2010
<ul style="list-style-type: none"> skýr verkaskipting stjórnenda og stýrimanna efla jafningjaráðgjöf Gleði í Giljaskóla 	Starfsfólk er ekki öruggt um verkaskiptingu stjórnenda Jafningjaráðgjöf er skipulögð innan 9,14/vinnuramma kennara. Skil ekki nógu góð	Auka og bæta skráningar Giljaskóla á starfsþróun ken. Auka samráð við ken. og fara fram á meiri sókn í símenntun (í stm.samtölum)	Stjórnendur Stjórnendur og stýrimenn	2009 – 2010 2009 – 2010
<ul style="list-style-type: none"> Kynning og tenging við skólanámskrá 	Starfsgleði er í hættu vegna niðurskurðar og rekstrarvanda	Skýra verksvið stjórnenda og stýrimanna og birta í skólanámskrá og á heimasíðu	Stjórnendur	2009 – 2010
Endurskoðun eineltisáætlunar	Foreldrum finnst ekki markvisst unnið að forvörnum og úrvinnslu eineltismála	Skipuleggja þör og ganga eftir skilum	Stjórnendur	2009 – 2010
Skilvirkara sjálfsmat <ul style="list-style-type: none"> Skiplag, yfirsýn 	Sjálfsmati hefur ekki verið safnað nógu skipulega saman til að leggja grunn að umbótaáætlunum. Starfsmenn, nemendur og foreldrar hafa ekki yfirsýn eða aðgang að upplýsingum um sjálfsmat	Sendu hugleiðingar, spakmæli, hvatningu, hrós. Hvetja alla til að velja jákvæða afstöðu. Vera með öflugt félagsstarf.	JBH, Uppbyggingarnefnd, Skemmtinefnd	2009 – 2010
<ul style="list-style-type: none"> Kynning og tenging við skólanámskrá 	Skólanámskrá er grundvöllur sjálfsmats. Skortir á stefnu um sjálfsmat og skýrari sjálfsmatsáætlun fyrir hvert ár	JBH hefur unnið drög. Aðgerðateymi fer yfir og kennarar og skólaráð fá umsagnarrétt	JBH – aðgerðateymi – kennarar - skólaráð	Drög liggja fyrir 2009 – 2010
Betri umbótaáætlanir	Umbótaáætlanir hafa ekki verið unnar nógu skipulega eða tengdar sjálfsmati nógu vel	Safna saman sjálfsmati, umbótaáætlunum og skráningum þeim tengdum í eitt hugkort með fullt af undirskjöllum og vinna skv. því. Geyma eintök af öllum könnunum og samantektum á einum stað. Setja betri upplýsingar á heimasíðu og í ársskýrslu	Stjórnendur	2009 – 2010
Bæta símenntunaráætlanir	Símenntunaráætlanir hafa stundum verið unnar og stundum ekki. Vantar að vinna þær bæði fyrir skóla og einstaklinga	Safna saman sjálfsmati, umbótaáætlunum og skráningum þeim tengdum í eitt hugkort með fullt af undirskjöllum. Tímasetja umbætur og vinna skv. áætlunum	Stjórnendur og stýrimenn	Vorönn 2010



Sjálfsmat Giljaskóla 2009 - 2010

Verkþættir	Hvernig?	Ábyrgð	Okt				Nóv				Des				Jan				Feb				Mar				Apr				Maí				Jún	
			1	2	3	4	1	2	3	4	1	2	3	4	1	2	3	4	1	2	3	4	1	2	3	4	1	2	3	4	1	2				
Foreldrasamstarf																																				
Skráning ken. í Mentor	Tölur úr Mentor	VS																																		
Viðhorf ken. - Form & tíðni for.viðtala	Könnun	JBH, ÞG	x																																	
Viðhorf allra for. alm.	Könnun sk.nefnd	JBH, ÞG																																		
Upplýsingaflæði	Umræður	JBH					x																													
Námsmat - þróunarverkefni																																				
Nýting Mentor, verk.bækur ofl.	Rýna í Mentor	VS																																		
Nýting Mentor, verk.bækur ofl.	Könnun	Stjórn													x																					
Nýjar aðferðir og fyrirkomulag	Könnun, Fundur	Stjórn													x																					
Umræða., skipulagning og mat	Stigsfundir	Stýrimenn																																		
Lestur, ritun, stærðfr.																																				
Niðurstöður læsisprófa í 1. og 2. b.	Skýrslur HA	TB, sérk.teymi									x																									
Samr pr í 4., 7. og 10. b.	Greining	Sér, stjórn					x																													
Notkun Numicon	Könnun	Stjórn.													x																					
Jafningjaráðgjöf																																				
Viðhorf ken.	Könnun	Stjórn.																																		
Nemendaviðtöl																																				
Viðtöl ken við nem	Viðtöl	Ken													x																					
Viðhorf ken.	Könnun	Stjórn.																																		
Viðhorf nem. í 5. 10. b. Til viðtala	Könnun	Stjórn.																																		
Samskipti nemenda																																				
Einelti - Viðhorf nem. 4. - 10. b.	Könnun	Stjórn.																																		
Uppbyggingarstefna																																				
Viðhorf starfsmanna	Viðtöl	Stjórn.																	x	x			x	x			x	x								
Viðhorf starfsmanna	Könnun	Stjórn.																																		
Viðhorf nem.hópa í 3.-7. bekk	Könnun	Stjórn.																																		
Viðhorf stýrihóps	Skýrsla	Stýrihópur									x																									



Verkþættir	Hvernig?	Ábyrgð	Okt				Nóv				Des				Jan				Feb				Mar				Apr				Maí				Jún	
			1	2	3	4	1	2	3	4	1	2	3	4	1	2	3	4	1	2	3	4	1	2	3	4	1	2	3	4	1	2				
Sérkennsla																																				
Viðhorf ken.	Stm.samtöl	Stjórn.									X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X														
Viðhorf sérken.	Fundur	JBH, ÞG									X																									
Viðhorf stuðn.ftr.	Fundur	JBH, ÞG									X																									
Umgengni á göngum																																				
Viðhorf kennara	Fundur	Stjórn og stýrim	X																										X							
Viðhorf skólaliða	Fundur	Stjórn.	X																								X	X	X							
Starfsmannasamtöl																																				
Viðhorf stm til Gil og viðfangsefna	Könnun	JBH, ÞG																											X							
Samantekt úr stm.samtölum	Skýrsla	Stjórn.																									X	X	X							
Samræmd próf																																				
Úrvinnsla - setja inn í samant.skjal	Greining	Stjórn og sérk.teymi					X																							X						
Ræða á sjálfsmatsfundum	Fundur	Stj og ken					X																							X						
Kennarar																																				
Mat á starfi Giljaskóla	Könnun	Fræ.stj.											X																X							
Mat á b.starfi, lesið og kennt	Skráning	Kenn.																											X							
Starfsandi, líðan, árangur	Könnun	Stjórn																										X								
Stýrimannakerfið	Könnun	Stjórn.																										X								